FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
240. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 12. OKTÓBER 2017



Þingmennirnir Pawel Bartoszek og Hanna Katrín Friðriksson ásamt ráðherrunum Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur og Þorsteini Víglundssyni á fundi hjá Viðreisn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Skipt um formann í von um betra gengi

**„Við munum berjast til síðasta blóðdropa," segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, nýr formaður Viðreisnar. Benedikt Jóhannesson kvað sína eigin hagsmuni þurfa að víkja og sagði af sér formennsku í flokknum í gær.**

**STJÓRNMÁL** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir er nýr formaður Viðreisnar eftir að Benedikt Jóhannesson sagði af sér embættinu.

Þorgerður Katrín segist binda vonir við að Viðreisn nái vopnum sínum með formannsskiptunum.

„Það eru rúmar tvær vikur eftir og við munum berjast til síðasta blóðdropa til að tryggja það að frjálslynd viðhorf fái talsmenn á þingi," segir Þorgerður Katrín. „Höfum það í huga að hér er formaður að segja af sér sem stofnaði Viðreisn og gerir þetta algjörlega upp á sitt einsdæmi."

Benedikt segir Viðreisn hafa afar góða málefnastöðu en ekki njóta fylgis í samræmi við það. „Því taldi ég rétt að við þær aðstæður myndi ég stíga til hliðar. Fá ef nokkurt verkefni hef ég unnið af meiri væntumþykju en ég verð að láta mína hagsmuni víkja."



Benedikt Jóhannesson, fyrrverandi formaður Viðreisnar

Baldur Þórhallsson stjórnmálafræðiprófessor segir veikleikamerki að Viðreisn skipti um formann á þessum tímapunkti. Þó sé styrkur að geta breytt um kúrs á stuttum tíma.

„Þetta sýnir, bæði þessi formannsskipti og stjórnarslit Bjartrar framtíðar í skjóli nætur, hvað nýir flokkar eru gjörólíkir þeim gömlu. Þeim skútum er erfitt að snúa og flokkarnir virðast eiga erfitt með að mæta kröfum samfélags og almennings um breyttar áherslur og breytt vinnubrögð. Nýju flokkarnir bregðast hraðar við og að því leyti er það styrkleikamerki."

Eiríkur Bergmann stjórnmálafræðiprófessor segir það stærstu tíðindi skoðanakannana undanfarið hversu frjálslyndir alþjóðasinnaðir flokkar eigi erfitt uppdráttar á meðan tveir íhaldssamir þjóðernissinnaðir flokkar séu á góðri leið með að ná inn á annan tug þingmanna í kosningunum. **– sa, jhh / sjá síðu 8**

## Vala Matt og græni penninn

**LÍFIÐ** „Þetta er einhver öryggistilfinning sem fylgir því að halda á pennanum," segir sjónvarpskonan Vala Matt sem lætur helst ekki sjá sig á sjónvarpsskjánum án þess að vera með grænan penna í hendinni. Vala á margar minningar um föður sinn með sams konar penna og heldur þess vegna upp á tegundina. **– gha / sjá síðu 46**



## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason skrifar um lýðræðisveizluspjöll. 17

**SPORT** Íslensku landsliðunum líður vel í Laugardalnum. 28

**MENNING** Eggert Þorleifsson er faðir í frönsku verðlaunaverki. 34

**LÍFIÐ** Hugleikur Dagsson gerir slæmum kvikmyndum hátt undir höfði. 48



**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
- FÓLK
- VETRARDEKK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Norðaustan 13-18 m/s norðvestan til, en annars mun hægari vindur. Dregur úr úrkomu og víða bjart sunnan til. Vaxandi norðaustanátt með rigningu sunnanlands um kvöldið. SJÁ SÍÐU 34



**Costco dælir út ódýrara eldsneyti en Dælan sækir á.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Andað ofan í hálsmál Costco

**NEYTENDUR** Verð á eldsneytislítranum hjá Costco hefur hækkað á undanförnum vikum en á sama tíma hefur nýr keppinautur sótt verulega á svo nú munar aðeins nokkrum krónum á lítranum. Nú er svo komið að aðeins munar 5,9 krónum á lítranum af 95 oktana bensíni hjá Dælunni og Costco og aðeins 4 krónum á dísillítranum.

N1 opnaði þrjár sjálfsafgreiðslustöðvar undir nafninu Dælan í lok maí í fyrra við Fellsmúla, Smáralind og Staldrið. Þar hefur lítraverðið verið lægra en hjá N1. Í gær kostaði bensínlítrinn 177,8 kr. hjá Dælunni en 171,9 hjá Costco. Dísillítrinn var á sama tíma á 167,9 kr. hjá Dælunni en 163,9 hjá Costco.

Þegar Costco hóf innreið sína á eldsneytismarkaðinn í sumar ætlaði allt um koll að keyra enda gat fyrirtækið boðið umtalsvert lægra verð en íslensku olíufélögin. Hefur þar munað ríflega 30 krónum á lítranum í mörgum tilfellum.

Þann 18. ágúst síðastliðinn kostaði bensínlítrinn í Costco 167,9 krónur og hefur því hækkað um 4 krónur síðan þá. Dísilolían hefur á sama tíma hækkað um 5 krónur.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er þetta minnsti munur á lítraverði sem verið hefur hjá íslensku olíufélagi og Costco frá því erlendi risinn opnaði stöð sína í maí síðastliðnum. Costco hefur því gefið eftir en innlendir keppinautar sótt á. Hvort tímabært sé að tala um verðstríð verður þó að koma í ljós. – **smj**

# Sláturgrísir í bílveltu



**Flutningabíll með 114 sláturgrísi um borð valt á vegamótum Þrengsla og Suðurlandsvegar í gær. Að sögn Péturs Péturssonar, slökkviliðsstjóra hjá Brunavörnum Árnessýslu, drápust 24 grísir. Þar af voru tíu til tólf aflífaðir vegna sára. Bíllinn var á tveimur hæðum en toppurinn fór af í veltunni og grísirnir á efri hæðinni köstuðust út. Aðgerðir á slysstað tóku fimm klukkustundir og þótti erfitt að reka grísina í nýja bíla.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Írakar handtaka háttsetta Kúrda

**ÍRAK** Dómstóll í Írak fyrirskipaði í gær handtökur embættismanna Kúrda sem skipulögðu kosningar um stofnun sjálfstæðs ríkis íraskra Kúrda í september. BBC segir um að ræða meðlimi kjörstjórnar.

Abdulstar Bayraqdar, talsmaður dómstólsins, sagði handtökurnar fyrirskipaðar vegna kæru þjóðaröryggisráðs Íraks sem segir kosningarnar hafa brotið í bága við íröksk lög. Því myndi viðeigandi aðgerðum verða beitt gegn viðkomandi.

Kosningarnar fóru fram í september í óþökk Haider al-Abadi, forsætisráðherra Íraks. Samþykktu 92 prósent kjósenda að lýsa yfir sjálfstæði.

Kúrdar eru fjórði stærsti þjóðflokkurinn í Mið-Austurlöndum. Þeir hafa aldrei náð að mynda sjálfstætt ríki. Í Írak eru Kúrdar um fimmtán til tuttugu prósent allra íbúa. Þar hafa þeir sætt kúgun en fengu þó sjálfsstjórnarréttindi 1991. – **þea**




# Íslenskir kotruspilarar ná Evrópumeistaratitli

Íslendingar eignuðust um helgina Evrópumeistara í kotru er þeir Ingi Tandri Traustason og Róbert Lagerman sigruðu í tvíkeppni. EM var haldið hér á landi 5. til 8. október. Kotra er ekki ósvipuð skák, segir Róbert, sem er skákmeistari.

**ÍÞRÓTTIR** Róbert Lagerman og Ingi Tandri Traustason urðu um helgina Evrópumeistarar í tvíkeppni í kotru en Evrópumeistaramótið var að þessu sinni haldið á Íslandi dagana 5.-8. október. Róbert segir kotruna í stórsókn og næstu skref vera að fjölga spilurum og breiða út fagnaðarerindið.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Róbert var hann enn í sigurvímu eftir að hafa unnið Evrópumeistaratitilinn í tvíkeppni. Í þeirri grein spila tveir og tveir saman á tveimur borðum.

Þessa helgi var einnig haldin landsliðakeppni þar sem spilað var samtímis á fjórum borðum en einnig einstaklingskeppni. „Þetta var sannkölluð kotruveisla hér á landi,“ segir Róbert.

Kotra er tiltölulega ný hér á landi sem íþróttagrein þrátt fyrir að fjöldi manna hafi spilað þetta í heimahúsum og á krám landsins.

Kotrusambandið var stofnað árið 2011 og síðan þá hefur kotran verið í framför og við eignast frambærilega spilara á evrópskan mælikvarða.

„Þetta er ekkert ósvipað skák,“ segir Róbert, sem einnig er FIDE-meistari í skák.

„Með mikilli æfingu og stúderingum með aðstoð kotruheila, sem virka eins og skáktölvur, verður þú betri og betri í þessum leik. Í þessu felst einnig mikill líkindareikningur og því byggist spilið að hluta til mikið á líkindareikningi.“

Róbert segir auðvitað að einhverju leyti heppni koma við sögu þegar þú kastar teningum í kotru. Hins vegar jafni það sig út. Á endanum sé það alltaf þannig að sá sem er bestur vinni leikinn. Til að lágmarka vægi heppninnar í teningaköstum eru oft spilaðir margir leikir. **sveinn@frettabladid.is**



**Frá leik Þjóðverja og Norðmanna á EM í kotru um helgina.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Hvað er kotra?

Kotra er leikur fyrir tvo og er leikin á borði með tuttugu og fjórum mjóum örvaroddum (reitum). Örvarnar 24 eru staðsettar á fjórum fjórðungum. Tveir fjórðungar eru heimasvæði hvers spilara og tveir fjórðungar eru svokallað útisvæði. Markmið leiksins er að færa alla leikmenn sína inn á heimasvæðið sitt og af borðinu. Sá vinnur sem fyrstur kemur öllum sínum leikmönnum út af borðinu.

> **Með mikilli æfingu og stúderingum með aðstoð kotruheila, sem virka eins og skáktölvur, verður þú betri og betri.**
>
> Róbert Lagerman, Evrópumeistari í kotru






***Kjósum Lilju** og **Sigurð Inga** til forystu!*

# Þýska skipafélagið svarar ekki frekar um fjársjóðsleitina í bili

**FJÁRSJÓÐSLEIT** „Án þess að það hafi áhrif á réttindi og aðgerðir Hapag-Lloyd AG með tilliti til eignarhaldsins á verðmætum í flakinu eða á skipinu viljum við ekki tjá okkur frekar um málið að svo stöddu," segir Nils Haupt, framkvæmdastjóri samskipta hjá þýska skipafélaginu Hapag-Lloyd AG sem telur sig eiga flutningaskipið Minden.

Eins og fram hefur komið bíður breska félagið Advanced Marine Services nú leyfis Umhverfisstofnunar hér á landi til að ná skáp með verðmætum málmum úr Minden.

Fréttablaðið greindi frá því fyrir viku að Hapag-Lloyd gerði í bréfi til Umhverfisstofnunar tilkall til Minden. Félagið gerði ekki athugasemd við útgáfu starfsleyfis til AMS.

Í síðustu viku sendi Fréttablaðið Hapag-Lloyd fyrirspurn um viðhorf fyrirtækisins til þeirrar fyrirætlunar AMS að færa skápinn umrædda til Bretlands og í vald stofnunarinnar UK Reciever of Wreck sem segja eigi til um hver sé réttmætur eigandi.

Einnig var spurt hvort Hapag-Lloyd vildi að farið væri með málið á annan hátt og hvort fyrirtækið hefði vitneskju eða einhverjar kenningar um innihald skápsins.

Sem fyrr segir vill Nils Haupt hjá Hapag-Lloyd ekki svara þessum spurningum á þessu stigi. Hins vegar staðfestir Haupt það sem fram kom í Fréttablaðinu fimmtudaginn 5. október.

„Við getum staðfest að Hapag-Lloyd AG skrifaði bréf til Umhverfisstofnunar Íslands og til AMS og lýsti áhuga sínum á flaki SS Minden og eign sinni á hverjum þeim verðmætum sem þar gætu endurheimst," segir í svari Haupts. **– gar**



**Áhöfn SS Minden sökkti skipinu 1939 til að forða því frá að falla í hendur Breta. SS Porta, sem myndin sýnir, var systurskip Minden.** MYND/WIKIPEDIA



**Donald Trump.** NORDICPHOTOS/AFP

## Vill svipta NBC leyfinu

**BANDARÍKIN** Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, spurði fylgjendur sína á samfélagsmiðlinum Twitter í gær á hvaða tímapunkti væri rétt að reyna að fá útsendingarleyfi NBC News fellt úr gildi.

Tístin komu í kjölfar fréttar NBC um að forsetinn vildi að Bandaríkin tífölduðu kjarnorkuvopnabúr sitt. „Falska NBC skáldaði frétt um að ég vildi tífölduna kjarnorkuvopnabúrs okkar. Algjör skáldskapur. Skáldaður til að gera lítið úr mér. NBC = CNN," tísti forsetinn sem jafnframt hefur haft horn í síðu fréttastofu CNN og ítrekað kallað fréttir hennar falskar.

Frétt NBC sem um ræðir er af fundi, sem haldinn var í varnarmálaráðuneytinu í júlí, og er byggð á frásögn önefndra heimildarmanna. **– þea**

### LEIÐRÉTTING

*Í Markaðnum í gær sagði að Hjörleifur Jakobsson og eiginkona hans væru orðin einir stærstu hluthafar Kviku eftir að hafa bætt við sig um fimm prósenta hlut í bankanum í gegnum safnreikning Virðingar. Það er ekki rétt. Er beðist velvirðingar á þeim mistökum. Þær upplýsingar byggðust á uppfærðum hluthafalista Kviku föstudaginn 6. október þar sem sagði að þau hjónin stæðu að baki 8,29 prósenta hlut safnreiknings Virðingar.*

# Krafa um dreifingu ferðamanna vegna þátttöku Íslands á HM

**Aukin landkynning í kjölfar góðs árangurs íslensku landsliðanna í knattspyrnu kallar á aðgerðir stjórnvalda til að dreifa ferðamönnum betur um landið. Ráðherra ferðamála segir vinnu í fullum gangi. Framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar segir mikilvægt að tryggja heilsársferðaþjónustu um allt land.**



**Landkynning Íslands vegna afreka Gylfa Sigurðssonar og félaga mun fjölga ferðafólki á Íslandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**FERÐAÞJÓNUSTA** Góður árangur íslensku landsliðanna í knattspyrnu mun hafa þau áhrif að ferðamönnum fjölgi áfram hér á landi þó hlutfallsleg fjölgun verði ekki sú sama og síðustu ár. Mikilvægt er að tryggja innviði og samgöngur til að dreifa ferðamönnum sem víðast að mati Helgu Árnadóttur, framkvæmdastjóra Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF).

Umfjöllun um það afrek íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu, að hafa tryggt sér keppnisrétt á lokakeppni HM í Rússlandi næsta sumar var að finna úti um allan heim. Þar fer jákvæð landkynning sem bætist við þá kynningu sem áfangastaðurinn Ísland hefur fengið síðustu misseri.

Gistinóttum á Norður- og Austurlandi fækkaði í ágústmánuði samanborið við ágústmánuð í fyrra og vísbendingar eru um að ferðamenn fari styttri ferðir út úr höfuðborginni en áður. Þannig nýtast illa þær fjárfestingar í ferðaþjónustu sem fjærst eru suðvesturhorni landsins.

„Eftir Evrópumótið í fyrra sáum við mikla aukningu í ferðaleitarfyrirspurnum, sérstaklega frá markaðssvæðum í Evrópu. Núna eru strákarnir okkar á leið á HM þar sem sviðið er enn stærra sem þeir munu án efa nýta sér til fulls og við njóta góðs af," segir Helga.

Hún telur ferðaþjónustuna hafa fjárfest fyrir um 180 milljarða árin 2015 og 2016. „Því miður er ekki hægt að segja það sama um stjórnvöld," segir Helga. „Til að tryggja heilsársferðaþjónustu á Íslandi um allt land verður meðal annars að stórbæta samgöngur enda eru þær lífæð ferðaþjónustunnar og samfélagsins alls. Öruggar og tryggar samgöngur eru undirstaða hagsældar okkar allra."



**Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar**



**Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamálaráðherra**

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra ferðamála, segir mikilvægt að dreifa ferðamönnum sem víðast svo allir landsmenn njóti góðs af ferðaþjónustu allt árið. „Við erum að vinna í því að auka millilandaflug um Akureyri og Egilsstaði en það verður að gerast á markaðslegum forsendum. Vinna er í fullum gangi við að dreifa ferðamönnum og fjölga seglum úti um allt land," segir Þórdís Kolbrún. **sveinn@frettabladid.is**


EKKI BARA JEPPI. ALFA ROMEO.



SÝNING LAUGARDAGINN 14. OKTÓBER OPIÐ FRÁ 12 - 16

ALFA ROMEO **STELVIO**

La meccanica delle emozioni

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

**Skip- og vélstjórar á hvala- og útsýnisskipum**

# ATHUGIÐ!

**Félag skipstjórnarmanna** og **VM – Félag vélstjóra og málmtæknimanna** undirbúa aðgerðir til að knýja fram þá kröfu félaganna að gerður verði kjarasamningur um störf skipstjóra og vélstjóra á hvala- og útsýnisskipum.

Til að fyrirhugaðar aðgerðir verði sem árangursríkastar hvetjum við alla sem starfa við skip- og vélstjórn á þessum skipum að athuga hvort félagsaðild þeirra sé ekki rétt skráð. Þ.e. hvort þeir eru í **Félagi skipstjórnarmanna** eða **VM – Félagi vélstjóra og málmtæknimanna**, en það eru þau fagfélög sem semja um kjör skipstjórnarmanna og vélastjóra.

Að afloknum 11 samningafundum undir stjórn Ríkissáttasemjara liggur það ljóst fyrir að Samtök atvinnulífsins, neita að semja við fagfélög þessara stétta nema á eigin forsendum.

Félag skipstjórnarmanna

VM-Félag vélstjóra og málmtæknimanna



Faðir syrgir dóttur sem fórst á flótta. NORDICPHOTOS/AFP

# Erindreki SÞ kallaður frá Mjanmar

**MJANMAR** Æðsti erindreki Sameinuðu þjóðanna í Asíuríkinu Mjanmar hefur verið kallaður heim. Um þetta tilkynntu Sameinuðu þjóðirnar í gær.

Erindrekinn sem um ræðir, Renata Lok-Dessallien, var miðpunktur rannsóknar BBC í síðasta mánuði þar sem hún var sögð kæfa umræður innan Sameinuðu þjóðanna um stöðu þjóðflokks Rohingja í Mjanmar.

Jafnframt leiddi rannsóknin í ljós að hún hefði reynt að koma í veg fyrir að starfsmenn mannréttindabaráttusamtaka heimsæktu ákveðin svæði í Mjanmar.

Rúmlega hálf milljón Rohingja hefur flúið til Bangladess frá því í ágúst. Mannréttindastjóri Sameinuðu þjóðanna segir Rohingja sæta ofsóknum í heimalandinu. Herinn í Mjanmar ráðist á þá, taki þá af lífi án dóms og laga og brenni bæi þeirra til grunna.

Í frétt BBC af ákvörðun SÞ kemur fram að heimildarmenn í höfuðborginni Yangon fullyrði að ákvörðunin byggist á því að Lok-Dessallien hafi ekki haft mannúðarsjónarmið í forgrunni í starfi sínu.

Stóll erindrekans hefur verið heitur undanfarna mánuði en fyrir tveimur vikum sagði í tilkynningu frá framkvæmdastjóra SÞ að Lok-Dessallien nyti fulls trausts. **– þea**

# Tuga prósenta verðmunur á vetrardekkjum og umfelgun

**Fréttablaðið kannaði verðið á umfelgun og ódýrustu tegund vetrardekkja hjá tíu fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu. Munar 90 prósentum á hæsta og lægsta verðinu á umfelgun og 120 prósentum á dekkjum. Umfelgun er innifalin í verði dekkja hjá Costco en mánaðarbið er eftir því að fá þau sett undir bílinn.**



Vetrarösin á dekkjaverkstæðum fer að bresta á en töluverðu getur munað á verði fyrir dekkjaskiptin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**NEYTENDUR** Það munar 90 prósentum á hæsta og lægsta verðinu á umfelgun fyrir dæmigerðan fólksbíl og allt að 120 prósentum á verði vetrardekkja. Þetta leiddi verðathugun Fréttablaðsins hjá tíu dekkjaverkstæðum á höfuðborgarsvæðinu í ljós. Nú þegar næturfrost er víða farið að að láta á sér kræla eru margir farnir að huga að því að setja vetrardekkin undir.

Fréttablaðið byggði verðathugun sína á forsendum könnunar FÍB frá því fyrir ári. Miðað er við meðalfólksbíl á álfelgum með hjóla- og dekkjastærð 205/55 R16, sem FÍB segir eina algengustu stærðina undir fólksbílum hér á landi. Valin voru 9 fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu úr umfelgunarverðkönnun ASÍ frá því í apríl síðastliðnum, en verð kannað hjá Costco að auki sem ekki hafði opnað þegar ASÍ gerði sína athugun. Mörg fyrirtæki brugðust við komu Costco á dekkjasölumarkað með verðlækkunum fyrr á þessu ári.

Hafa ber í huga að ekki var lagt mat á gæði þjónustu né tegund dekkja. Aðeins var kannað verðlistaverð á því að skipta um fjögur dekk á þessum meðalbíl og síðan óskað eftir verðinu á ódýrustu tegund ónegldra vetrardekkja af áðurnefndri stærð á hverjum stað fyrir sig.

Ódýrast var að láta skipta um dekk hjá fyrirtækinu Titancar á Smiðjuvegi í Kópavogi, eða 5.000 krónur sem var einnig lægsta verðið í verðkönnun ASÍ í apríl. Næstódýrastir voru Dekkverk á Nýbýlavegi í Kópavogi, með 6.400 krónur.

Dýrast er að láta N1 skipta um dekkin eða 9.493 krónur. Þar var bent á að N1 korthafar fengju þó afslátt af því verði. Næstdýrastir eru Max 1, þar sem umfelgunin kostar 9.200 krónur.

Hjá Costco er ekki hægt að kaupa bara umfelgun, en hún er innifalin í verði dekkjaumgangsins. Það þarf því að kaupa dekkin þar til að fá fría umfelgun. Þar fengust sömuleiðis þær upplýsingar í gærmorgun að mánaðarbið væri eftir dekkjaskiptum þar.

Ódýrasta umganginn af 16 tommu 205/55 ónegldum vetrardekkjum var að fá í Dekkverki þar sem fá má fjögur Goodride-vetrardekk á alls 32 þúsund krónur. Með umfelgun gera það 38.400 krónur sem reyndist lægsta heildarverðið í verðkönnuninni.

Umbeðin dekkjastærð í Costco reyndist nokkuð dýr þar samanborið við ódýrustu tegund annars staðar og kostaði umgangurinn af Michelin-vetrardekkjum þar rúmar 70 þúsund krónur. Af þeim sökum var hæsta heildarverðið í Costco, þrátt fyrir að umfelgun væri innifalin.

Af þessari könnun má ráða að það borgi sig sem fyrr fyrir neytendur að gera verðsamanburð áður en haldið er af stað í dekkjaskipti fyrir veturinn. Vert er þó að hafa í huga að dekk eru eitt mikilvægasta öryggistæki allra bifreiða og ekki mælt með að einblína á verðið þegar leggja á út fyrir þeim. **mikael@frettabladid.is**

## Þetta kostar umfelgun og ódýrustu vetrardekkin

| | Umfelgun | Vetrardekk tegund | Ódýrustu dekkin (4) | Heildarverð (umfelgun og dekk) |
|---|---|---|---|---|
| Titancar | 5.000 kr. | Iceblazer | 49.600 kr. | 54.600 kr. |
| Dekkverk | 6.400 kr. | Goodride | 32.000 kr. | 38.400 kr. |
| Bílkó | 6.460 kr. | Sailon Blazer | 49.600 kr. | 56.060 kr. |
| Vaka | 7.581 kr. | Rovelo | 34.400 kr. | 51.981 kr. |
| Hjólb.verkst. Sigurjóns | 7.650 kr. | Fulda | 46.000 kr. | 53.650 kr. |
| Nesdekk | 7.890 kr. | Interstate | 40.000 kr. | 47.890 kr. |
| Sólning | 7.900 kr. | Torque | 35.992 kr. | 43.892 kr. |
| Max1 | 9.200 kr. | Nokian | 51.960 kr. | 61.160 kr. |
| N1 | 9.493 kr. | Westlake | 37.960 kr. | 47.453 kr. |
| Costco | Frítt með dekkjum | Michelin | 70.396 kr. | 70.396 kr. |
| Mesti munur kr. | 4.493 kr. | | 38.396 kr | 31.996 kr. |
| Mesti munur % | 90% | | 120% | 83% |






# Eignast meirihluta í Fiskeldi Austfjarða

**VIÐSKIPTI** Norska fiskeldisfyrirtækið NTS ASA hyggst festa kaup á 45,2 prósenta hlut í Fiskeldi Austfjarða, sem stundar fiskeldi í Berufirði og Fáskrúðsfirði. Seljandi er annað norskt fyrirtæki, MNH Holding.

NTS á nú þegar 16,9 prósenta hlut í íslenska fiskeldisfyrirtækinu í gegnum dótturfélag sitt, Midt-Norsk Havbruk, og mun því eiga ráðandi 62,1 prósents hlut eftir að kaupin ganga í gegn síðar á árinu.

Kaupverðið mun ráðast af þeim leyfum sem Fiskeldi Austfjarða fær til laxaframleiðslu.

NTS greiðir að lágmarki 73,5 milljónir norskra króna, sem jafngildir um 965 milljónum íslenskra króna, fyrir hlutabréfin, en ef Fiskeldi Austfjarða fær leyfi til aukinnar framleiðslu á næstu tíu árum gæti kaupverðið hækkað í allt að 294 milljónir norskra króna eða sem nemur 3,9 milljörðum íslenskra króna.

Fiskeldi Austfjarða hefur nú leyfi til þess að slátra 11 þúsund tonnum á ári í Berufirði og Fáskrúðsfirði, en fyrirtækið áætlar að auka árlega slátrun úr fiskeldinu í 21 þúsund tonn. Gera langtímaáætlanir fyrirtækisins ráð fyrir allt að 54 þúsund tonna framleiðslu.

Fram kom í skýrslu starfshóps um stefnumótun í fiskeldi, sem skilaði Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur sjávarútvegsráðherra skýrslu í ágústmánuði, að nær öll erlend fjárfesting í íslensku laxeldi kæmi frá norskum fiskeldisfyrirtækjum.

Ljóst væri að erlendir fjárfestar hefðu fjármagnað uppbyggingu sjókvíaeldis þegar innlent fjármagn til slíkra fjárfestinga var ekki í boði.

„Jafnframt hafa erlendir fjárfestar miðlað af reynslu sinni og þekkingu og nýtt viðskiptasambönd sín í rekstri fiskeldis hér á landi. Engum vafa er undirorpið að uppbygging íslensks fiskeldis undanfarin ár byggist á þessari þátttöku erlendra fjárfesta. Þessi uppbygging fiskeldisins hefur ekki aðeins skilað beinum fjárfestingum til landsins heldur einnig leitt af sér óbein áhrif í formi afleiddra starfa sem tengjast fiskeldi,“ sagði í skýrslunni. **– kij**



Fiskeldi Austfjarða er með eldi í Berufirði og Fáskrúðsfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**965**

milljónir króna að lágmarki eru greiddar fyrir 45,2 prósenta hlut í FA.

**62,1%**

hlutafjár í Fiskeldi Austfjarða verður síðar á árinu komið í hendur norska fyrirtækisins NTS ASA.

# AMERÍSKIR DAGAR

## 12.-22. OKTÓBER

## ATLANTA CHEESECAKE

Hágæða ostakökur beint frá USA.
Kíktu á úrvalið!

TILBOÐ
**20%**
afsláttur á kassa





BEINT FRÁ USA




**Twinkies**
Ameríka í tveimur bitum.

BEINT FRÁ USA




**Aunt Bessie´s**
Laukhringir og sætar kartöflur ekta amerískt.

BEINT FRÁ USA




**Scratch & Grain**
Kökumixin úr Shark Tank!

BEINT FRÁ USA




**Oreo stóóórir pakkar**
Fjölmargar tegundir.

BEINT FRÁ USA




**Eggo vöfflur**
Eins og úr annari vídd.

BEINT FRÁ USA




**Cedar´s hummus**
Gómsætur og bráðhollur hágæða hummus.

BEINT FRÁ USA




**Green Mountain Gringo**
Tortilla strips og salsa.
Náttúruleg og sérvalin hráefni.




**Jimmy´s Nachos**
Með tveimur tegundum af sósum salsa og osta!

Gildir til 22. október á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



**Eldar í Kaliforníu.** NORDICPHOTOS/AFP

## Sautján látnir í skógareldum

**BANDARÍKIN** Að minnsta kosti 150 er saknað og sautján hafa látist í skógareldum í norðurhluta Kaliforníu. Eldarnir kviknuðu á sunnudag en lögregla greindi frá tölunum í gær.

Að minnsta kosti 2.000 byggingar hafa eyðilagst. BBC segir að í Santa Rosa, norður af San Francisco, hafi heil hverfi brunnið til grunna.

„Það eru hundruð eða þúsundir ekra þarna úti sem við höfum ekki haft tækifæri á að leggja mat á,“ sagði slökkviliðsstjórinn Ken Pimlott við BBC. – **þea**

## 130 tonn seld út

**LANDBÚNAÐUR** 132 tonn af lambakjöti voru flutt út í ágúst fyrir um 60 milljónir króna. Kílóverðið var því um 450 krónur.

Sláturtíð er nú í algleymingi og nýtt kjöt komið í birgðageymslur sláturhúsa og afurðastöðva. Kjötið í ágúst er úr síðustu sláturtíð.

23 tonn af lambaskrokkum voru seld út fyrir um 515 krónur á kílóið. Um 30 tonn voru seld af lambabógum á 385 krónur kílóið. – **sa**

# Afskrifuðu Fáfni Viking sem kostaði rúman milljarð króna

**Fáfnir Offshore hefur fært niður fjárfestingu í olíuþjónustuskipinu Fáfni Viking. Norsk skipasmíðastöð yfirtók hálfkarað skipið eftir að samningi um smíði þess var rift í ársbyrjun. Fáfnir tapaði 244 milljónum króna í fyrra. Eina skip félagsins, Polarsyssel, er í útleigu á Svalbarða og skilar 600 milljónum í tekjur á ári.**

**VIÐSKIPTI** Stjórn Fáfnis Offshore hefur afskrifað 1.134 milljóna króna fjárfestingu í hálfkaraða olíuþjónustuskipinu Fáfni Viking sem aldrei verður afhent. Fyrirtækið, sem er að stórum hluta í eigu íslenskra lífeyrissjóða, var rekið með 244 milljóna króna tapi í fyrra en tekjur þess jukust um 27 prósent milli ára og námu 626 milljónum.

Norska skipasmíðastöðin Havyard AS rifti í ársbyrjun samningi frá mars 2014 við Fáfni Offshore, sem rekur sérútbúna olíuþjónustuskipið Polarsyssel, um smíði Fáfnis Viking sem var þá metið á um fimm milljarða króna. Afhendingu þess hafði þá verið seinkað tvívegis sökum verkefnaskorts hjá íslenska fyrirtækinu sem rekja mátti til mikillar lækkunar olíuverðs. Smíði skipsins var síðar færð í dótturfélag Fáfnis Offshore, einkahlutafélagið Polar Maritime, að kröfu sýslumannsembættisins á Svalbarða sem hefur leigt Polarsyssel í níu mánuði á ári og þannig skapað eina verkefni Fáfnis.

Samkvæmt nýjum ársreikningi fyrirtækisins fyrir 2016, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, greiddi Fáfnir jafnvirði 169 milljóna króna til Havyard þegar afhendingu skipsins var frestað í annað sinn og smíðin færð í dótturfélagið. Þar heitir skipið ekki lengur Fáfnir Viking heldur Hull 126 eða Skipsskrokkur 126. Hafði fyrirtækið áður greitt Havyard 965 milljónir króna. Norska skipasmíðastöðin yfirtók Fáfni Viking þegar samningnum var rift 2. janúar síðastliðinn.

Polarsyssel var í árslok 2016 metið á 278 milljónir norskra króna eða 3,7 milljarða króna. Það hefur fallið í virði um 64 milljónir norskra króna í bókum Fáfnis á tveimur árum eða um 850 milljónir króna.

Fáfnir Offshore var stofnað 2012 af Steingrími Erlingssyni, fyrrverandi forstjóra félagsins. Framtakssjóðurinn Akur, sem er í eigu þrettán lífeyrissjóða, Íslandsbanka og VÍS, er stærsti eigandi félagsins með 35 prósent. Þar á eftir kemur annar framtakssjóður, Horn II, í eigu lífeyrissjóða, fjármálafyrirtækja og fagfjárfesta, með 24,3 prósent. Sjávarsýn, fjárfestingarfélag Bjarna Ármannssonar, fyrrverandi forstjóra Glitnis, á 11,5 prósent.

Félagið Haldleysi, sem hét áður Fáfnir Holding og var í eigu Steingríms, er skráð fyrir 10,5 prósentum en félagið var tekið til gjaldþrotaskipta í ágúst. Fréttablaðið greindi í júní síðastliðnum frá því að Steingrímur hefur stefnt Fáfni Offshore. Krefst hann þess að fá greiddan sex mánaða uppsagnarfrest og orlof en honum var sagt upp störfum í desember 2015. Aðalmeðferð í málinu mun hefjast 1. desember næstkomandi. Stjórnendur Fáfnis telja hann ekki hafa staðið við skyldur sínar á uppsagnarfresti og hafa gert gagnkröfu. **haraldur@frettabladid.is**



**Polarsyssel var afhent Fáfni Offshore í mars 2014.** MYND/FÁFNIR OFFSHORE

**1.134**

**milljóna króna fjárfesting Fáfnis Offshore hefur verið afskrifuð.**







ALLGRIP

4WD All-grip skapar akstursеiginleika í sérflokki.

FLUTT MEÐ EIMSKIP

SUZUKI

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

## Alþingiskosningar 2017




### Skipting þingsæta







# Stefnir í miklar breytingar á Alþingi

**Niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar benda til að Alþingi verði allt öðruvísi mannað eftir kosningar en núna. Prófessor í stjórnmálafræði segir tvo alþjóðasinnaða flokka fara burt en við taka fremur íhaldssamir flokkar. Stjórnarmyndun gæti orðið feikilega flókin.**

„Mér finnst stærstu tíðindin vera að það staðfestist hér áfram að tveir frjálslyndir alþjóðasinnaðir flokkar á miðjunni eru á kveðja. En í staðinn koma tveir flokkar sem teljast frekar svona á hinum íhaldssama, þjóðernissinnaða væng. Það er Flokkur fólksins og Miðflokkurinn,“ segir Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði, um niðurstöður nýjustu skoðanakönnunar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis.

Eiríkur Bergmann bendir á að ef niðurstaðan gengur eftir þá verði feikileg breyting á flokkakerfinu í landinu og þeirri flóru flokka sem er á Alþingi.

Samkvæmt niðurstöðunum myndi þingmönnum VG fjölga úr 10 í 21, eða um 11. Þingmönnum Sjálfstæðisflokksins myndi fækka um fimm, þingmönnum Pírata myndi fækka um fjóra. Þá myndi þingmönnum Framsóknarflokksins fækka um þrjá og þingmönnum Samfylkingarinnar myndi fjölga um tvo.

„Ég myndi segja að stjórnarmyndun væri feikiflókin í kjölfarið á þessu. Ekki síður en í fyrra,“ segir Eiríkur Bergmann. Augljósast væri að VG myndu reyna fyrst og myndu þá reyna stjórn með Samfylkingunni og Pírötum og hugsanlega Framsóknarflokki.

„Þó ég myndi nú halda að miðað við þessa miklu flóru flokka inni á Alþingi, gangi þessi könnun eftir, að þá hljóti menn að fara að skoða kosti minnihlutastjórna,“ segir Eiríkur.

„Hinum megin hryggjar yrði myndun stjórnar, held ég, svolítið flóknari þó að hún sé alls ekkert útilokuð heldur. Þrautalendingin gæti svo orðið samstjórn stóru flokkanna tveggja, Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokks,“ segir Eiríkur. Slík stjórn hlyti þó að verða algjört neyðarúrræði.

„Það yrði ekki stjórn um miklar breytingar heldur bara um að halda í horfinu og rænir menn valkostinum um að geta skipt um stjórnarstefnu þegar hið leiðandi afl hvorum megin hryggjar starfar saman í ríkisstjórn,“ segir Eiríkur. jonhakon@frettabladid.is

### Tveir turnar í nýrri skoðanakönnun MMR

MMR kannaði líka fylgi flokka dagana 6. til 11. október og birti niðurstöðurnar í gær. Samkvæmt þeim niðurstöðum er VG með 24,8 prósenta fylgi, Sjálfstæðisflokkurinn með 23,5 prósent, Samfylkingin með 13 prósent og Miðflokkurinn með 10,7 prósent. Þá mælast Píratar með 10,5 prósent, Flokkur fólksins með 7,4 prósent og Framsóknarflokkurinn með 5,9 prósent. Björt framtíð mælist með 4,2 prósenta fylgi og Viðreisn með 3,6 prósent. Könnun MMR er framkvæmd á netinu og í úrtaki eru einstaklingar 18 ára og eldri, valdir handahófskennt úr hópi álitsgjafa MMR. 966 svöruðu spurningunni.

> Hinum megin hryggjar yrði myndun stjórnar, held ég, svolítið flóknari þó að hún sé alls ekkert útilokuð heldur.
>
> Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði



### Aðferðafræðin

Hringt var í 1.322 manns þar til náðist í 804 samkvæmt lagskiptu úrtaki 10. október. Svarhlutfallið var 61,5 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til þingkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn, eða einhvern annan flokk? Það er gert í samræmi við aðferðafræði sem þróuð var á Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Alls tóku 66 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.






**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L










**Mariano Rajoy forsætisráðherra var harðorður í garð aðskilnaðarsinna.** NORDICPHOTOS/AFP

# Hótar aðgerðum og biður um skýrmælgi

**Ríkisstjórn Spánar hótar enn á ný að svipta Katalóníu sjálfsstjórnarréttindum. Forsætisráðherrann biður forseta Katalóníu um að útskýra áform sín um sjálfstæðisyfirlýsingu héraðsins. Leiðtogi stjórnarandstöðunnar er sammála Rajoy.**

**SPÁNN** Ef Katalónía lætur ekki af óljósum áformum um sjálfstæðisyfirlýsingu mun spænska ríkisstjórnin grípa til aðgerða og byrja á því að svipta héraðið sjálfsstjórnarréttindum. Þetta sagði Mariano Rajoy, forsætisráðherra Spánar, í gær.

Vafi leikur á um hvort Katalónar hafi eða hafi ekki lýst yfir sjálfstæði á þriðjudag. Carles Puigdemont, forseti héraðsstjórnar Katalóníu, skrifaði vissulega undir yfirlýsingu þess efnis en gildistöku yfirlýsingarinnar var frestað í því skyni að freista þess að komast að samkomulagi við Rajoy-stjórnina.

Rajoy gaf Puigdemont fimm daga frest til að skýra mál sitt en tilkynning gærdagsins er fyrsta skrefið í átt að sviptingu sjálfsstjórnarréttinda.

Togstreitan á milli katalónskra aðskilnaðarsinna og Spánverja hefur ekki verið meiri í langan tíma en hún hefur stigmagnast dag frá degi allt frá því katalónska þingið boðaði til kosninga. Þær kosningar fóru fram þótt spænski stjórnlagadómstóllinn dæmdi þær ólöglegar og niðurstöðurnar voru mikill stuðningur við sjálfstæðisyfirlýsingu, þó með dræmri kjörsókn.

„Þetta ákall til Katalóna, sem kemur áður en stjórnvöld grípa til aðgerða í samræmi við 155. grein stjórnarskrár okkar, miðar að því að gera ástandið skýrt fyrir almenningi og tryggja öryggi þeirra í aðstæðum sem þessum,“ sagði Rajoy.

„Það er algjörlega nauðsynlegt að binda enda á ástandið í Katalóníu, að tryggja öryggi héraðsins á ný, eins fljótt og auðið er,“ bætti forsætisráðherrann við.

Rajoy hélt einnig ræðu fyrir spænska þinginu síðar í gær þar sem hann sagði alvarlegustu ógn í fjörutíu ára sögu Spánar nú steðja að ríkinu. Sakaði hann katalónska aðskilnaðarsinna um að hafa hrundið af stað andlýðræðislegri áætlun og með því sogað alla Katalóna, jafnvel sambandssinna, inn í hringiðuna. Spánverjar þyrftu því að koma jafnvægi á í héraðinu á ný.

Forsætisráðherrann þvertók einnig fyrir að erlendir aðilar kæmu að borðinu til að miðla málum. Sú ábyrgð hvíldi á herðum Puigdemont og samstarfsmanna hans. Jafnframt væri hann tilbúinn til þess að semja um aukna sjálfsstjórn Katalóníu og breytingar á spænsku stjórnarskránni en það þyrfti að gerast innan ramma spænskra laga.

Pedro Sanchez, leiðtogi spænsku stjórnarandstöðunnar, tjáði sig um ástandið við fjölmiðla í gær. Sagði hann að stjórnarandstaðan ynni með ríkisstjórninni að því að binda enda á deiluna. „Við einbeitum okkur að því að því að halda Katalóníu innan Spánar, ekki að því hvernig væri hægt að veita héraðinu sjálfstæði,“ sagði Sanchez.

**thorgnyr@frettabladid.is**

## Er meirihluti fyrir sjálfstæði?

Þótt níutíu prósent atkvæða í nýafstöðnum kosningum í Katalóníu hafi fallið sjálfstæðinu í vil er ekki hægt að fullyrða að meirihluti Katalóna aðhyllist aðskilnað frá Spáni. Til að mynda var kjörsókn vel undir fimmtíu prósentum og þá höfðu sambandssinnar á katalónska þinginu eindregið hvatt stuðningsmenn sína til þess að sniðganga hinar ólöglegu kosningar.

Það er einnig erfitt að nálgast nýjar skoðanakannanir um sjálfstæði Katalóníu. Í könnun Sociométrica frá því í byrjun september kemur fram að 50,1 prósent aðhyllist sjálfstæði. Í júlí kom fram í könnun GESOP að 41,1 prósent aðhylltist sjálfstæði og í könnun GAD3 frá því í apríl aðhylltust 41,9 prósent sjálfstæði.

The Washington Post birti langa úttekt í gær á því sem miðillinn kallar „Mýtan um mikinn stuðning við sjálfstæði Katalóníu“. Þar kemur fram að samkvæmt opinberum könnunum katalónsku héraðsstjórnarinnar hafi stuðningur við sjálfstæði mælst 35 prósent í júlí. Samkvæmt þeim könnunum hafa sjálfstæðissinnar aldrei verið í meirihluta undanfarinn áratug. Næst meirihluta var komist árið 2013 þegar 49 prósent sögðust styðja sjálfstæði.

Í úttektinni kemur hins vegar fram að í ljósi hatrammrar deilu Rajoy og Puigdemont sé líklegt að stuðningur við sjálfstæði aukist.



# #LIFTDYNAMIC

**Farðu aftur í tímann og fáðu sjáanlega lyftu inn í framtíðina.**




Eftir 30 ára framúrskarandi reynslu og tækni gegn öldrun húðar kynnir Shiseido nýja tækni Bio-Performance línunnar - Trustructiv™ tækni en hún hefur áhrif á dýpri lög húðarinnar og virkjar endurnýjunarkrafta hennar frá dýpstu lögum. Húðin verður þéttari og unglegri í útliti.

**BIO-PERFORMANCE LiftDynamic Cream**

SHISEIDO
GINZA TOKYO

Shiseido dagar 12.-18. október í Hagkaup Smáralind, Garðabæ, Skeifu og Akureyri.

**20% afsláttur af öllum Shiseido vörum á meðan á kynningu stendur.**

Vertu velkomin og kynntu þér glæsilegar nýjungar haustsins frá Shiseido.

Fallegur kaupauki fylgir þegar keypt er fyrir 7.900 eða meira.*

*Á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

VIÐEIGANDI AÐLÖGUN Á VINNUMARKAÐI

Málþing um viðeigandi aðlögun á vinnumarkaði og starfsgetumat föstudaginn 13. október, kl. 13-15 á Icelandair hótel Reykjavík Natura.



Aðalfyrirlesari er **Anna Lawson**, prófessor í lögum við Háskólann í Leeds á Englandi og sérfræðingur í viðeigandi aðlögun. Árið 2014 varð hún fyrst blindra kvenna á Bretlandseyjum til að hljóta prófessorsnafnbót í lögfræði.

DAGSKRÁ

**Ellen Calmon**, formaður ÖBÍ, flytur ávarp

**Anna Lawson** flytur erindi um viðeigandi aðlögun á vinnumarkaði

**Halldór Sævar Guðbergsson**, atvinnu- og virkniráðgjafi fyrir blinda og sjónskerta og varaformaður ÖBÍ, flytur erindi um stöðu mála á Íslandi, meðal annars út frá eigin reynslu

**Anna Lawson** svarar spurningum fundargesta

**Fundarstjóri:** Ingveldur Jónsdóttir, MS-félagi Íslands

ENNEMM / SÍA / NM84462



Íbúðaverð hefur hækkað um níutíu prósent á höfuðborgarsvæðinu á síðustu sjö árum. Ástæðan er fyrst og fremst mikill og viðvarandi skortur á framboði íbúðarhúsnæðis í kjölfar hrunsins 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Engin lausn að lána meira fé

**Dósent í hagfræði segir vandann á fasteignamarkaði felast í framboðsskorti. Lausnin sé ekki að lána fólki meira fé. Von sé á fjölmörgum íbúðum á markaðinn.**

Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, segir að fasteignaverð sem hlutfall af byggingarkostnaði nálgist nú sögulegar hæðir. Það sé ákall til verktaka um að byggja fleiri íbúðir. „Það mun koma töluvert framboð á fasteignamarkaðinn á næstu árum. Ég hef enga trú á öðru en að verktakar muni svara þessari miklu eftirspurn,“ segir hann.

Ásgeir bendir á að á sama tíma og stórir árgangar ungs fólks hafi komið inn á fasteignamarkaðinn hafi framleiðslugeta í byggingariðnaði skroppið saman eftir fall fjármálakerfisins 2008. Vanalega hafi verið byggðar um 1.000 til 1.500 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu á ári en í kjölfar hrunsins hafi orðið nær algert hlé á nýbyggingum. Markaðurinn hafi vart verið með lífsmarki allt fram til ársins 2014.

„Það gekk mun hægar að blása lífi í byggingariðnaðinn en menn bjuggust við. Mörg verktakafyrirtæki fóru auðvitað illa út úr hruninu og þá hefur athyglin einkum beinst að hótelframkvæmdum, en ekki uppbyggingu íbúða. Það er ástæðan fyrir þessum skorti.“

Erfitt sé fyrir stjórnmálamenn að ætla að bjarga málunum. Vandamálið sé einfaldlega ónógt framboð. „Það er engin lausn að ætla að lána fólki meiri pening til þess að kaupa sér íbúð, eins og gert var á árunum fyrir hrun. Því ef framboðið eykst

> **Það er engin lausn að ætla að lána fólki meiri pening til þess að kaupa sér íbúð, eins og gert var á árunum fyrir hrun.**
>
> Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands



ekki mun aukið lánsfjármagn aðeins leiða til þess að fleiri peningar elta sama fjölda íbúða og verðið hækkar þá bara meira.“

Ásgeir tekur fram að í ljósi þess að fasteignaverð, á mælikvarða byggingarkostnaðar, stefni í sögulegar hæðir sé fyrir hendi mikill hvati fyrir verktaka til þess að byggja fleiri íbúðir. Þær íbúðir muni væntanlega skila sér á markaðinn eftir fáein ár.

„Engu að síður er mikilvægt að verktakar geri sér ekki vonir um að fasteignaverð haldi áfram að hækka. Það er ekki endilega víst að það gerist. Það veltur mikið á launaþróuninni og margir eru nú reynslunni ríkari eftir sveiflur síðustu ára og vilja ekki lenda í því að kaupa á toppnum. Um leið og hægir á launahækkunum mun hægja á fasteignaverðshækkunum. Og eins og sakir standa er lítið ef nokkurt svigrúm til launahækkana.“

kristinningi@frettabladid.is

BOÐ TIL ALMENNINGS

Finnski ísbrjóturinn MSV Nordica

13. – 15. október
milli klukkan 10:00 – 14:00

Gamla Höfnin, Miðbakki

MSV Nordica hefur siglt bæði norðaustur og norðvestur leiðirnar í gegnum íshafið og verður til sýnis fyrir almenning.

Ísbrjóturinn kemur í tilefni alþjóðaþings Hringborðs Norðurslóða – Arctic Circle, sem haldið er í Hörpu, 13.-15. október, 2017.

Allir velkomnir




EKKI BARA GÆÐI
KULDAGALLI
NOKKRIR LITIR
Vind og vatnsheldur galli með teygju í mitti.
Hnépúðavasar
25.900 m/vsk
Fullt verð 38.435
VINNUVETTLINGAR
FÓÐRAÐIR
590 m/vsk
Fullt verð 980
VETRAR-ÚLPA
19.900 m/vsk
Fullt verð 31.518
STUTTERMA-BOLUR
1.490 m/vsk
Fullt verð 2.460
HÁSKÓLA-PEYSA
3.900 m/vsk
Fullt verð 5.919
SMÍÐA-BUXUR
9.900 m/vsk
Fullt verð 15.799
VETRAR-BUXUR
14.900 m/vsk
Fullt verð 25.799
GALLABUXUR
Wrangler®
Classic regular fit.
Há íseta, lausar yfir læri og beinar niður.
8.995 m/vsk
Fullt verð 12.990
ÖRYGGIS-SKÓR
12.900 m/vsk
Fullt verð 16.900
PRJÓNA-HÚFA
1.290 m/vsk
Fullt verð 1.590
www.sindri.is | sími 567 6000
Skútuvogi 1, Reykjavík
Smiðjuvegi 1 grá gata, Kópavogi
SINDRI
VINNUFÖT

# Miðjan horfin



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Miðað við skoðanakannanir undanfarinna daga er ljóst að mikill mannauður yfirgefur þingið eftir 28. október enda eiga tveir til þrír miðjuflokkar á hættu að þurrkast út í kosningunum.

Hverjar eru skýringar þess að jafnaðarmenn hafa tapað svona miklu fylgi alls staðar í Evrópu? Skýringuna má líklega að hluta rekja til þess að jafnaðarmannaflokkar hafa misst tengsl við fortíð sína og þann jarðveg sem þeir spruttu upp úr. Þá hefur sósíaldemókrötum mistekist að ræða efnislegt inntak ójöfnuðar. Þeir hafa sett stefnumál á oddinn sem varða ekki brýnustu aðkallandi hagsmunamál launafólks. Lítið fer fyrir umræðu um þá staðreynd að alþjóðleg stórfyrirtæki hafa lækkað framleiðslukostnað gríðarlega á undanförnum áratugum en aðeins skilað broti af gróðanum í vasa neytenda.

Sósíaldemókratar á Íslandi hafa á ný tvístrast þvert yfir hið pólitíska svið þótt margir þeirra hafi fylkt sér um Vinstri græna. Þrátt fyrir róttæk stefnumál virðist VG hafa tekið við hlutverki stóra jafnaðarmannaflokksins þótt mikið fylgi við flokkinn sé líklega vísbending um að einstaka persónur og traust til þeirra sé farið að skipta meira máli en stefnumálin. Hér er að sjálfsögðu vísað til persónufylgis Katrínar Jakobsdóttur en enginn annar forystumaður stjórnmálaflokks nýtur jafn mikils trausts meðal almennings og hún.

Samfylkingin virðist hafa endurheimt hluta af kjarnafylgi sínu. Fyrir alþingiskosningarnar 1995 tapaði Alþýðuflokkurinn talsverðu fylgi til klofningsframboðsins Þjóðvaka. Rétt fyrir kjördag náði flokkurinn þó að snúa við blaðinu og fékk 11,4 prósent og sjö þingmenn kjörna sem var kannski kjarnafylgi flokksins á þeim tíma. Gamla kratafylgið hefur að einhverju leyti skilað sér „heim“ til Samfylkingarinnar fyrir komandi kosningar þótt stuðningur við flokkinn sé bara brot af því sem hann var upp úr síðustu aldamótum.

Það eru ekki bara jafnaðarmenn sem hafa tvístrast út um allt. Stór hluti miðjunnar í íslenskum stjórnmálum er horfinn. Miðað við skoðanakannanir síðustu daga og vikna eiga tveir til þrír miðjuflokkar á hættu að þurrkast út í kosningunum. Það er erfitt að segja hversu áhrifagjarnir kjósendur eru upp til hópa eða hversu óöruggir þeir eru með eigin sannfæringu. Eru margir kjósendur að yfirgefa miðjuna því hún hefur tapað trúverðugleika? Stökkva stuðningsmenn miðjuflokkanna frá borði því þeir hafa dalað í könnunum? Vera kann að margir vilji að þessu sinni ráðstafa atkvæði sínu til sterkra flokka og tengja nýleg framboð við óöryggi og óstöðugleika.

Ef Björt framtíð og Viðreisn komast ekki yfir 5 prósenta þröskuldinn hverfur mikill mannauður af þingi. Framsóknarflokkurinn er líka í hættu. Ef til vill sjáum við núna með skýrum hætti ókosti 5 prósenta þröskuldsins sem innleiddur var með stjórnarskrárbreytingunum 1999. Hætt er við því að flokkar sem eiga 10-15 prósent í samanlögðu atkvæðamagni eigi enga fulltrúa á Alþingi eftir kosningar. Það er slæmt fyrir lýðræðið í landinu.

**Stór hluti miðjunnar í íslenskum stjórnmálum er horfinn.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Sviptingar í Viðreisn**

**Benedikt Jóhannesson er ekki lengur formaður Viðreisnar en á fundi ráðgjafaráðs flokksins í gær var ákveðið að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir tæki við embættinu. Líklega er hún betur til þess fallin að halda flokknum á þingi enda færari stjórnmálamaður, reyndari og mælskari. Viðreisn hefur mælst undir fimm prósenta þröskuldinum alræmda og hefur stefnt í að flokkurinn detti af þingi, aðeins ári eftir að hann fékk sjö menn kjörna. Orð Benedikts Jóhannessonar í Ríkissjónvarpinu fyrr í vikunni voru svo ekki til þess fallin að bæta stöðuna enda baðst formaðurinn þáverandi afsökunar á þeim morguninn eftir.**

**Eitt stórt samsæri**

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson er enn á þeirri skoðun að atburðarásin sem varð til þess að hann missti forsætisráðuneytið og formannsstólinn í Framsóknarflokknum sé eitt stórt samsæri. Í gær spurði Sigmundur Davíð hvort það væri líklegt að það sé tilviljun að fréttir um að nafn hans sé í gögnum sem þýska alríkislögreglan hefur miðlað til íslenskra yfirvalda birtist korteri fyrir kosningar. Áður hefur Sigmundur Davíð sagt að Panamaskjölin séu komin frá athafnamanninum George Soros sem hefur verið alræmdur á meðal samsæriskenningasmiða víða um heim undanfarin misseri.**

thorgnyr@frettabladid.is

# Minni áhyggjur – meira val

2017



Sigurður Ingi Jóhannsson
formaður Framsóknarflokksins

Sú kynslóð sem hefur rutt brautina fyrir okkur hin á skilið að lifa áhyggjulausu lífi. Við hin sem höfum tekið við og störfum að málum til að bæta samfélagið verðum að tryggja að aldraðir þurfi ekki að bíða áhyggjufullir eftir þjónustu- og hjúkrunarrýmum fyrir aldraða, hafi val um að vinna og þurfi ekki að borga háar fjárhæðir í tannlæknakostnað.

Framsókn vill stórátak í byggingu á þjónustuíbúðum og hjúkrunarrýmum fyrir aldraða. Við viljum byggja 300 nýjar íbúðir á ári fyrir aldraða næstu árin. Biðlistar eru langir og munu lengjast verði ekki gripið til aðgerða. Framsókn vill leita eftir samstarfi við lífeyrissjóðina um að fjárfesta fyrir minnst 10 milljarða árlega í hagkvæmum þjónustu- og hjúkrunaríbúðum fyrir aldraða í þeim sveitarfélögum þar sem þörfin er brýnust. Lífeyrissjóðirnir þurfa fleiri fjárfestingarkosti og gæti þessi leið verið samfélagslega hagkvæm.

Framsókn vill afnema frítekjumarkið af atvinnutekjum. Margir þeir sem eru komnir á efri ár og eiga rétt á lífeyri frá almannatryggingum vilja halda áfram að vinna. Fólk á rétt á að hafa val. Þeir sem vilja og geta unnið eiga að fá tækifæri til þess. Fátt er jafn ómurlegt og að langa til að halda áfram á atvinnumarkaðnum en upplifa neikvæða umbun í formi skerðingar á lífeyri. Atvinnuþátttaka aldraðra leiðir til betri heilsu og heilbrigðara samfélags.

Framsókn vill einnig setja 1 milljarð strax í aukna niðurgreiðslu á tannlæknakostnaði aldraðra. Rannsóknir hafa sýnt að tannheilsu aldraðra hefur hrakað síðastliðin ár. Hver skyldi vera orsökin fyrir því? Tannlæknakostnaður getur verið stór biti að kyngja fyrir marga. Sérstaklega ef innkoman er bundin við lágmarkslífeyri. Ríkið verður að standa við loforð um að greiða niður 75% af kostnaðinum. Gjaldskrá um endurgreiðslu aldraðra þarf að uppfæra svo hún endurspegli hækkanir síðustu ára.

Við höfum forsendur til að framkvæma þessi atriði. Afgangur er af ríkisrekstri og sveigjanleikinn er til staðar. Aldraðir eiga að geta lifað eðlilegu, áhyggjulausu lífi og fá að taka þátt í samfélaginu. Getum við ekki öll verið sammála um það?

**Aldraðir eiga að geta lifað eðlilegu, áhyggjulausu lífi og fá að taka þátt í samfélaginu. Getum við ekki öll verið sammála um það?**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kjartan Hreinn Njálssson kjaranh@frettabladid.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Ekkert skiptir meira máli

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Hvað skiptir meira máli á vettvangi stjórnmálanna en að virða eftirsókn þjóðarinnar eftir nýrri stjórnarskrá? – skýran vilja eins og hann birtist í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012 og aftur í tveim nýjum skoðanakönnunum á þessu ári. Ekkert – ekkert! – skiptir meira máli að minni hyggju.

**Lýðræðisveizluspjöll**

Alþingi bauð kjósendum 2012 til mikilvægustu atkvæðagreiðslu sem fram hefur farið í landinu, sannkallaðrar lýðræðisveizlu þar sem kjósendur fengu færi á að segja hug sinn til gamalgróinna ágreiningsefna milliliðalaust, þ.e. án þess að stjórnmálaflokkarnir hefðu smalað á kjörstað og haldið uppi linnulausum áróðri kostuðum af harðdrægum hagsmunasamtökum. Peningar komu hvergi við sögu. Þetta var þjóðaratkvæðagreiðsla eftir reglunni: Einn maður, eitt atkvæði. Úrslitin reyndust vera í fullu samræmi við þá vitneskju sem fyrir lá skv. ítrekuðum skoðanakönnunum um afstöðu kjósenda til helztu mála svo sem auðlinda í þjóðareigu og jafns vægis atkvæða.

Úrslitin þurftu ekki að koma neinum á óvart þar eð frumvarp Stjórnlagaráðs til nýrrar stjórnarskrár speglaði þjóðarviljann. Þess var vandlega gætt að hafa frumvarpið í sem fyllstu samræmi við niðurstöðu þjóðfundarins 2010 þar sem fulltrúarnir höfðu verið valdir af handahófi úr þjóðskrá. Hefðu kjósendur hafnað nýju stjórnarskránni 2012 hefðu þeir komið aftan að sjálfum sér. Það gerðu þeir ekki. Þeir reyndust fyllilega samkvæmir sjálfum sér. Frumvarpið hlaut stuðning 67% kjósenda. Auðlindaákvæðið hlaut stuðning 83% kjósenda. Skýrari gat niðurstaðan varla verið. Þjóðin hafði talað. Þinginu bar að hlýða. Möglunarlaust, líkt og Bandaríkjaþing gerði 1787.

> **Við þurfum nýja ríkisstjórn sem staðfestir nýja stjórnarskrá án frekari tafar og tilrauna til skemmdarverka. Þá mun þjóðin geta fagnað 100 ára afmæli fullveldisins 1. desember 2018 með sæmd.**

**Auðlindir í þjóðareigu**

Hvað segir auðlindaákvæðið? Það segir einkum tvennt. Annars vegar þetta: „Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið auðlindirnar, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja.“ Og hins vegar þetta: „Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almannagæða, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.“

Fulltrúi Vinstri grænna á Alþingi breytti „fullu gjaldi“ í „eðlilegt gjald“ þvert gegn rökstuddum tilmælum Stjórnlagaráðs. Fyrir þingmanninum vakti trúlega að blíðka útvegsmenn með því að reyna að tryggja þeim stjórnarskrárvarinn afslátt af fullu gjaldi. Réttast væri að færa orðalagið aftur í upprunalegt horf. Stjórnarskrárnefnd Alþingis 2013-2016 gerði síðan fyrir luktum dyrum aðra tilraun til að úrbeina auðlindaákvæðið enn frekar og tvö önnur ákvæði til viðbótar, en atlagan mistókst eins og vita mátti og var aðstandendum sínum til minnkunar.

**Hvað segja kjósendur?**

Í janúar 2017 gerði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands könnun á afstöðu kjósenda til nýju stjórnarskrárinnar. Frá þeirri könnun var ekki sagt opinberlega af einhverjum ástæðum, en hún sýndi að 72% þeirra sem tóku afstöðu lýstu sig hlynnta því að „á komandi löggjafarþingi verði lagt fram frumvarp að nýrri stjórnarskrá byggt á tillögu stjórnlagaráðs frá 2011“. Í september sl. birti MMR síðan niðurstöður nýrrar könnunar sem tekur af öll tvímæli um afstöðu kjósenda.

Þar kemur m.a. þetta fram:

- 70% þeirra sem taka afstöðu telja „mikilvægt að fá nýja stjórnarskrá á næsta kjörtímabili“.
- Stuðningurinn er mikill úti á landi (63%) og enn meiri á höfuðborgarsvæðinu (74%).
- Meiri hluti stuðningsmanna allra flokka nema Sjálfstæðisflokksins styður nýja stjórnarskrá. Stuðningurinn er mestur meðal stuðningsmanna Pírata (99%) og Samfylkingar (98%), næstmestur meðal þeirra sem styðja Vinstri græna (92%), næst koma stuðningsmenn Viðreisnar (61%) og þá Framsóknar (55%). Þeir sem styðja Sjálfstæðisflokkinn reka lestina (19%). Björt framtíð var ekki skráð sérstaklega.
- Stuðningurinn er meiri meðal lágtekjufólks (78%) en meðal hátekjufólks (67%).
- Aðeins tveir hópar hafa á að skipa fleiri andstæðingum nýju stjórnarskrárinnar en stuðningsmönnum. Annar er Sjálfstæðisflokkurinn sem þegar hefur verið nefndur (19%). Hinn hópurinn er – haldið ykkur nú fast! – stjórnendur og æðstu embættismenn; innan við helmingur þeirra styður nýja stjórnarskrá (43%).

**1. desember 2018**

Sjálfstæðisflokkurinn hefur málað sig út í horn. Nýs Alþingis bíður að setja Sjálfstæðisflokkinn til hliðar eins og hann setti Framsókn til hliðar af hliðstæðu tilefni 1942 og 1959. Við þurfum nýja ríkisstjórn sem staðfestir nýja stjórnarskrá án frekari tafar og tilrauna til skemmdarverka. Þá mun þjóðin geta fagnað 100 ára afmæli fullveldisins 1. desember 2018 með sæmd.




# Lífeyrir aldraðra hækki strax í 320 þúsund kr. á mánuði eftir skatt

2017



Björgvin Guðmundsson
viðskiptafræðingur

Alþingiskosningar fara fram 28. október nk. Sem eldri borgari geri ég kröfu til þess, að frambjóðendur skýri frá stefnu sinni í málefnum aldraðra og öryrkja. Mál þeirra hafa verið í ólestri undanfarið, einkum kjaramálin. En lífeyri aldraðra og öryrkja hefur verið haldið svo mjög niðri, að engin leið hefur verið að lifa af þeim lífeyri, sem stjórnvöld hafa skammtað þeim. Þeir hafa ekki haft nóg fyrir öllum útgjöldum og oft hafa lyf eða læknishjálp orðið útundan; það er mannréttindabrot. Ég er að tala um þá sem hafa eingöngu tekjur frá almannatryggingum.

Ég tel vegna þeirrar uppsveiflu sem nú er í efnahagslífi þjóðarinnar að tímabært sé að gera myndarlega lagfæringu á kjörum aldraðra og öryrkja þannig að lífeyrisþegar þurfi ekki áfram að bera kvíðboga fyrir morgundeginum. Tillaga mín er þessi: Lífeyrir aldraðra hækki strax eftir kosningar í 320 þúsund krónur á mánuði eftir skatt (425 þúsund kr. á mán. fyrir skatt). Það er ekki unnt að lifa mannsæmandi lífi af lægri upphæð. Þessi upphæð er í samræmi við neyslukönnun Hagstofunnar en samkvæmt könnun á meðaltalsútgjöldum einhleypinga í landinu er þetta sú upphæð sem einstaklingar nota að meðaltali til neyslu. Skattar eru ekki inni í þeirri tölu hjá Hagstofunni og því er þessi upphæð í samræmi við lífeyri TR eftir skatt.

**Síst of mikið fyrir eldri borgara**

Einhverjum finnst ef til vill að það sé of mikið fyrir aldraða að hafa 320 þúsund kr. á mánuði í lífeyri frá TR eftir skatt, miðað við að þeir hafi engar aðrar tekjur. Það finnst mér ekki. Meðallaun í landinu eru 667 þúsund kr. á mánuði samkvæmt nýrri launarannsókn Hagstofunnar. Það er fyrir skatt. Alþingismenn hafa 1,2 milljónir kr. á mánuði og ráðherrar hafa 1,8 milljón á mánuði. Forsætisráðherra hefur rúmar 2 milljónir á mánuði. Þessar greiðslur eru fyrir utan aukasporslur og hlunnindi. Forstjórar og framkvæmdastjórar fyrirtækja hafa 1,6 millj. kr. á mánuði. Miðað við þessi háu laun er það ekki mikið þó eldri borgarar, sem lokið hafa vinnudegi sínum, hafi 320 þúsund á mánuði. Þetta eru þeir, sem skapað hafa þetta þjóðfélag.

**Vantar fleiri hjúkrunarheimili**

Enda þótt kjaramálin séu mikilvægust eru önnur mál einnig mikilvæg. Til dæmis vantar fleiri hjúkrunarheimili. Biðlistar eru langir eftir rými þar; erfitt fyrir eldri borgara að komast þar inn. Byggja verður fleiri hjúkrunarheimili. Einnig þarf að búa betur að heimahjúkrun svo eldri borgarar geti verið sem lengst heima. Heimahjúkrun er undirmönnuð og býr við fjárskort. Úr því þarf að bæta.

> **Enda þótt kjaramálin séu mikilvægust eru önnur mál einnig mikilvæg. Til dæmis vantar fleiri hjúkrunarheimili.**







# Afnemum verðtrygginguna

2017



Lárus S. Lárusson
skipar 1. sæti Framsóknarflokksins í Reykjavík norður



Verðtryggingin er mikill skaðvaldur fyrir heimilin í landinu. Verðtrygging lána veltir allri áhættu af verðbólgu framtíðarinnar yfir á heimilin en gerir banka og lánveitendur stikk-frí. Verðtrygging er ósanngjarn lánasamningur sem banna ætti með lögum. Enginn lánveitandi ætti að geta tryggt sig gegn framtíðarverðbólgu á kostnað heimila. Sé það leyft hafa lánastofnanir landsins lítinn hvata til að vinna gegn verðbólgu. Bankarnir eiga svo mikið af verðtryggðum útlánum að þeir hagnast um 2-3 milljarða fyrir hvert prósent sem verðlag hækkar. Þetta er viðsjárverð staða fyrir heimilin því bankar geta með þessu haft áhrif á verðlagsþróun. Það er að sjálfsögðu óásættanlegt að bankar geti hagnast á verðbólgu á kostnað heimilanna.

Erlendir og innlendir hagfræðingar vara eindregið við verðtryggingu íbúðalána. Til dæmis geti efnahagsáföll og gengislækkun leitt til stökkbreytingar verðtryggðra lána. Einnig hafa verið færð rök fyrir því að verðtryggingin dragi svo úr virkni stýrivaxta að þeir þurfi að vera hærri en ella auk þess sem verðtryggð íbúðalán ýti undir hringrás verðlagshækkana.

Á meðan löglegt er að bjóða upp á verðtryggð lán munu mörg heimili freistast til að taka á sig áhættu af verðbólgu framtíðarinnar í þeirri von að hún raungerist ekki. Mörg heimili munu áfram taka verðtryggð jafngreiðslulán þótt vitað sé að höfuðstóll þeirra hækkar fyrstu tuttugu árin og skuldastreðið standi út starfsævina.

Þess vegna telur Framsókn nauðsynlegt að afnema verðtrygginguna á neytendalána svo þeim bjóðist kjör sem heimili ráða við. Setja þarf bann við veitingu nýrra verðtryggðra lána, létta greiðslubyrði óverðtryggðra lána og skapa hvata og stuðning til að umbreyta verðtryggðum skuldum í óverðtryggð lán. Ýmsar útfærslur eru mögulegar til að ná þessum markmiðum. Framsóknarflokkurinn hefur lagt fram frumvörp um afnám verðtryggingar og er reiðubúinn til að vinna að þessu mikilvæga verkefni í samráði við aðra þingflokka.

Ávinningur þess að banna verðtryggingu og umbreyta eldri lánum í óverðtryggð lán er margþættur og munu vextir óverðtryggðra lána lækka. Peningastefnutæki Seðlabankans verða skilvirkari og stýrivextir og vaxtastig lækka. Verðbólguáhættu framtíðarinnar verður deilt jafnar milli lánveitenda og heimilanna. Komi til verðbólguskots mun ekki þurfa að hækka vexti jafn mikið til að slá á á þensluna. Bankar munu ekki geta velt allri verðbólgunni yfir í vaxtastigið og þeir munu ekki geta bætt sjálfum sér verðbólguna á kostnað heimila með því að hækka eftirstöðvar lána.

Afnám verðtryggingarinnar er mesta kjarabót sem hægt er að ná fram fyrir heimilin í landinu. Lífið á nefnilega að snúast um ýmislegt annað og meira en bara strita fyrir steypu.

> **Það er að sjálfsögðu óásættanlegt að bankar geti hagnast á verðbólgu á kostnað heimilanna.**






# 12.10.17 - 15.10.17

# MENNINGARHÁTÍÐ SELTJARNARNESS

Nánari dagskrá á
www.seltjarnarnes.is/menningarhatid

## Verið velkomin á Menningarhátíð Seltjarnarness sem fer fram dagana 12. til 15. október

### 12 OKTÓBER FIMMTUDAGUR

Kl. 9 — **Kynning á starfi eldri borgara**
Skólabraut 3-5

Kl. 17 — **Setning Menningarhátíðar Seltjarnarness 2017**
Gallerí Grótta og Bókasafn Seltjarnarness

**Sporbaugur - listaverk Þorvaldar Skúlasonar**
Gallerí Grótta - Sýningaropnun

**Sýning um Jóhönnu Kristjónsdóttur**
Bókasafn Seltjarnarness - sýningaropnun

Kl. 20 — **Stjörnuskoðun og opnun á nýju umhverfi stjörnusjónauka**
Valhúsaskóli

Kl. 20.30 — **Bíósýning með spurt og svarað - Sveitabrúðkaup**
Félagsheimili Seltjarnarness

### 13 OKTÓBER FÖSTUDAGUR

Kl. 10.30 — **Kynning á starfi eldri borgara**
Skólabraut 3-5 og Eiðismýri 30

Kl. 15 — **Söngur leikskólabarna**
Eiðistorg

### 14 OKTÓBER LAUGARDAGUR

Kl. 10.30 — **Morgunverðarboð fyrir bæjarbúa**
Eiðistorg

Kl. 11.30 — **Þitt eigið ævintýri með Ævari vísindamanni**
Bókasafn Seltjarnarness

Kl. 12.20 — **DJ flugvél og geimskip**
Bókasafn Seltjarnarness - tónlistaratriði

Kl. 13 — **Tækni og tónlist með Kóder**
Bókasafn Seltjarnarness

Kl. 16 — **Fuglakabarett**
Lækningaminjasafnið - tónleikar

Kl. 21 — **Lay Low og Pétur Ben***
Félagsheimili Seltjarnarness - tónleikar

### 15 OKTÓBER SUNNUDAGUR

Kl. 10.30 — **Listganga um Nesið**
Íþróttamiðstöðin

Kl. 15 — **Heiðursdagskrá um Jóhönnu Kristjónsdóttur**
Félagsheimili Seltjarnarness

ATH. breyttan tíma

Kl. 18 — **Improv og söngur**
Félagsheimili Seltjarnarness

*Miðar á tónleika Lay Low og Pétur Ben eru seldir á Tix.is og við inngang. Frítt á aðra viðburði og allir velkomnir.

# Hjálpartæki – þarfasti þjónninn

2017



**Steinunn Þóra Árnadóttir**
þingmaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs

Þann 27.september sl. stóð Öryrkjabandalag Íslands fyrir afar fróðlegu málþingi um hjálpartæki daglegs lífs. Hjálpartæki eru einhver mikilvægasta fjárfesting sem hugsast getur, því þau gera fólki kleift að taka þátt í samfélaginu. Lög og reglugerðir þarf þó að taka til gagngerrar endurskoðunar til þess að þau nái raunverulegu markmiði sínu, en núverandi regluverk er ekki í takti við Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem íslensk stjórnvöld hafa þó fullgilt. Meðan aðgangur að viðeigandi hjálpartækjum er ekki í lagi er tómt mál að tala um að auka samfélagsþátttöku og þar með atvinnuþátttöku fatlaðs fólks.

Aðgengi að hjálpartækjum snýst þó um svo miklu meira en að hver og einn eigi sem mest af nýjustu og flottustu græjunum. Aðgengi að hjálpartækjum snýst umfram allt um að hafa aðgang að þeim tækjum sem henta hverjum og einum best og gagnast í daglegu amstri. Þar þarf að líta til fleiri þátta en sjúkdómsgreininga eða skerðingar.

Efla þarf sérfræðiaðstoð til fólks þegar kemur að vali á hjálpartækjunum og gera fólki mögulegt að prófa tækin, ekki einungis í verslun heldur í þess eigin nærumhverfi. Að sama skapi verður að treysta fötluðu fólki til að þekkja eigin þarfir – því hver kærir sig um að sanka að sér hjálpartækjum sem virka ekki? Slíkt er einfaldlega sóun á fjármunum sem væri betur varið í hjálpartæki sem raunverulega koma að gagni. Illa valin hjálpartæki sem ekki uppfylla þarfir fólks eru auk þess til þess fallin að veita falska mynd af getu fólks til að taka þátt í samfélaginu.

Þá er sérstaklega mikilvægt að aðgengi barna að viðeigandi hjálpartækjum sé ávallt tryggt. Þau eru ekki aðeins nauðsynleg til að létta börnum lífið heldur eru þau grundvöllur þess að börn geti þroskast og dafnað í samfélagi við annað fólk, ekki síst önnur börn. Sá sem ekki hefur fullan aðgang að samfélaginu sem barn mun ekki öðlast hann við það eitt að fullorðnast. Á sama hátt er brýnt að huga að eldra fólki sem margt þarf hjálpartæki til að halda færni sinni. Einnig er aðkallandi að tryggja fólki fullnægjandi aðstoð við viðhald á slíkum búnaði. Það má ekki missa sjónar á þessum tveimur hópum, þótt þeir séu ekki á vinnumarkaði.

Það eru því mörg krefjandi en um leið spennandi verkefni sem bíða stjórnvalda á þessu sviði að kosningum loknum.

# Fjölskyldan er hjartað

2017



**Eva H. Baldursdóttir**
frambjóðandi Samfylkingarinnar í Reykjavík

**Fjölskyldan er hjartað og hryggjarstykkið. Hún á að vera í algjörum forgangi. Fjölskyldur með börn búa allajafna við mest útgjöld, en það er einmitt tíminn þegar skattalegar ívilnanir í formi greiðslna eru nauðsynlegar. Raunar eru barnabætur rangnefni og ættu að heita greiðslur.**

Þegar fólk stendur frammi fyrir hinstu hvílu og hugsar til þess hverju það hefði mátt breyta er eitt af því sem er oftast sagt: „Ég hefði viljað vinna minna og vera meira með börnum mínum og fjölskyldu.“

Sameiginleg velferð fjölskyldunnar situr í fyrirrúmi og okkar stefna er að leggja líka það viðhorf til grundvallar í stjórnmálum. Hugsa um heildarmyndina. Sameiginlega velferð samfélagsins. Á tímum uppgangs er það því miður svo að fráfarandi hægri stjórn hefur ekki forgangsraðað í þágu barnafjölskyldna.

Árið 2013 var eitt fyrsta verk Sjálfstæðisflokksins að hætta við lengingu fæðingarorlofs sem hafði verið samþykkt á Alþingi. Undanfarin ár hafa svo 12 þúsund fjölskyldur dottið út úr barnabótakerfinu og helmingi færri fá vaxtabætur nú en fyrir nokkrum árum. Með þessu er auðvitað verið að draga úr jöfnuði, það er verið að draga tennurnar úr sterka velferðarsamfélaginu. Þó skattar hafi eitthvað lækkað dregur þessi þáttur úr skattalækkunum á tekjur okkar sem mynda millitekjuhópa. Á vakt hægri flokkanna hafa líka birst rannsóknir sem sýna að 6.000 börn líða efnahagslegan skort á Íslandi. 6.000 börn sem eiga ekki nóg af fötum og búa ekki í nógu góðu húsnæði. Það hlýtur að vera skylda okkar að fara í átak til að mæta þessum vanda, aukning barnabóta ætti að vera liður í því en er ekki nóg. Hér þarf átak, greina hvað er það sem veldur og hvað ríkið geti gert og ráðast svo í það. Börnum verður að veita jöfn tækifæri.

Ísland er ágætt samfélag að mörgu leyti. Efnahagsleg skilyrði eru hagfelld. Okkar hugmyndafræði er að halda áfram á þeirri vegferð, bjóða upp á pólitískan og efnahagslegan stöðugleika – og ekki síst að byggja upp þekkingarsamfélag og búa atvinnulífinu góð kjör. En okkar stefna gengur fyrst út á að setja fjölskylduna í forgang. Það getur ekki annað en þjónað öllu samfélaginu, þ.m.t. fyrirtækjum, að búa við sterka velferð. Að hugsað sé nægilega vel um menntun og heilsu þjóðarinnar. Þó það sé góðra gjalda vert að borga niður skuldir ríkissjóðs, og því ber auðvitað að fagna, þá er dýrkeypt að skólar og heilbrigðisþjónusta séu undirfjármögnuð og hafi ekki tök á því að sinna grunnhlutverki sínu jafn farsællega og þörf er á.

Fjölskyldan er hjartað og hryggjarstykkið. Hún á að vera í algjörum forgangi. Fjölskyldur með börn búa allajafna við mest útgjöld, en það er einmitt tíminn þegar skattalegar ívilnanir í formi greiðslna eru nauðsynlegar. Raunar eru barnabætur rangnefni og ættu að heita greiðslur.

Við viljum strax:
- Tvöfalda barnabætur – endurreisa kerfið.
- Lengja fæðingarorlof í skrefum og hækka gólfið á fæðingarorlofinu – fara í samstarfsverkefni með sveitarfélögunum sem vilja brúa bilið og taka börn fyrr inn á leikskóla.
- Fara í tilraunaverkefni með styttingu vinnuvikunnar.
- Vinna aðgerðaráætlun til að draga úr fátækt barna.




MAROKKÓ
AGADIR
MADEIRA
MADEIRA & KANARÍEYJAR
LANZAROTE
LA PALMA
FUERTEVENTURA
KARÍBAHAF
KÚBA
TENERIFE
GRAN CANARIA
DÓMINÍSKA LÝÐVELDIÐ
Haust
vetur
& vor 2017-2018
Sólarferðir frá kr.
66.695
í 7 nætur m/afslætti
Allt að
25.000 kr.
afsláttur á mann til 16. okt.
BÓKAÐU FERÐ
ALLUR PAKKINN
Íslensk fararstjórn, taska og handfarangur innifalið.
AGADIR Í MAROKKÓ
Golden Beach Apartment
Frá kr. 108.065 m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 108.065 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 114.795 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
6. nóvember í 9 nætur.
FUERTEVENTURA
Jólaferð einnig bókanleg!
Broncemar Beach Aparthotel
Frá kr. 77.030 m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 77.030 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 88.895 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
1. janúar í 10 nætur.
DÓMINÍSKA LÝÐVELDIÐ
Jólaferð einnig bókanleg!
Puerto Plata Village
Frá kr. 150.970 m/allt innifalið
Netverð á mann frá kr. 150.970 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb. Netverð á mann frá kr. 161.895 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
15. janúar í 10 nætur.
TENERIFE
Hotel Best Jacaranda
Frá kr. 86.045 m/hálft fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 86.045 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 106.295 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
31. janúar í 7 nætur.
KÚBA
Einnig hægt að deila dvölinni!
Memories Varadero Hotel
Frá kr. 213.095 m/allt innifalið
Netverð á mann frá kr. 213.095 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 231.195 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
5. febrúar í 10 nætur.
GRAN CANARIA
Jardin del Atlantico +
Frá kr. 66.695 m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 66.695 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 76.895 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
6. febrúar í 7 nætur.
LA PALMA
Hotel La Palma Princess
Frá kr. 173.595 m/allt innifalið
Netverð á mann frá kr. 173.595 m.v. 2 fullorðna í herbergi. Netverð á mann frá kr. 206.575 m.v. 1 fullorðinn í herbergi.
22. febrúar í 10 nætur.
LANZAROTE
Páskaferð einnig bókanleg!
Costa Mar Aparthotel +
Frá kr. 72.045 m/ekkert fæði innifalið
Netverð á mann frá kr. 72.045 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 94.095 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
15. mars í 9 nætur.
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.
ENNEMM / SÍA • NM84372
595 1000 • heimsferdir.is • Opið mán-fös 9-17
Heimsferðir
– fáðu meira út úr fríinu


KRÓNAN
Borðaðu mig bestur núna!
EAT ME I'M TASTY
GRØN balance
Økologisk
2 stk Avocado "Hass"
LÍFRÆNT VOTTAÐ
organic
449 kr. pk.
GB Avocado 2 stk. Spánn
589 kr. pk.
Avocado þroskað 3 stk, Mexíkó
Ódýrt
498 kr. pk.
Avocado í neti, 750 g, Kólumbía
Tilboðin gilda til 16. október. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.
Afgreiðslutímar á www.kronan.is


KRÓNAN
Heitt og klárt
ÁN VIÐBÆTTS VATNS OG AUKEFNA
100%
KJÚKLINGAKJÖT
toppur
LÉTT KOLSÝRÐUR / SPARKLING
ÁN BRAGÐEFNA
Coca-Cola
Coca-Cola zero
Heill grillaður kjúklingur og
2 lítrar af Coca-Cola eða Topp
1499 kr. pk.
Tilboðin gilda til 16. október. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.
Afgreiðslutímar á www.kronan.is



KRÓNAN
Íslenskt lambakjöt
HÚH!
New York marinerað
-25%
-20%
Hvítlauks og rósmarín marinerað
Lambalæri ókryddað
1199 kr. kg
Verð áður 1499 kr. kg
Lambalæri, marinerað
1199 kr. kg
Verð áður 1658 kr. kg
Nýtt!
Ódýrt
1999 kr. kg
Lúxus lambalærissteikur, rósmarín eða timían
799 kr. kg
Krónu blandaðir kjúklingabitar
Tilboðin gilda til 16. október. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.
Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN




**Ódýrt**

VEGAN
vegan

**199** kr. stk.

ef keypt eru 8 stk.

= **1592** kr. /8 stk.

Alpro jurtamjólk

**269** kr. stk.



**Allt í boostið**




LÍFRÆNT VOTTAÐ
organic

**299** kr. pk.

GB gróft haframjöl, 1 kg







**249** kr. pk.

Frosið mangó 250 g - 996 kr.kg

**199** kr. pk.

Frosið grænkál 450 g - 442 kr.kg

**Ódýrt**

Tilboðin gilda til 16. október. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# Fá ekki að kjósa vegna fötlunar

2017




**Bryndís Snæbjörnsdóttir**
formaður Þroskahjálpar

**Árni Múli Jónasson**
framkvæmdastjóri Þroskahjálpar

Í 33. gr. íslensku stjórnarskrárinnar segir:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt.

Íslenska ríkið fullgilti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra á síðasta ári og skuldbatt sig þar með til að framfylgja ákvæðum samningsins í íslenskum lögum og stjórnsýsluframkvæmd. 29. gr. samningsins ber yfirskriftina „Þátttaka í stjórnmálum og opinberu lífi“. Þar segir:

Aðildarríkin skulu tryggja fötluðum stjórnmálaleg réttindi og tækifæri til þess að njóta þeirra til jafns við aðra og skulu jafnframt:

a) tryggja að fötluðu fólki sé gert kleift að taka virkan og fullan þátt í stjórnmálum og opinberu lífi til jafns við aðra, með beinum hætti eða fyrir atbeina fulltrúa eftir frjálsu vali, þar með talið er réttur og tækifæri til þess að kjósa og vera kosinn, meðal annars með því:

...

iii. að fatlað fólk geti tjáð frjálst vilja sinn sem kjósendur og að heimilað sé í þessu skyni, þar sem nauðsyn krefur og að ósk þess, að það njóti aðstoðar einstaklinga að eigin vali við að greiða atkvæði.

Í 1. mgr. 86. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, eins og henni var breytt með lögum nr. 111/2012, segir:

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn svo frá að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf skal sá úr kjörstjórninni er kjósandi nefnir til veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum, enda er sá sem aðstoðina veitir bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina, að tilgreindum ástæðum. Aðstoð skal því aðeins veita að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir ótvírætt frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt. Óheimilt er að bjóða þeim aðstoð er þannig þarfnast hjálpar.

**Landssamtökin Þroskahjálp hafa margsinnis bent íslenskum stjórnvöldum á þetta alvarlega mannréttindabrot.**

Í 2. mgr. 86. gr. er síðan heimild, bundin ýmsum skilyrðum, fyrir einstakling til að fá aðstoð fulltrúa sem hann hefur sjálfur valið við að greiða atkvæði ef hann þarf aðstoð „sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf“.

Sambærileg ákvæði er að finna í 63. gr. laganna þar sem mælt er fyrir um framkvæmd atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

Af framangreindu leiðir að samkvæmt kosningalögum er heimild fatlaðs einstaklings til aðstoðar við að greiða atkvæði bundin því skilyrði að þörf fyrir aðstoðina sé vegna „sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf“. Sé ástæða þess að einstaklingur þarf aðstoð til að greiða atkvæði annars konar fötlun, s.s. þroskahömlun, á hann því ekki rétt til aðstoðar samkvæmt íslenskum lögum. Þetta er mismunun á grundvelli fötlunar sem stangast á við íslenska stjórnarskrá og framangreint ákvæði liðar iii. í a-lið 29. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og fleiri ákvæði samningsins sem banna mismunun á grundvelli fötlunar.




Landssamtökin Þroskahjálp hafa margsinnis bent íslenskum stjórnvöldum á þetta alvarlega mannréttindabrot og hafa krafist þess að þau gerðu nauðsynlegar breytingar á lögum og stjórnsýslu til að fólk með þroskahömlun fái notið þeirra mannréttinda og grundvallarréttar í lýðræðisríki að geta greitt atkvæði í kosningum eins og annað fólk og fái þannig að taka þátt í því með öðrum Íslendingum að velja fulltrúa til að fara með vald fyrir sína hönd.

Íslensk stjórnvöld hafa ekki brugðist við þessum áskorunum Þroskahjálpar. Og enn ganga landsmenn til kosninga og enn verður einstaklingum með þroskahömlun samkvæmt lögum neitað um þau mannréttindi að fá að taka þátt í því til jafns við aðra landsmenn.

Lesa má um þessi mikilvægu mannréttindamál og hvernig staðan í þeim er almennt og hér á landi í grein Rannveigar Traustadóttur prófessors og James G. Rice lektors, Kosningar, lýðræði og fatlað fólk, sem birtist fyrr á árinu í vefritinu Stjórnmál og stjórnsýsla. Greinina má nálgast hér: *http://www.throskahjalp.is/is/samtokin/frettir/category/1/kosningarlydraediogfatladfolk*

# Fullt gjald fyrir afnot fiskimiðanna

2017

**Agnar K. Þorsteinsson**
**Bolli Héðinsson**
**Guðrún Pétursdóttir**
**Jón Sigurðsson**
**Jón Steinsson**
**Þorkell Helgason**

Forseti Íslands tók í júlí 2015 við undirskriftum 53.571 kosningabærs Íslendings þar sem skorað var á hann að „... vísa í þjóðaratkvæðagreiðslu hverjum þeim lögum sem Alþingi samþykkir og úthlutar fiskveiðiauðlindinni til lengri tíma en eins árs á meðan ekkert ákvæði um þjóðareign á auðlindum hefur verið sett í stjórnarskrá og þjóðinni hefur ekki verið tryggt fullt gjald fyrir afnot þeirra“.

Frá því að þessi áskorun var afhent hefur Alþingi hvorki sett ákvæði um þjóðareign á auðlindinni í stjórnarskrá (sem 80% kjósenda kröfðust í þjóðaratkvæðagreiðslunni 20. okt. 2012) né tryggt með öðru móti að þjóðin fái fullt gjald fyrir afnot fiskimiðanna við landið. Í komandi kosningunum gefst kjósendum enn eitt tækifærið til að krefja stjórnmálaflokkana svara um hvernig þeir hyggjast halda á hagsmunum þjóðarinnar í þessu máli.

Stjórnmálaflokkarnir hafa allir í orði kveðnu sagst vilja tryggja þjóðareign auðlindanna, en mestu skiptir að ákvæðið sem fer í stjórnarskrá kveði skýrt á um eign þjóðarinnar, þannig að allur afnotaréttur auðlinda sé í umboði hennar og honum verði einungis ráðstafað tímabundið og þá gegn fullu gjaldi.

**Útboð tryggir sátt um sjávarútveginn**

Gjald fyrir afnot af auðlindum er ekki skattur sem er lagður á eftir efnum og aðstæðum. Þvert á móti er auðlindagjald eins og hvert það gjald sem þarf að inna af hendi fyrir önnur aðföng. Engum dytti í hug að kalla greiðslu fyrir olíu á skipin skatt, jafnvel þótt þjóðin ætti olíuna, eins og tilfellið er hjá Norðmönnum.

Um mikilvægi þess að sátt ríki um sjávarútveginn þarf ekki að fjölyrða. Hlutverk sjávarútvegs í íslensku samfélagi er óumdeilt og mikið til vinnandi að friður ríki um atvinnugreinina. Útboð aflaheimilda er eina færa leiðin til að komast að raun um hvað telst fullt gjald. Aðrar leiðir til gjaldtöku munu ávallt valda deilum og ósætti, sem er afar óheppilegt fyrir þessa mikilvægu atvinnugrein. Með útboðum greiðir útgerðin það sem henni þykir sjálfri viðráðanlegt gjald, og væntanlega réttlátt, fyrir afnot af auðlindinni. Slíkt stuðlar að sátt um sjávarútveginn.

*Aðstandendur undirskriftasöfnunarinnar Þjóðareign.*




# Vinstri og hægri

2017



**Guðmundur Andri Thorsson**
í 1. sæti Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi

Það er munur á vinstri og hægri. Jafnaðarmenn hugsa í grundvallaratriðum öðruvísi um þjóðfélagsmál en markaðshyggjumenn eða aðrir fulltrúar afmarkaðra hagsmuna. Jafnaðarmenn hafa hag heildarinnar að leiðarljósi. Það er hugsunin bak við norræna samfélagsmódelið: heilbrigt atvinnulíf með raunverulegri verðmætasköpun og öflugt velferðarkerfi þar sem virðing fyrir fólki ræður för. Þjóðfélag þar sem allar leikreglur miðast við hagsmuni fjármagnseigenda frekar en almennings, framleiðenda frekar en neytenda, fyrirtækjaeigenda frekar en verkafólks – það er ekki gott samfélag, ekki réttlátt og endar í þjófræði eins og dæmin sanna.

Það er munur á vinstri og hægri. Sjálfstæðisflokkurinn er stór og öflugur flokkur hægri manna, vel skipulagður og vanur því að ráða, með sitt fólk á völdum stöðum í kerfinu. Það getur vel verið að sumum okkar finnist það ágætt að hann stjórni þessu bara – það hafi reynst vel og honum hafi tekist vel upp í undanförnum tilraunum sínum til stjórnarmyndunar. Það kjósum við hann. En ef við erum ekkert ánægð með völd Sjálfstæðisflokksins og viljum vinstri stjórn sem starfar í almannaþágu þá vandast málið. Dæmin sanna að atkvæði greidd miðflokkabandalaginu leiða til stjórnar með Sjálfstæðisflokknum. Og dæmin sanna líka að þeim mun veikari sem Samfylkingin er þeim mun ólíklegri er vinstri stjórn. Innan VG eru sterk öfl sem sjá sinn samherja í Sjálfstæðisflokknum en slíku er ekki að heilsa innan Samfylkingarinnar.

**Vænlegast er að kjósa eftir grundvallarlífsviðhorfi okkar – að kjósa jafnaðarmenn ef við erum jafnaðarmenn í hjarta okkar. Það er ágætt að láta hjartað ráða för.**

Það er grundvallarmunur á vinstri og hægri. Það getur verið varasamt að kjósa eftir einstökum upphlaupsmálum. Við ættum líka að varast að láta hatur og heift ráða atkvæðinu. Vænlegast er að kjósa eftir grundvallarlífsviðhorfi okkar – að kjósa jafnaðarmenn ef við erum jafnaðarmenn í hjarta okkar. Það er ágætt að láta hjartað ráða för.

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 12. OKTÓBER 2017

# Gott að gleyma sér í söng



Þórdís Birna Borgarsdóttir er Keflvíkingur sem fyrst vakti athygli í Söngvakeppni Sjónvarpsins í fyrra og síðan aftur á þessu ári þegar hún söng lagið Heim til þín ásamt þáverandi kærasta sínum, Júlí Heiðari. →2



**Thelma Björnsdóttir er 29 ára fatahönnuður með miklar hugsjónir. Hún hefur stofnað sitt eigið fatamerki og hyggst hanna flíkur fyrir konur í öllum stærðum.** →4



YLJAÐU ÞÉR
Í GÓÐRI PEYSU

*Fallegt, fágað og töff*

comma,
SMÁRALIND

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Framhald af forsíðu ➪

Þórdís Birna stundar nú nám af fullum krafti og segist ekki hafa mikinn tíma fyrir söng. Hún er í meistaranámi í hagnýtri sálfræði. „Ég er alltaf að syngja öðru hverju en námið gengur fyrir eins og er,“ segir hún. Ég ákvað reyndar að skrá mig í Háskólakórinn sem er nýtt söngform fyrir mér þar sem ég hef ekki mikið verið í hópsöng. Það er nauðsynlegt að gleyma sér í söng og næra sálina í leiðinni.“

Þótt nokkuð sé liðið frá Söngvakeppni Sjónvarpsins árið 2016 eru margir sem muna eftir rauðum samfestingi sem Þórdís Birna klæddist í keppninni. Hún pantaði hann á netinu frá bandarískri verslun og lét síðan breyta honum eftir eigin smekk. „Ég fékk ótrúlega góð viðbrögð við þessum klæðnaði enda kom hann vel út á skjánum,“ segir hún. „Í vetur klæddist ég bláum kjól í keppninni sem ég pantaði líka á netinu. Mér leið vel í þessum fötum á sviðinu.“

Hún segist samt ekki vera neitt sérstakt tískufrík. „Meirihlutinn af fötunum mínum eru íþróttaföt frá Nike en þegar ég kaupi mér hversdagsföt byrja ég yfirleitt í Zöru. Ég reyni að klæða mig í föt sem henta vexti mínum og líður best þannig. Annars er fatastíllinn minn mjög látlaus, aðallega til að koma í veg fyrir meiriháttar tískuslys,“ útskýrir Þórdís. „Ég er nokkuð dugleg að endurnýja fataskápinn og reyni að fylgjast eitthvað með en mér þætti best ef einhver myndi bara sjá um þetta fyrir mig.“



Þórdís Birna Borgarsdóttir söngkona segist ekki vera tískufrík en hún var flott þegar hún steig á svið í Söngvakeppni Sjónvarpsins.

Hún stundar bootcamp af fullum krafti og finnst nauðsynlegt að mæta á æfingar og gleyma erfiðu námi stundarkorn. Þórdís Birna hefur mikinn áhuga á mat og mataræði og velur að borða hollan og næringarríkan mat. „Ég var til dæmis að gerast félagi í nýjum matarklúbbi en við ætlum að hittast reglulega og borða góðan mat. Það er margt spennandi að gerast hjá mér og bráðum kemur jólafrí. Matarklúbburinn stefnir á að fara til Parísar í matarævintýraferð. Ég hef gaman af því að prófa mig áfram með grænmetisrétti, sérstaklega með baunum. Ég borða helst ekki kjöt og vonast til að matarklúbburinn leiði mig áfram í gerð grænmetisrétta. Mér finnst mjög gaman að elda.“

Þórdís Birna aftekur ekki að taka þátt í Söngvakeppninni aftur en henni fannst reynslan af keppninni mjög skemmtileg. Hún og Júlí Heiðar eru mjög góðir vinir og hafa unnið mikið saman. Þórdís á alveg von á að þau geri það áfram þótt þau séu ekki lengur kærustupar.

Þórdís lærði upphaflega söng í heimabænum. „Ég tók mikinn þátt í leikritum þegar ég var í grunnskóla,“ segir hún en Verzlunarskólinn varð síðan fyrir valinu þar sem hún tók þátt í þremur nemendauppfærslum. „Ég er ekkert mikið að reyna að koma mér á framfæri í söng þessa dagana enda á sálfræðin hug minn allan. Þetta fag heillaði mig og ég er mjög ánægð með að hafa valið það. Ég stefni á að vinna við sálfræðina í framtíðinni,“ segir Þórdís Birna sem örugglega á eftir að láta að sér kveða bæði í söngnum og sálfræðinni.



Rauði samfestingurinn vakti mikla athygli.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumenn: Atli Bergmann, atlib@365.Is, s. 512 5457 Jóhann Waage, johannwaage@365.Is, s. 512 5439 Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.Is, s. 512 5429 Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.Is, s. 512 5433







MÁTUNARPARTÝ
í dag frá kl 18-21!
20%
AFSLÁTTUR AF
BITTE KAI RAND, PBO
ELINETTE OG ÖLLUM YFIRHÖFNUM
KYNNUM NÝJA
AÐHALDSLÍNU FRÁ
SPANX
BY SARA BLAKELY
ÁSTRÍK KYNNIR
SÆLKERAPOPP
GOURMET
ÁSTRÍK
POPPKORN
LÉTTAR VEITINGAR!
Ljósmyndari á staðnum, 50.000 gjafabréf fyrir tvær skemmtilegustu myndirnar!
hjá Hafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Ögrar staðalímyndunum

**Thelma Björnsdóttir er 29 ára fatahönnuður með stórar hugsjónir. Hún stundaði nám í París og er nýflutt til Sviss. Hún er með eigið fatamerki og hyggst hanna flíkur fyrir konur í öllum stærðum.**

Thelma byrjaði ung að velta fyrir sér tísku og fötum. Sem unglingur var hún þó oftast í vandræðum með fataval og að kaupa föt var hið mesta erfiði. Thelma upplifði því tískuheiminn óaðgengilegan vegna líkamsstærðar sinnar. Það var þess vegna sem hún ákvað að taka málin í sínar hendur og gerast fatahönnuður.

„Ég fann löngun til að hjálpa fólki í yfirstærð sem hefur áhuga á tísku. Hún er í raun ekki aðgengileg fyrir þennan hóp og svo er líka skortur á fjölbreytileika þegar kemur að „plus size“ fatnaði.


Thelma Björnsdóttir fatahönnuður.


Thelma Björnsdóttir með fyrirsætum sínum á Pulp Fashion Week í París 2015.

Þetta eru mikið til einsleit föt og hugsunin er að steypa alla í sama mótið.“

Aðspurð um hugmyndafræðina sem liggur að baki fatamerkinu segist Thelma ætla að leggja sitt af mörkum til að breyta því hvernig staðalímyndir kvenna eru mótaðar af samfélaginu;

„Mig langar að taka burtu þennan ramma sem er settur utan um „plus size“ tísku og gera tískuna aðgengilegri. Ég vil færa konum eitthvað sem þær geta prufað sig áfram með, farið út fyrir kassann. Oftast er þetta þannig að það er ein aðalfatalína og svo er „plus size“ lína. Svo er alltaf mikill munur á línunum. Ég vil eyða þessu, kynna eina línu og hafa margar stærðir í boði. Síðan má líka tala um það sem er jákvætt að gerast. Fatahönnuðurinn Christian Siriano er til dæmis núna farinn að opna línuna sína fyrir stærri stærðum og var með módel í alls konar stærðum á nýjustu tískusýningunni sinni. Það er það sem ég vil gera.“

Um eigin stíl segir Thelma hann vera nokkuð fjölbreyttan en á sama tíma vill hún ögra staðalímyndum með fatavali sínu og prófa eitthvað nýtt.

„Ég reyni að vera svona frekar afslöppuð eða „effortless chic“ ef ég má sletta. En ég vil líka ögra þessari pælingu sem er með konur í yfirstærð, það að þær þurfi að fela eitthvað. Ég er að reyna að brjótast út úr því og ganga í því sem mér finnst flott þó svo að það sjáist í magann á mér. Það er eins og sumar kröfur, sem settar eru á konur í yfirstærð, séu gerðar fyrir þægindi annarra. Svo að fólki líði ekki illa við að horfa á mann. Ég á til dæmis netbol sem ég ætti í raun ekki að klæðast samkvæmt þessu. Mér finnst að allar konur ættu að stíga út fyrir kassann sinn og prófa sig áfram óháð því í hvaða stærð þær eru. Dýfa tánum í óvissuna. Þú tapar ekkert á því.“

> Mig langar að taka burtu þennan ramma sem er settur utan um „plus size“ tísku og gera tískuna aðgengilegri. Ég vil færa konum eitthvað sem þær geta prufað sig áfram með, farið út fyrir kassann.

Thelma lærði fatahönnun í IFA Paris og sýndi útskriftarlínuna sína á Pulp Fashion Week árið 2015. Síðan þá hefur hún unnið að opnun netverslunar á heimasíðu sinni. Fyrsta flíkin sem fer í sölu verða buxur sem eru úr útskriftarlínu Thelmu.

„Mig langaði að byrja á þeim því þær fengu svo góðar undirtektir á Pulp Fashion Week í París. Ég er búin að vera að vinna í stærðarskala sem ég vil miða við en ég stefni á að byrja að selja í byrjun næsta árs. Það er hægt að skrá sig á póstlistann á heimasíðunni minni en hún er enn í vinnslu. Þar sendi ég út tilkynningu þegar netverslunin verður opnuð ef fólk hefur áhuga á henni.“


Buxur sem verða til sölu hjá Thelmu.




Flottar buxur
Kr. 7990,-
Netverslun á tiskuhus.is
My Style tískuhús
Stærðir 38-52
my style
Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

Ný buxnasending frá Brandtex

Gallabuxur
kr. 7.900.-
Litur: dökkblár
Str. 38-52
2 síddir: 78 og 82 cm

Svartar buxur
kr. 9.800.-
Str. S-2XL

Ríta
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030




# BIOTHERM KYNNING

## Í LYFJUM & HEILSU KRINGLUNNI
## FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS

**20% AFSLÁTTUR AF**
**ÖLLUM BIOTHERM DÖMU- OG HERRAVÖRUM**

Glæsilegur kaupauki fylgir þegar keyptar eru Biotherm vörur fyrir 7.800 kr eða meira á meðan birgðir endast.




**NÝTT**

**BLUE THERAPY EYE-OPENING SERUM** endurnýjandi augnserum sem vinnur gegn hrukkum og dökkum baugum. Dregur verulega úr þrota og þungum augnpokum. Einstök ný formúla, sem einnig STYRKIR og ÞÉTTIR augnhárin.

NÝ tvöföld tækni með BURSTA fyrir augnhárin og STÁLKÚLU fyrir augnsvæðið. Hentar einnig fyrir þá sem nota linsur.

# Smekklega „dansaralufsan“

**Unnur Elísabet Gunnarsdóttir er dansari og danshöfundur sem stendur fyrir litlu listahátíðinni Ég býð mig fram sem fram fer í Mengi. Hún segist vera að henda sér í alls kyns hlutverk þessa dagana.**

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@365.is



*Hvernig föt kaupir þú oftast?* Ég kaupi oftast þægileg föt og efnið þarf að vera mjúkt og teygjanlegt. Ég þoli ekki efni sem stinga og klóra. Ég elska víðar peysur, víðar skyrtur, teygjanlegar buxur. Allt sem er auðvelt að hreyfa sig í. Ég er enginn tískugúrú en veit samt nákvæmlega hvað ég fíla. Ef það væri til nafn yfir minn stíl þá væri það sennilegast eitthvað í þessa áttina: „Smekklega en afslappaða týpan“. Eða kannski bara „dansara-lufsan, sem er alltaf með úfið hárið en stundum svona semí með-etta“.

*Hvar kaupir þú föt?* Ég kaupi föt mest í útlöndum. Mínar uppáhaldsbúðir eru: & Other Stories, Monki og Urban Outfitters. En hér heima versla ég mest í Maiu, Zöru og Sautján. Vildi óska að ég hefði efni á að versla í Geysi.

*Hvað er málið í haust og vetur?* Haustin eru uppáhaldstíminn minn því þá fer maður í öll kósí fötin og hlýju yfirhafnirnar. Ég er mjög einföld þegar það kemur að fötum. Þegar ég fíla eitthvað þá væri ég mest til í að eiga það í mörgum litum svo ég gæti bara alltaf valið mér það sama. Fyrir mig er málið að vera bara í kósí peysum, gallabuxum og flottum yfirhöfnum. Poppa sig síðan upp með Orra Finn, sem er uppáhaldsskartið mitt.

*Finnst þér gaman að klæða þig upp á?* Mér finnst klárlega gaman að vera fín í partíum og einstaka sinnum fer maður í glimmergallann og tryllta kjóla. En þegar ég er búin að vera mikið að sýna þá nenni ég ekki alltaf að fara í enn annan tryllta gallann, frekar bara í klassískan afslappaðan kjól og lufsast um.

*Hver er uppáhaldsflíkin þín?* Vá! Erfið spurning. Ég held að ég verði að segja víða fallega bláa skyrtan mín, sem ég á í nokkrum litum, haha. Hún er uppáhalds því hún er víð, þægileg en samt hugguleg og ég er alveg fín í henni. Ég fékk hana í & Other Stories. Ég væri til í að kaupa lagerinn hjá þeim af skyrtum.



Bláa skyrtan gengur við hvað sem er.



Haustið er í uppáhaldi hjá Unni því það kallar á stórar hlýjar peysur.

*Áttu þér uppáhaldshönnuð?* Ég á mér einn uppáhaldshönnuð á Íslandi og hún er snillingur. Það er engin önnur en sundboladrottningin Erna Bergmann sem hannar Swimslow-sundbolina. Einstök klassík.

*Ertu veik fyrir aukahlutum?* Ég elska góða skó, en á mjög fáa skó. Vantar klárlega fleiri í skápinn, er oft í vandræðum. En ég er veikust fyrir skarti. Ég elska Orra Finn og Kríu.

*Hvað er á döfinni hjá þér núna?* Akkúrat núna er ég á leiðinni inn í frumsýningartörn á nýja verkinu mínu sem heitir Ég býð mig fram og verður frumsýnt í Mengi þann 26. október. Ég sendi bréf til þrettán listamanna og bauð þeim að semja örverk sem ég myndi flytja. Allir sögðu já þannig að ég er á hlaupum alla daga að hitta þessa snillinga og henda mér í hin ýmsu hlutverk og ævintýri, syngjandi, leikandi, dansandi og margt margt fleira.


## Hlúðu vel að sjóninni

Í dag er alþjóðlegi sjónverndardagurinn en hann er haldinn annan fimmtudag í október ár hvert. Tilgangur dagsins er að beina sjónum almennings að blindu og sjónskerðingu, endurhæfingu blindra og sjónskertra og vörnum gegn sjónmissi. Í tilefni dagsins vill Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga benda á nokkur atriði sem almenningur getur gert til að hlúa að sjóninni:




**Farðu reglulega í augnskoðun**

Þú getur verið með alvarlegan sjúkdóm, án einkenna. Sumir augnsjúkdómar geta þróast hratt ef þeir eru ekki meðhöndlaðir.



**Ekki reykja**

Fólk sem reykir er 3 til 4 sinnum líklegra til að fá aldursbundna augnbotnahrörnun. Með því að hætta að reykja núna, dregurðu úr líkunum á því að þú fáir aldursbundna augnbotnahrörnun.




**Borðaðu hollan mat og hreyfðu þig**

Borðaðu vítamínauðugan mat. Ofþyngd, kyrrseta og hár blóðþrýstingur eru áhættuþættir sem geta valdið sjúkdómum í augum.



**Verndaðu augun þín frá sólarljósi**

Notaðu hatt og sólgleraugu með að minnsta kosti 98% vörn gegn útfjólubláum geislum sólarinnar.



**Notaðu öryggisgleraugu**

Notaðu viðurkennd öryggisgleraugu þegar þú stundar íþróttir eða vinnur með verkfæri.



**Íhugaðu vítamíninntöku**

Ef þú hefur þurra aldursbundna augnbotnahrörnun skaltu ráðfæra þig við augnlækninn þinn um vítamín fyrir augun.

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga
Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík | Sími: 54 55 800 | midstod.is




Sífellt fleiri vinnustaðir halda upp á bleika daginn. Hér er starfsfólk Akraneskaupstaðar í bleiku á Bleika deginum 2016. Stefán Þór Steindórsson, byggingarfulltrúi bæjarins (annar frá vinstri í fremstu röð), saumaði fánann.

# Landsmenn hvattir til að sýna samstöðu í bleiku

Bleiki dagurinn verður haldinn hátíðlegur á morgun, föstudaginn 13. október, en þá eru landsmenn hvattir til að sýna samstöðu, klæðast bleiku og hafa bleikt í fyrirrúmi. Dagurinn hefur notið sívaxandi vinsælda undanfarin ár og sífellt fleiri skipuleggja bleik kaffiboð í vinnunni og heimafyrir. Hugmyndin er að vekja athygli á árvekniátaki Bleiku slaufunnar og baráttunni gegn krabbameinum hjá konum.

Ef fyrirtæki og félagasamtök vilja nota tækifærið og styrkja bleiku slaufuna á einhvern hátt eru til þess ýmsar leiðir. Hægt er að láta hluta af ágóða af sölu ákveðinnar vöru renna til félagsins eða gefa hlut af veltu dagsins eða bleika mánaðarins, ef því er að skipta. Þá er hægt að gefa fasta upphæð af hverri færslu eða stakt framlag. Eins er hægt að vekja athygli á átakinu með því að skreyta með bleiku eða standa fyrir bleiku boði svo dæmi séu nefnd.

Á vef Bleiku slaufunnar segir að bleiki mánuðurinn sé kjörinn fyrir fyrirtæki sem vilja fá jákvæða athygli og láta gott af sér leiða. Samkvæmt könnun sem Maskína gerði fyrir Krabbameinsfélagið vorið 2016 eru 85% þeirra sem svöruðu líklegri til að kaupa vöru þar sem hluti af söluandvirðinu rennur til Bleiku slaufunnar ef um er að ræða val á milli tveggja sambærilegra vara á sambærilegu verði.



Starfsfólk Eimskips gerði sér glaðan dag á bleika daginn í fyrra.

Krabbameinsfélagið hvetur alla til að taka skemmtilegar bleikar myndir af sér, vinahópum eða vinnustöðum, merkja þær #bleikaslaufan og senda á á netfangið bleikaslaufan@krabb.is. Þær eru í framhaldinu birtar á Facebook-síðu Bleiku slaufunnar.

Allar nánari upplýsingar er að finna á bleikaslaufan.is.

# Vetrardekk

FIMMTUDAGUR 12. OKTÓBER 2017

Kynningar: Dekkverk, Nesdekk



Nokkrir af traustum og góðum starfsmönnum Dekkverks (f.v.): Aron Máni, Gylfi, Þorfinnur Óli og Hrafn Aron. MYNDIR/HANNA

## Frábær verð og úrvalsþjónusta

Hugmyndafræði Dekkverks hefur alltaf gengið út á að bjóða úrvalsdekk á lægstu mögulegu verðum. Liðlegheit og sveigjanleiki einkenna svo sannarlega rekstur fyrirtækisins. →2




Allt á fullu hjá Gylfa við að maka á dekkin.



Saulius Jekeliunas er aldursforseti Dekkverks og algjörlega ómissandi starfsmaður.

Dekkverk var stofnað árið 2009 í Garðabæ en stofnandi fyrirtækisins, Guðmundur Örn Guðjónsson, átti sér þann draum að selja dekk á viðráðanlegri verðum en tíðkaðist þá auk þess sem hann sá líka tækifæri í breyttum opnunartíma. Árið 2013 kom Jón Haukdal Þorgeirsson að rekstri fyrirtækisins samfara því sem Guðmundur hóf að sinna öðrum verkefnum. Jón segist hafa fylgt sömu hugmyndafræði og Guðmundur frá upphafi enda óþarfi að breyta því sem vel gengur. „Þegar Guðmundur opnaði Dekkverk rak hann fyrirtækið á þeirri hugmyndafræði að bjóða lægstu verðin sem hægt var að bjóða upp á auk þess sem opið var milli kl. 10 og 19 alla daga sem var nýtt á þeim tíma. Óhætt er að segja að fyrirtækið hafi ekki aflað sér mikilla vinsælda hjá keppinautunum fyrir vikið.“

Fyrirtækið fór fljótlega á flug þrátt fyrir að auglýsa lítið sem ekkert. „Ánægðir viðskiptavinir voru besta auglýsingin og Dekkverk stækkaði jafnt og þétt á næstu árum. Samkeppnisaðilar okkar tóku vel eftir breyttri kauphegðun neytenda sem keyptu margar vinsælar dekkjategundir á alveg hlægilega góðum verðum.“

> **Ánægðir viðskiptavinir voru besta auglýsingin og Dekkverk stækkaði jafnt og þétt á næstu árum.**
>
> Jón Haukdal Þorgeirsson

### Þjónustustigið hækkað

Fyrir þremur árum var stigið stórt skref þegar Dekkverk opnaði annað útibú við Nýbýlaveg 2 í Kópavogi, á sama stað og Toyota var með þjónustuverkstæði sitt áður. „Þetta var mikið stökk því sama ár tryggði Dekkverk sér umboðið fyrir Westlake-dekkin. Annað stórt stökk var síðan tekið í haust þegar við ákváðum að loka Dekkverki í Garðabæ, færa alla þjónustu á Nýbýlaveginn og auka þjónustuna um leið. Mörgum föstum viðskiptavinum okkar í Garðabænum þótti það miður en ég held að þegar þeir sjá að við erum enn gamla góða Dekkverk, bara á öðrum stað, þá komi nú gamla góða brosið aftur. Um leið breyttum við opnunartíma um helgar en nú er opið milli kl. 12 og 16 bæði laugardaga og sunnudaga.“

### Sterkari innviðir

Í dag býður Dekkverk líka upp á viðgerðar- og smurþjónustu og því þurfti að fjölga starfsmönnum, segir Jón. „Við þurftum að ráða fleiri starfsmenn en hafa sést hér áður. Húsnæðið stækkaði og þjónustuúrvalið breikkaði. Fyrir vikið voru starfsmenn í smá tíma að vaxa inn í það hlutverk en nú gengur allt eins og í sögu. Núna erum við því að sjá hvernig Dekkverk ætlar að starfa í framtíðinni og er þetta gert með sterkari innviðum og þéttara eftirliti með þeim verkum sem eru í gangi hverju sinni.“

Dekkverk býður upp á gott úrval af bæði vetrar- og heilsársdekkjum að sögn Jóns. „Við ráðleggjum viðskiptavinum með val á réttum dekkjum. Vetrardekk eru venjulega negld dekk á meðan heilsársdekk eru óneglanleg dekk en það er hægt að fá vetrardekk sem er ekki búið að negla og nota þau sem heilsársdekk. Einnig bjóðum við upp á rúðuþurrkur, rúðuvökva, rafgeyma, perur og aðrar vörur sem fylgja gjarnan vetrartímanum.“

### Góð þjónusta

Það er harðnandi samkeppni á dekkjamarkaði en Dekkverk hefur alltaf getað státað af sveigjanlegri þjónustu, segir Jón. „Stundum fæst ekki það sem viðskiptavinur vill fá og þá höfum við oftast stokkið til og reddað málum, jafnvel þótt það sé utan vinnutíma eða við höfum keyrt vörur í heimahús. Ef ákveðin dekk fást ekki hjá okkur pöntum við þau viðskiptavinum að kostnaðarlausu. Við kannski auglýsum það ekki sérstaklega en liðlegheit og sveigjanleiki einkennir svo sannarlega rekstur okkar.“

Hann segir Dekkverk alltaf leitast við að bæta þá frábæru þjónustu sem fyrirtækið hefur boðið upp á undanfarin ár. „Það er alltaf erfitt að halda í starfskraftinn eftir stóru tarnirnar en við gerum okkar besta til að halda í þessa frábæru stráka. Við erum með stórt og flott húsnæði og í augnablikinu er að fara mikið pláss til spillis. Um þessar mundir erum við þó á fyrstu stigum í að stækka reksturinn inn í þetta rými. Vonandi verður það þrifalegra heldur en verkstæðishlutinn okkar. Annars erum við bara stoltir af íslensku landsliðsstrákunum okkar í fótbolta eftir sigurinn á mánudaginn. Við hér á Dekkverki ætlum svo sannarlega að fylgja þeim eftir alla leið næsta sumar.“



Aron Máni að negla eins og enginn sé morgundagurinn.

Nánari upplýsingar má finna á www.dekkverk.is.




Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Veffang: Visir.is




# JEPPADEKK

Vönduð amerísk jeppadekk sem henta frábærlega fyrir íslenskar aðstæður. Stærðir 29”-44”.

Dick CEPEK®
TIRES & WHEELS




nokian
HAKKAPELIITTA® 44




44” radíal. Hannað í samstarfi Arctic Trucks og Nokian.

nokian TYRES

35” radíal. Frábært vetrardekk!



AT315

38” radíaldekk sem hefur margsannað sig á hálendi Íslands.



AT405

DEKKJAÞJÓNUSTA

TÍMAPANTANIR
Í SÍMA 540 4900

Arctic Trucks Ísland ehf.
Kletthálsi 3
110 Reykjavík

Sími 540 4900
Netfang info@arctictrucks.is
Vefur www.arctictrucks.is

ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS




Nesdekk að Breiðhöfða 13 eru miðsvæðis með þægilega aðkomu fyrir stóra sem smáa.

# Nesdekk hugsa stórt – nú að Breiðhöfða

Fagmennska er í fyrirrúmi á dekkjaverkstæðum Nesdekkja. Nýverið var opnað nýtt og fullkomið dekkjaverkstæði undir nafni Nesdekkja að Breiðhöfða og eru þau nú orðin sex talsins.

Hjá Nesdekkjum hugsa menn stórt og hafa nú opnað eitt stærsta og fullkomnasta hjólbarðaverkstæði landsins að Breiðhöfða 13. Því eru nú rekin sex hjólbarðaverkstæði undir nafni Nesdekkja á suðvesturhorni landsins. Nýjasta Nesdekkjaverkstæðið er tilkomið fyrst og fremst vegna þess að hraður uppgangur í ferðaþjónustunni og hjá verktakafyrirtækjum í landinu hefur kallað á meiri og betri þjónustu við þann stóra og sérhæfða bílaflota sem þessi fyrirtæki reka.




Gestur Árskóg, þjónustustjóri atvinnubíla, hefur margra áratuga reynslu í að þjónusta stærstu bílana.

## Hægt að aka í gegnum húsið að Breiðhöfða

Gestur Árskóg, þjónustustjóri atvinnubíla, segir að tilkoma þessa nýja hjólbarðaverkstæðis að Breiðhöfða marki tímamót í starfsemi Nesdekkja.

„Það er óhætt að segja að nýja Nesdekkjaverkstæðið okkar í Breiðhöfða sé kærkomin viðbót við Nesdekkjaflóruna. Hér er hugsað stórt í öllu tilliti, því nýja húsið er sérhannað fyrir starfsemina, með tækjabúnaði og aðstöðu til að veita bílum af öllum stærðum fyrsta flokks hjólbarðaþjónustu,“ segir Gestur og nefnir meðal annars niðurgrafnar lyftur og



Hægt er að keyra í gegn um nýjasta dekkjaverkstæði Nesdekkja að Breiðhöfða.





Nesdekk að Breiðhöfða er eitt stærsta og fullkomnasta hjólbarðaverkstæði landsins.

> Hér er hugsað stórt í öllu tilliti, því nýja húsið er sérhannað fyrir starfsemina, með tækjabúnaði og aðstöðu til að veita bílum af öllum stærðum fyrsta flokks hjólbarðaþjónustu.
>
> Gestur Árskóg



Nesdekk er á sex stöðum á suðvesturhorninu, meðal annars á Grjóthálsi 10.



Nesdekk eru að Lyngási 8 Garðabæ þar sem Nýbarði var áður.

snertilausar umfelgunarvélar.

„Þá býður hönnunin upp á þá nýjung að hópferða- og vöruflutningabílar geta keyrt í gegnum verkstæðið. Hér er því á ferðinni eitt fullkomnasta hjólbarðaverkstæði á landinu sem á eftir að gjörbylta möguleikum okkar til að veita eigendum bíla af öllum stærðum betri þjónustu í hvívetna.“ Gestur ítrekar að það eigi ekki síst við um stóru bílana. „Við teljum okkur vera á besta stað hér í Breiðhöfðanum, miðsvæðis og með þægilega aðkomu fyrir stóra sem smáa. Afkastagetan er mikil og má geta þess að rými er til að sinna fjórum til sex trukkum í einu, án þess að það bitni á þjónustu við minni bílana. Kjörorð okkar í Breiðhöfða er: Stærðin skiptir ekki máli – við dekkjum alla bíla.“

## Nesdekk býður faglega ráðgjöf við dekkjaval

Öll hjólbarðaverkstæði Nesdekkja eiga það sameignlegt að veita bílaeigendum fyrsta flokks þjónustu. Þar finna bílaeigendur sömuleiðis einhverja breiðustu línu af hjólbörðum sem völ er á.

Að sögn Gests er það viðurkennd staðreynd að dekkin hafa heilmikið að segja um aksturseginleika bílsins og því veltur öryggi ökumanna og farþega á gæðum þeirra. „Þess vegna skiptir miklu máli að velja réttu dekkin. Við kappkostum að hjá Nesdekkjum séu fagmenn að störfum sem geti veitt bestu ráðgjöf við dekkjaval og þjónustu sem völ er á. Viðskiptavinirnir geta treyst okkar mönnum fyrir bílum sínum og atvinnutækjunum þegar dekkin eru annars vegar.“

Hjá Nesdekkjum finnur þú hjólbarða frá einhverjum þekktustu framleiðendum í heimi. Má þar nefna Toyo, Pirelli, BF Goodrich, Maxis og Interstate ásamt fjölda annarra.

Nesdekkjaverkstæðin eru nú sex talsins og eru á eftirfarandi stöðum: Breiðhöfða 13, Fiskislóð 30, Grjóthálsi 10, Tangarhöfða, Lyngási 8 Garðabæ og Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ.

# Keyrum ekki undir áhrifum snjallsíma



Margir átta sig ekki á hættunni af snjalltækjanotkun undir stýri. NORDICPHOTOS/GETTY

**Slysavarnafélagið Landsbjörg stendur nú fyrir átakinu „Vertu snjall undir stýri“ til að breyta viðhorfum fólks gagnvart því að nota snjalltæki undir stýri.**

**Oddur Freyr Þorsteinsson**
oddurfreyr@365.is



Þann 19. september síðastliðinn hóf Slysavarnafélagið Landsbjörg átakið „Vertu snjall undir stýri“. Átakið snýst um að fá fólk til að hætta að nota snjalltæki í akstri. „Þetta er orðið mikið vandamál og ein okkar mesta vá í umferðinni. Við ætlum að leggja okkar á vogarskálarnar til að snúa þessari þróun við,“ segir Jónína Kristín Snorradóttir, slysavarnafulltrúi hjá Landsbjörg. „Samgöngustofa hefur verið með flott verkefni sem höfðar meira til ungs fólks og við ákváðum að nota aðra nálgun og ná til þeirra sem eru eldri og atvinnubílstjóra.“

„Við hófum samstarf við fyrirtæki sem eru í atvinnuakstri og starfsmenn þeirra og þannig náum við árangri,“ segir Jónína. „Þetta leiðir til hugarfarsbreytingar hjá þeim og svo vonumst við til að koma af stað keðjuverkun í samfélaginu.“

## Að keyra undir áhrifum tækja

Snjalltækjanotkun truflar ökumenn mikið. „Snjalltækin eru hönnuð þannig að þau eru sífellt að kalla á okkur og fólki virðist finnast þetta svo sjálfsagt að það hugar ekki að því hvaða þýðingu það hefur að skoða símann í akstri,“ segir Jónína. „Bara það að lenda í áköfum samræðum hefur gríðarleg áhrif á einbeitinguna. Þá verða viðbrögð við öllu í kringum mann hægari og það má líkja því við að vera undir áhrifum áfengis. Þannig að kannski getum við kallað þetta að vera undir áhrifum snjalltækja.“

„Við höfum góðar tölfræðiupplýsingar frá útlöndum þar sem talað er um að fjórðung slysa megi rekja til snjalltækjanotkunar,“ segir Jónína. „Hlutfallið gæti verið hærra, því það er ekki víst að fólk sem lendir í slysi viðurkenni alltaf snjalltækjanotkun undir stýri.“

## Persónuleg ábyrgð

Viðhorf fólks og hegðun virðist stangast á. „Samgöngustofa gerði viðhorfskönnun varðandi snjalltækjanotkun undir stýri og um 80% sögðu að hún væri stórhættuleg,“ segir Jónína. „En samt sögðust um 30% stunda hana. Þetta virðist mjög sterkur ávani.“

„Ég held að þetta sé fyrst og fremst bara ákvörðun sem hver og einn þarf að taka. Að nota ekki símann undir stýri. Við verðum öll að leggja okkar af mörkum til að gera umferðina öruggari,“ segir Jónína. „Þeir sem eiga erfitt með að hætta að nota símann í akstri gætu prófað að slökkva á öllum tilkynningarhljóðum eða að sleppa að hafa hann við höndina. Nýjasta uppfærslan á iPhone bætti líka við sérstakri akstursstillingu og ég vona að fleiri snjalltækjaframleiðendur taki það til fyrirmyndar.“

Nú stendur líka til að hækka sektina við því að nota síma undir stýri úr 5.000 krónum í 40 þúsund krónur. „Víða í heiminum er verið að hækka sektir og herða reglur verulega og það hjálpar vonandi,“ segir Jónína.



Jónína Kristín Snorradóttir, slysavarnafulltrúi hjá Landsbjörg. MYND/ANTON BRINK

## Verkefninu vel tekið

Landsbjörg hefur fundið fyrir miklum áhuga og ánægju með átakið. „Við höfðum samband við fyrirtæki í atvinnurekstri og hófum átakið í samstarfi við 11 fyrirtæki,“ segir Jónína. „Fleiri eru nú þegar að bætast í hópinn og fyrirtæki eru farin að hafa samband við okkur að fyrra bragði, sem er mjög ánægjulegt.

Fyrirtækin og Slysavarnafélagið Landsbjörg skrifa undir yfirlýsingu um samfélagslega ábyrgð og eftir það merkja fyrirtækin bílana sína með merki og skilaboðum átaksins,“ segir Jónína. „Svo bjóðum við upp á fræðslufyrirlestur fyrir starfsfólkið í samstarfi við Samgöngustofu og fyrirtækjunum býðst að gera samning við bílstjórana sína um að taka þátt í verkefninu af heilum hug og vera góð fyrirmynd í umferðinni,“ segir Jónína.

Verkefnið er rétt að fara af stað. „Vonandi mun það lifa lengi, það er ekki vanþörf á,“ segir Jónína. „Það er langtímaverkefni að breyta viðhorfi fólks.“




Landsbjörg og fyrirtækin sem taka þátt skrifa undir yfirlýsingu um samfélagslega ábyrgð. MYND/LANDSBJÖRG



GREEN DIAMOND

UMHVERFISVÆN OG ENDURUNNIN FRAMLEIÐSLA

ÖRUGGUSTU VETRARDEKKIN Í HÁLKU samkvæmt prófunum*

VARIST EFTIRLÍKINGAR!

Samkvæmt rannsókn Sweden Vej og Traficc Institut (VTI*) á vetrardekkjum komu Green Diamond Harðkornadekkin mun betur út en önnur þekkt merki á markaðnum, m.a. þegar skoðuð var virkni dekkjanna í hálku við frostmark. Við þær aðstæður verða flest óhöpp í umferðinni. Einnig kom í ljós að nagladekk höfðu lengri bremsuvegalengd bæði á blautu og þurru malbiki, en við þær aðstæður er ekið 98% af tímanum s.s. á höfuðborgarsvæðinu. Green Diamond Harðkornadekk ættu því að vera fyrsti kosturinn fyrir þá sem vilja auka öryggi sitt og stuðla að betra umhverfi, þar sem þau valda hverfandi svifryki og eru endurnýtt hráefni. Traustir og kröfuharðir íslenskir viðskiptavinir okkar eru sama sinnis.

GARÐABÆR | isavia | ÍSTAK | HAFNARFJÖRÐUR | Björgunarfélagið Eyvindur Flúðum

*www.hardkornadekk.is/pages/profanir-dekk

PANTIÐ Á:
panta@hardkornadekk.is
611 7799
www.hardkornadekk.is



Hafðu það skemmtilegra í haust með Stöð 2

VIÐ ERUM AÐ TALA **UM ÞIG**

Við framleiðum íslenskt efni fyrir þig. Vertu með okkur í haust, það er einfaldlega skemmtilegra með **Stöð 2**.

MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is | 365

# Tökum mark á aðvörunum

Tími vetrardekkja rennur upp 1. nóvember. Áríðandi er að spara ekki við sig þegar kemur að vali á traustum hjólbörðum og kynna sér vel umsagnir og samanburðarprófanir á gæðum vetrardekkja.

**Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**
thordisg@365.is

Það felst enginn sparnaður í því að gefa afslátt af öryggi. Hjólbarðar eru án efa eitt mikilvægasta öryggistæki ökutækisins og lófastór flötur hjólbarðans, sem er eina snerting ökutækisins við veginn, þarf að vera í fullkomnu lagi,“ segir Einar Magnús Magnússon, sérfræðingur í öryggis- og fræðsludeild Samgöngustofu.

Einar hvetur neytendur til að kynna sér vel niðurstöður prófana á hjólbörðum áður en keypt eru vetrardekk og velja þau dekk sem fá hæstu einkunn miðað við fyrirhugaða notkun og aðstæður.

„Þau kunna að vera dýrari fyrir budduna en á móti kemur að það helst oft í hendur að ending þeirra er miklum mun meiri en ódýrari vetrardekkja. Því eru talsverðar líkur á að sparnaður felist í hærri stofnkostnaði á endanum.“

Við kaup á vetrardekkjum brýnir Einar fyrir bíleigendum að hafa hugfast að þau uppfylli öll skilyrði þess að geta talist vetrarhjólbarðar.

„Leita skal staðfestingar á því út frá merkingum sem finna má á hjólbörðunum. Einnig borgar sig að leita staðfestingar á gæðum hjólbarða og öryggi með merkingum sem skylt er að fylgi nýjum hjólbörðum.“



Einar Magnús Magnússon er sérfræðingur í öryggis- og fræðsludeild hjá Samgöngustofu. Hann segir nagladekk gagnleg í viðvarandi ísingu. MYND/STEFÁN

## Lágmarks mynstursdýpt dekkja

**3,0 mm** lágmarks mynstursdýpt yfir vetrartímann (1. nóvember til 14. apríl)
**1,6 mm** lágmarks mynsturdýpt yfir sumartímann (15. apríl til 31. október)
**Tími nagladekkja er frá 1. nóvember til 15. apríl.**

Hitastig hefur einnig áhrif á hjólbarða.

„Þess vegna er efnablanda hjólbarða sem ætlaðir eru til notkunar á sumrin önnur en hjólbarða sem ætlaðir eru til vetraraksturs,“ útskýrir Einar. „Sumardekk harðna þegar kólnar í veðri og veita því minna veggrip á veturna. Vetrardekk eru hins vegar með efnisblöndu sem heldur meiri mýkt í frosti og kulda og tryggir þar af leiðandi betra veggrip, auk þess að vera með grófara mynstur sem veitir betra grip í hálku og snjó. Þannig er efnisblanda vetrardekkja of mjúk fyrir akstur að sumarlagi og getur valdið óstöðugleika í beygjum og lengri hemlunarvegalengd.“

Þegar kemur að heilsársdekkjum segir Einar gott að hafa í huga að þau séu í flestum tilfellum grófmunstruð sumardekk. „Gúmmíblandan í heilsársdekkjum er þar af leiðandi harðari og í frosti geta þau orðið glerhörð, hál og óstöðug, og grípa þá verr í vetrarfærinu.“

### Dekk fyrir drullu og snjó

Neytendur geta þekkt vetrarhjólbarða út frá merkingum á hliðum þeirra.

„Ýmist eru notaðir bókstafirnir M og S sem standa fyrir ‚mud‘ og ‚snow‘, eða drullu og snjó, en dekk frá Norður-Ameríku bera mynd af snjókorni inni í útlínum fjalls og er merkið staðfesting á því að hjólbarðinn sé hannaður fyrir erfiðar vetraraðstæður,“ útskýrir Einar.

Hann bendir á að auðvelt sé að finna á netinu umsagnir og samanburðarprófanir á gæðum hjólbarða í hálku og snjó.

„Mikilvægast er að spara ekki við sig þegar hjólbarðar eru valdir, að velja vetrardekk sem henta best aðstæðum sem líklegast er að verði á vegi manns og að virkni þeirra sé athuguð við samsvarandi aðstæður. Samkvæmt ábendingu frá Rannsóknarnefnd samgönguslysa tekur The Scandinavian Tire & Rim Organization (STRO) saman lista yfir vetrarhjólbarða sem þeir mæla með og má finna listann á heimasíðu samtakanna, stro.se,“ upplýsir Einar.

### Lokað þegar er lokað

Í sænskri rannsókn Strandroth frá árinu 2011, á áhrif negldra hjólbarða á umferðaröryggi, kemur fram að mikill öryggisávinningur er af negldum hjólbörðum ef ekið er reglulega á ísi lögðum vegum eða vegum með þjöppuðum snjó.

„Þetta á sérstaklega við um ökutæki sem eru ekki útbúin stöðugleikakerfi,“ segir Einar. „Þess ber þó að geta að það er enginn ávinningur af negldum hjólbörðum við aðrar kringumstæður, eins og í bleytu eða á þurru malbiki. Nagladekk eru fyrst og fremst gagnleg þar sem miklar líkur eru á viðvarandi ísingu, eins og algengast er utan þéttbýlis.“

Til að komast heill út úr komandi vetrarfærð greinir Einar á milli gæða hjólbarða og möguleika ökutækis til að komast leiðar sinnar, og svo hæfni og „gæða“ ökumannsins.

„Að viðurkenna vanmátt sinn ber vott um góðan og skynsaman bílstjóra. Þegar ökumaður efast um að hann komist leiðar sinnar með öruggum hætti sökum aðstæðna og veðurs er viðkomandi aldeilis frábær bílstjóri ef hann leitar annarra leiða eins og með almenningssamgöngum eða leigubíl. Það borgar sig alltaf að fylgjast vel með fréttum af færð og veðri og taka mark á aðvörunum. Aðvörun veðurfræðinga og Vegagerðarinnar um vont veður og afleita færð á ekki eingöngu við um alla hina, heldur þig líka. Og þegar það er lokað – þá er lokað.“

Ýmsar spurningar leita á huga ökumanna varðandi hjólbarða. Svör við mörgum þeirra má finna á samgongustofa.is og fib.is, undir hjólbarðar.

www.n1.is facebook.com/enneinn






**Michelin X-ICE**
Hljóðlát og naglalaus vetrardekk
Ný APS gúmmíblanda tryggir gott grip í kulda og hita
Frábærir akstursseiginleikar



**Michelin X-ICE NORTH**
10% styttri hemlunarvegalengd á ís
Færri naglar en meira grip
Aukið öryggi og meiri virðing fyrir umhverfinu



**Michelin Alpin 5**
Endingargóð naglalaus vetrardekk
Sérhönnuð fyrir fjölskyldu- og borgarbíla
Mikið skorið og stefnuvirkt mynstur sem veitir frábært grip við erfiðar aðstæður

**Hjólbarðaþjónusta N1**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Bíldshöfða | 440-1318 | Langatanga Mosfellsbæ | 440-1378 | **Opið** | |
| Fellsmúla | 440-1322 | Reykjavíkurvegi Hafnarfirði | 440-1374 | mán – fös | kl. 08-18 |
| Réttarhálsi | 440-1326 | Grænásbraut Reykjanesbæ | 440-1372 | laugardaga | kl. 09-13 |
| Ægisíðu | 440-1320 | Dalbraut Akranesi | 440-1394 | **www.n1.is** | |
| | | Réttarhvammi Akureyri | 440-1433 | | |

Alltaf til staðar
N1


SHIMANO
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
TRI
CUBE
STAGES CYCLING
Wilier TRIESTINA
Nýjar vörur frá Cube, Tacx & Louis Garneau komnar!
Tacx
ParkTool
Xenofit
www.xenofit.de
STAGES
WWW.TRI.IS
#cube_your_life!
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00
Rolf PRIMA

# Frægustu kjólar sögunnar

**Aðlaðandi er konan ánægð og geislandi ef hún nær að baða sig í ljóma aðdáunar í kjól sem engin önnur klæðist við sama tilefni. Kjólarnir hér hlutu allir heimsfrægð fyrir að stela senunni.**



Okkar eina sanna Björk skartaði einum umtalaðasta kjól sögunnar við afhendingu Óskarsverðlaunanna í mars 2001. Hvítur fjaðrakjóllinn var sköpunarverk makedónska hönnuðarins Marjan Pejoski og hvíldi svanshaus og appelsínugulur goggur á barmi Bjarkar. Ítalski tískurisinn Valentino endurhannaði svanskjólinn árið 2014.



Græni, gegnsæi Versace-kjóllinn, sem söng- og leikkonan Jennifer Lopez klæddist á rauða dreglinum við afhendingu Grammy-verðlaunanna árið 2000, verður lengi í minnum hafður enda með eindæmum afhjúpandi og ögrandi.



Breska leikkonan Audrey Hepburn hafði ómæld áhrif á tískuna þegar hún klæddist hinum eina sanna „litla, svarta kjól“ í kvikmyndinni Breakfast at Tiffany's árið 1961. Kjóllinn var hönnun Givenchy og var seldur á uppboði árið 2006 fyrir 85 milljónir sem gefnar voru fátækum á Indlandi í gegnum góðgerðarsamtök.



Brúðarkjóll Díönu prinsessu er ógleymanlegt brúðarskart, hannaður af Emanuel, með 8 metra löngum slóða. Hér er Díana og Karl Bretaprins þegar þau gengu í hjónaband frammi fyrir 705 milljónum sjónvarpsáhorfenda árið 1981.



Einn af frægustu kjólum sögunnar er hvíti kjóllinn með plíseraða pilsinu sem þyrlaðist upp eftir fögrum leggjum kynbombunnar Marilyn Monroe á loftræstirist yfir jarðlestakerfi New York-borgar, á horni 51. strætis og Lexingtontraðar í september 1954. Kjóllinn var hannaður af William Travilla en komst seinna í eigu leikkonunnar Debbie Reynolds.


GERRY WEBER - TAIFUN - SAMOON HAUSTLÍNURNAR

skoðið laxdal.is/yfirhafnir





BERNHARD LAXDAL

Skipholti 29b • Sími 551 4422

15% afsláttur

fimmtudag - mánudag

12.-16. okt.


Debra Messing stendur hér á stjörnunni sinni.

## Debra Messing fær stjörnu

Leikkonan Debra Messing sem gerði garðinn frægan í þáttunum Will & Grace, sem vinsælir voru á árunum 1998-2006, sá langþráðan draum rætast þegar hún eignaðist á dögunum eigin stjörnu á Hollywood Walk of Fame. „Ef ég á að vera hreinskilin datt mér aldrei í hug að þessi draumur myndi rætast,“ sagði hún við þetta tækifæri. „En ég hef svo sem upplifað miklu meira en ég gat nokkurn tíma látið mér detta í hug,“ bætti hún við. Debra hlaut Emmy-verðlaun fyrir leik sinn í þáttunum Will & Grace. Hún segir að móðir hennar, sem lést fyrir fjórum árum, hefði alltaf verið viss um að dóttir sín ætti eftir að verða stjarna. Debra, sem er 49 ára, sagði að það hefði verið frábært ef móðir hennar hefði fengið að upplifa þennan heiður.

Debra hefur undanfarið leikið á Broadway en það hafði líka verið gamall draumur hennar. Hún ólst upp á Rhode Island og þegar hún kom til New York horfði hún á leikhúsheiminn með aðdáun. Nýlega var gerð ný þáttaröð um Will & Grace með sömu leikurum. Hollywood-stjarna Debru er númer 2620 á götunni.



Söngkonan Pink skartaði þessum fína jakka í síðustu viku.

## Gallajakkinn í finmmtíu ár

Levi's fagnar fimmtíu ára afmæli gallajakkans um þessar mundir með því að fá fimmtíu þekkta einstaklinga úr ýmsum geirum og hvaðanæva úr heiminum til að sitja fyrir í sinni uppáhaldsútfærslu af þessari klassísku fjölnotaflík sem passar við allt. Meðal þeirra sem votta gallajakkanum virðingu sína og ást eru kínverska Instagram-stjarnan Boynam, franski rafdúettinn Justice, indverski leikarinn og grínistinn Kanan Gill, Solange Knowles og Justin Timberlake. Talið er að George Harrison hafi markað upphaf vinsælda gallajakkans árið 1967 og síðan hafa nánast allir tónlistarmenn á einhverju skeiði látið mynda sig í gallajakka. Til hamingju með afmælið, kæri gallajakki og megi vinsældir þínar aldrei dvína!

## Georg prins er aðaltískuviti bresku konungsfjölskyldunnar

Hinn fjögurra ára gamli Georg prins, sonur Vilhjálms prins og Kate Middleton, virðist orðinn áhrifamesta tískufyrirmyndin í bresku konungsfjölskyldunni, þrátt fyrir ungan aldur. Fatnaðurinn sem prinsinn ungi klæðist hefur meiri áhrif á leit að fötum á eBay en klæðnaður nokkurs annars í fjölskyldunni.

Móðir hans er sjálf mikil tískufyrirmynd og á greinilega ekki í vandræðum með að finna smekklegan fatnað á börnin sín. Dóttirin, Charlotte, er mjög áhrifamikil en Georg er greinilega ókrýndur tískukóngur fjölskyldunnar.


Fatastíll Georgs prins hefur slegið í gegn. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

Leitum að gulum peysum eins og þeirri sem Charlotte klæddist á tveggja ára afmæli sínu fjölgaði mikið á eBay daginn sem myndirnar voru birtar og það sama gerðist með kjólinn sem Charlotte klæddist í konunglegri heimsókn til Þýskalands.

Litli prinsinn, sem hefur vakið athygli fyrir fínar skyrtur, prjónaðar peysur og stuttbuxur, er þó greinilega áhrifamestur. Eftir heimsókn fjölskyldunnar til Kanada seint á síðasta ári, þar sem öll fjölskyldan klæddist bláu, tvöfölduðust leitir að bláum peysum eins og hann var í. Að sögn eBay hefur vefsíðan selt næstum 1.500 hluti sem tengjast stíl Georgs prins á síðustu þremur mánuðum, svo það má sannarlega segja að fatastíll prinsins hafi slegið í gegn.


ESTĒE LAUDER

Estée Lauder kaupaukinn þinn í Sigurboganum

20% afsláttur 12.-14. október

Þessi glæsilegi kaupauki fylgir með ef keyptar eru vörur frá Estée Lauder fyrir 6.900 kr. eða meira dagana 12.–18. október.*

*meðan birgðir endast



Kaupaukinn inniheldur:

**Advanced Night Repair Cleansing Foam** – froðuhreinsi, 30 ml
**Resilience Lift Firming/Sculpting Face and Neck Crème** – rakakrem sem stinnir og formar húðina, 15 ml
**Advanced Nigt Repair Eye Gel** – alhliða augnkrem, 5 ml
**Advanced Night Repair** – viðgerðardropa, 7 ml
**Double Wear Stay In Place Lip Pencil** – varablýant, litur spice, 8 g
**Pure Color Envy Sculpting Lipstick** – varalit í fullri stærð, litur intense nude.
**Modern Muse EDP** – ilmvatn, 4 ml
**Fallega snyrtibuddu**

SIGURBOGINN
SNYRTI- OG TÍSKUVÖRUVERSLUN
LAUGAVEGI 80 ■ TEL: 561 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS

# Hetjur, skrímsli og skúrkar

## Comic-Con fór fram í New York fyrr í mánuðinum og sumir gestanna mættu í stórglæsilegum búningum.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@365.is

Comic-Con hátíðin í New York fór fram snemma í október. Þessar samkomur, sem fyrst snerust aðeins um myndasögur, hafa vaxið mikið á síðustu árum og eru í dag orðnar að allsherjar fagnaði helguðum myndasögum, vísindaskáldsögum, ofurhetjumyndum, tölvuleikjum, sjónvarpsþáttum og fleiru.

Það er löngu komin hefð fyrir því að gestir hátíðarinnar mæti í búningum og tjái þannig aðdáun sína á uppáhaldssögupersónum sínum. Hér áður fyrr var ekki talið flott að klæðast svona búningum, en eftir velgengni kvikmyndanna um Hringadróttin og Harry Potter í byrjun aldarinnar opnuðust flóðgáttir nördaskapsins. Í dag eru ofurhetjumyndir og annað skemmtiefni sem áður var talið nördalegt orðið eitthvað það alvinsælasta.

**» Það er löngu komin hefð fyrir því að gestir Comic-Con mæti í búningum og tjái þannig aðdáun sína á uppáhaldssögupersónum sínum. Metnaðurinn fyrir búningunum verður sífellt meiri og útkoman er sannarlega glæsileg.**

Fyrir vikið hefur metnaðurinn og gæðastaðallinn á búningum aðdáenda rokið upp og á Comic-Con í dag eru ótrúlega glæsilegar ófreskjur, hetjur og þekktar sögupersónur á hverju strái. Hér er brot af því allra besta.



Þessi Batman í málmbúningi var ansi vígalegur. NORDICPHOTOS/GETTY



Master Chief var afvopnaður áður en honum var hleypt inn. NORDICPHOTOS/GETTY



Superman lét ekki vaða yfir sig. NORDICPHOTOS/GETTY



Wonderwoman hélt friðinn. NORDICPHOTOS/GETTY



Predator safnaði hauskúpum. NORDICPHOTOS/GETTY



Það lá vel á Jókernum. NORDICPHOTOS/GETTY




Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
INHOPE insafe
SAFT
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

## Keypt & Selt

### Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

HUMARSALAN

Hágæða Hornafjarðarhumar og sjávarfang. SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www.humarsalan.is Pöntunarsími: 867 206677

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Atvinna

### Atvinna í boði

Jói Fel

**ÓSKUM EFTIR AFGREIÐSLUFÓLK Í BAKARÍIÐ HJÁ JÓA FEL**
Bakaríið hjá Jóa Fel óskar eftir að ráða afgreiðslufólk í fullt starf. Unnið er á tvískiptum vöktum og aðra hvora helgi. Um framtíðarstarf er að ræða. Einnig vantar okkur afgreiðslufólk í hlutastörf um helgar.

STARFSKRÖFUR:
- Stundvísi, áreiðanleiki og góð þjónustulund.
- Íslenskukunnátta er skilyrði
**Umsóknum skal skilað til Lindu á linda@joifel.is**

**STARFSKRAFTUR ÓSKAST**
Stundvís og reglusamur starfskraftur óskast til ýmissa starfa í matvöruverslun. Hlutastarf kemur til greina.
**Uppl. Kjöthöllin Háleitisbraut 58-60 og í síma 553 8844.**

**VÉLAVÖRÐ**
vantar á Hörð Björnsson ÞH
Gert er út á línu með beitningarvél.
Landað er á Raufarhöfn
Upp. Í síma 866-6959
**Umsóknir sendist á utgerd@gpg.is**

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

Hús í Dalaseli nr 7 í kjallara, 2 herb. eldhús m ísskáp. baðherb. Lítil geymsla. 72 fm. 2 fataskápar. Hægt er að koma að skoða e. kl. 17. Uppl. 775 1231. V. 150þ m hita og rafmagn. 2 mánuðir tryggingu. Laus 1. nóv.

Til leigu í Reykjavík 107, 2 herb. Kósý, björt, útsýni. 145þ. leiga. ibud.17@gmail.com

### Húsnæði óskast

Hjón á besta aldri óska eftir 2-3ja herb íbúð með baðkari til lengri eða skemmri tíma. Þarf að vera laus um mánaðmótin okt/nóv. Uppl. í S 869 1657

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

### Atvinnuhúsnæði

**HÚSNÆÐI TIL LEIGU:**
Auðbrekka 4 160 fm með innkeyrsluhurð

Nýbýlavegur 4 430 fm með innkeyrsluhurð og vörulyftu

Nýbýlavegur 8 "Portið" 55 fm verslunarbil

**S: 690 3031 og hafsteinn@lundurfasteignir.is**

450 FASTEIGNASALA
450 Fasteignasala ehf. kt. 620900-2490
Engjateigur 9, 105 Reykjavík - 450@450.is

**Fjölskyldufyrirtæki til sölu - einstakt tækifæri!**

Um er að ræða afar vel rekið fjölskyldufyrirtæki í eigin húsnæði á frábærum stað í Reykjavík.

Fyrirtækið selur eigin framleiðslu og vörur til fyrirtækja og einstaklinga. Fyrirtækið er með sterk viðskiptasambönd, eigin innflutning og góðar og stöðugar arðgreiðslur. Sömu eigendur frá upphafii hátt í tvo áratugi. Vaxandi velta og miklir vaxtamöguleikar.

Upplýsingar eingöngu veittar á skrifstofu að undangenginni undirskrift trúnaðaryfirlýsingar.

450@450.is | Guðmundur H. Valtýsson Lögg. fasteignasali | 865-3022

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

### Aðalskipulagsmál

**Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að endurskoðun eftirfarandi aðalskipulags-áætlana áður en þær verða teknar til afgreiðslu í sveitarstjórn:**

**Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Heildarendurskoðun**
Lögð fram til kynningar tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem á að gilda fyrir tímabilið 2017-2029. Drög að tillögu að endurskoðun aðalskipulagsins var kynnt á íbúafundi sem haldinn var í Félagsheimilinu Árnesi 29. ágúst sl. Á fundinum bárust ýmsar athugasemdir og ábendingar auk þess sem haft hefur verið samráð við ýmsa hags-munaaðila á svæðinu í tengslum við ákveðna þætti aðalskipulagsins. Í kjölfar þessa hafa verið gerðar ýmsar breytingar og lagfæringar á gögnum aðalskipulagsins. Tillagan er hér lögð fram til kynningar áður en sveitarstjórn tekur hana til afgreiðslu skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2016-2030. Heildarendurskoðun**
Lögð fram til kynningar tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps sem á að gilda fyrir tímabilið 2016-2030. Drög að tillögu að endurskoðun aðalskipulagsins var kynnt á íbúafundi sem haldinn var í Félagsheimilinu Borg 20. júní sl. Á fundinum bárust ýmsar athugasemdir og ábendingar auk þess sem haft hefur verið samráð við ýmsa hagmunaaðila á svæðinu í tengslum við ákveðna þætti aðalskipulagsins. Í kjölfar þessa hafa verið gerðar ýmsar breyting-ar og lagfæringar á gögnum aðalskipulagsins. Tillagan er hér lögð fram til kynningar áður en sveitarstjórn tekur hana til afgreiðslu skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofu-tíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni http://www.sbf.is.

Skipulagstillögurnar eru í kynningu frá 12. til 26. október 2017 og þurfa athugasemdir og ábendingar að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 26. október. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

**Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar varðandi eftirfarandi aðalskipulag:**

**Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027. Heildarendurskoðun.**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi 12. september 2017 tillögu að endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins fyrir tímabilið 2015-2027. Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann 15. júní 2017 með athuga-semdafresti til 28. júlí. Athugasemdir og umsagnir bárust á kynningartíma og var aðalskipulagið samþykkt með nokkrum minniháttar breytingum til að koma til móts við hluta athugasemda og ábendinga. Aðalskipulagið hefur nú verið sent Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska eftir nánari upplýsingum um afgreiðslu aðalskipulagsins er bent á að hafa samband við skipulagsfulltrúa.

***Pétur Ingi Haraldsson***
***Skipulagsfulltrúi***
***petur@utu.is***

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
*Verið hjartanlega velkomin.*
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

# Faxaflóahafnir og lögmál frumskógarins



Ragnheiður Þorgrímsdóttir
Kúludalsá, Hvalfirði

Sameignarfélagið Faxaflóahafnir, sem er að mestu í eigu Reykjavíkurborgar, hefur nánast hneppt Hvalfjörð í fjötra með eignarhaldi sínu á Grundartanga þar sem hvert mengandi iðjuverið á fætur öðru hefur risið, fyrir tilstilli Faxaflóahafna. Eitt þeirra, GMR, hefur lagt upp laupana við lítinn glæsibrag. Sérkennilegt er að Reykjavík þurfi að fara í annað sveitarfélag með óhreinan iðnað. Borgin sem fékk náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs 2014 hefur falið andlit sitt að þessu leyti bak við Faxaflóahafnir.

Mengun frá iðjuverunum á Grundartanga hefur haft verulega neikvæð áhrif á lífríkið, búskap, heilsu dýra, ferðaþjónustu, útivist og lífsgæði íbúa við allan Hvalfjörð, sem er ekki lengur hreint svæði. Mengandi efni í andrúmslofti, vatni, gróðri og lífverum eru í boði Faxaflóahafna. Þau sveitarfélög sem einnig eiga hlut í Faxaflóahöfnum virðast til í hvað sem er, séu peningar í boði. Þá er ekki verið að velta fyrir sér „smámunum“ svo sem mati á umhverfisáhrifum eða rækilegri úttekt á afleiðingum mengunarinnar. Menn virðast tilbúnir til að trúa hverju sem er og skýla sér á bak við innlendar eftirlitsstofnanir sem hafa sýnt að þær láta hvorki náttúruna njóta vafans né leggjast í rannsóknir sem staðfest geti að hið mikla umburðarlyndi þeirra gagnvart mengandi iðjuverum sé réttlætanlegt.

Nítjándi september síðastliðinn markaði tímamót varðandi stóriðju hérlendis, en þann dag féll Silicor Materials formlega frá samningum við Faxaflóahafnir um aðstöðu fyrir iðjuver sitt á Grundartanga. Áður hafði Silicor Materials, sem dregur sögulegan slóða vanefnda á eftir sér, haldið Faxaflóahöfnum volgum í nokkur ár með því að veifa hundruðum atvinnutækifæra framan í viðsemjendur sína á Íslandi.

Ekki er ljóst á hvaða róli vísindasamfélagið var meðan á þessu stóð. Vitað var að um tilraun í framleiðslu sólarkísils var að ræða. Engir aðrir en Silicor Materials sjálft og fulltrúar þess á Íslandi gáfu upplýsingar um framleiðsluferilinn. Engin til þess bær, hlutlaus erlend stofnun virðist hafa verið fengin til að meta möguleika Silicor Materials til að standa undir væntingum, hvorki hvað varðaði framleiðsluna, fjármögnun né orkukaup. Silicor Materials átti sviðið.

**Almenningur ber kostnaðinn**

Eðli málsins samkvæmt mun almenningur bera kostnað vegna undirbúnings fyrir Silicor Materials á Grundartanga sem og vegna undirbúnings fyrir væntanlega fólksfjölgun vegna iðjuversins í nálægu þéttbýli. Það er ástæða til að óttast að sameignarfélagið Faxaflóahafnir, sem hefur verið blint á að í firðinum býr fólk sem á rétt á hreinu umhverfi eins og aðrir borgarar þessa lands, reyni að krækja í enn eitt mengandi iðjuverið til handa Hvalfirði. Lögmál frumskógarins, þar sem sá sterkari étur þann vanmáttugri, gæti enn um sinn orðið leiðarljós Faxaflóahafna, þrátt fyrir að sameignarfélagið hafi þurft að lúta í gras eftir samskipti sín við Silicor Materials.

**Saga Silicor Materials á Íslandi hefði getað orðið lengri og með meira tjóni en orðið er. Gott er að þessu máli er lokið. En vert er að minnast þess að Faxaflóahafnir lögðust gegn því að Silicor þyrfti að sæta mati á umhverfisáhrifum. Svo mikil var trúgirnin og flumbrugangurinn.**

Saga Silicor Materials á Íslandi hefði getað orðið lengri og með meira tjóni en orðið er. Gott er að þessu máli er lokið. En vert er að minnast þess að Faxaflóahafnir lögðust gegn því að Silicor þyrfti að sæta mati á umhverfisáhrifum. Svo mikil var trúgirnin og flumbrugangurinn. Eftir er að sjá hvort Faxaflóahafnir muni læra af reynslunni og verða umhverfisvænni framvegis. Félagið þyrfti að einbeita sér að því í alvöru að koma böndum á mengun frá Elkem, Norðuráli og Kratusi sem leigja land Faxaflóahafna á Grundartanga, sem og mengun frá gríðarlegri umferð flutningaskipa um Hvalfjörð. Það myndi bæta ásýnd Reykjavíkurborgar og annarra eigenda Faxaflóahafna.



Bros auglýsingavörur með þínu merki
Skoðaðu litríkt úrval á bros.is
Bros auglýsingavörur,
Norðlingabraut 14.
BROS
AUGLÝSINGAVÖRUR
– með þínu merki

Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?
GUM eru hágæða tannvörur
tannlæknar mæla með GUM tannvörum


... fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum
allar upplýsingar á www.icecare.is





Gylfi Þór Sigurðsson skoraði þrjú mörk og gaf þrjár stoðsendingar í fimm heimaleikjum Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Laugardalur til lukku

**Íslensku karlalandsliðin í fótbolta, handbolta og körfubolta hafa ekki tapað einu einasta stigi í keppnisleikjum sínum í Laugardalnum undanfarna sextán mánuði. Öll hafa komist á stórmótin.**

**FÓTBOLTI** Á Ísland besta heimavöll í heimi? Tölurnar á síðustu mánuðum koma Laugardalnum örugglega inn í þá umræðu enda hefur ekki eitt einasta stig tapast í Laugardal síðustu misseri.

Körfuboltalandsliðið komst inn á Eurobasket í Helsinki í haust, handboltalandsliðið er komið inn á EM í Króatíu í janúar og fótboltalandsliðið tryggði sér sæti á heimsmeistaramótinu í fyrsta sinn á mánudagskvöldið. Öll liðin voru þarna að tryggja sig inn á sitt annað stórmót í röð.

Lykillinn hjá öllum þessum þremur landsliðum var óaðfinnanlegur árangur á heimavelli í undankeppninni. Eitt misstig í heimaleik hefði nægt hjá öllum liðunum þremur til að koma í veg fyrir að þau kæmust inn á fyrrnefnd stórmót.

Það eru hinsvegar engin víxlspor eða fótaskortur hjá strákunum okkar þegar þeir spila í Laugardalnum þessa dagana.

Íslensku landsliðin þrjú hafa nú unnið tólf leiki í röð í Dalnum eða alla leiki síðan að handboltalandsliðið vann þriggja marka sigur á Portúgal í umspili um sæti á HM í Frakklandi í júnímánuði 2016. Frá þeim tíma hefur fótboltalandsliðið unnið fimm leiki, handboltalandsliðið fjóra leiki og körfuboltalandsliðið þrjá leiki.

Íslensku liðin hafa ekki tapað heimaleik í undankeppni stórmóts síðan körfuboltalandsliðið tapaði fyrir Bosníu-Hersegóvínu í lok ágúst 2014 en svo skemmtilega vill til að strákarnir fögnuð eftir þann leik. Íslenska liðið tryggði sér nefnilega sæti á Eurobasket í fyrsta sinn með því að ná „góðum“ úrslitum.

Eftir þennan undarlega leik í Laugardalshöllinni 27. ágúst 2014 hafa landsliðin þrjú leikið tuttugu leiki í röð í undankeppnum stórmóta án þess að tapa. Liðin hafa unnið 18 af leikjunum 20 eða alla nema tvo jafnteflisleiki fótboltalandsliðsins haustið 2015 þegar sæti á EM í Frakklandi var tryggt.

Fótboltalandsliðið hefur ekki tapað keppnisleik á Laugardalsvelli síðan í júní 2013 og handboltalandsliðið hefur ekki tapað keppnisleik í Höllinni síðan í júní 2006

Það er mikil þörf fyrir betri aðstöðu fyrir landsliðin okkar í Laugardalnum og margir sjá nýja fjölnota íþróttahöll í hillingum. Það er hins vegar ekki hægt að líta framhjá því að lukkan er með landsliðunum þessi misserin bæði á Laugardalsvelli sem og í Laugardalshöllinni. ooj@frettabladid.is

## Tólf sigrar í röð hjá karlalandsliðum Íslands í keppnisleikjum í Laugardalnum

12. júní 2016 **Handboltalandsliðið vann Portúgal 26-23**

31. ágúst 2016 **Körfuboltalandsliðið vann Sviss 88-72**

14. september 2016 **Körfuboltalandsliðið vann Kýpur 84-62**

17. september 2016 **Körfuboltalandsliðið vann Belgíu 74-68**

6. október 2016 **Fótboltalandsliðið vann Finnland 3-2**

9. október 2016 **Fótboltalandsliðið vann Tyrkland 2-0**

2. nóvember 2016 **Handboltalandsliðið vann Tékkland 25-24**

7. maí 2017 **Handboltalandsliðið vann Makedóníu 30-29**

11. júní 2017 **Fótboltalandsliðið vann Króatíu 1-0**

18. júní 2017 **Handboltalandsliðið vann Úkraínu 34-26**

5. september 2017 **Fótboltalandsliðið vann Úkraínu 2-0**

9. október 2017 **Fótboltalandsliðið vann Kósovó 2-0**



### Karlalandsliðið í fótbolta

**2 stórmót í röð**

*Tuttugu leikir í röð án taps í Laugardalnum*

**Undankeppni EM 2016**
3 sigrar, 2 jafntefli og 0 töp
Markatala: **+6 (9-3)**
**Komst á EM í Frakklandi**

**Undankeppni HM 2018**
5 sigrar, 0 jafntefli og 0 töp
Markatala: **+8 (10-2)**
**Komst á HM í Rússlandi**



### Karlalandsliðið í körfubolta

**2 stórmót í röð**

**Undankeppni Eurobasket 2015**
1 sigur og 1 tap*
Stigatala: **+5 (153-148)**
**Komst á EM í Berlín**
** Fögnuðu sæti á EM þrátt fyrir tap*

**Undankeppni Eurobasket**
3 sigrar og 0 töp
Stigatala: **+44 (246-202)**
**Komst á EM í Helsinki**



### Karlalandsliðið í handbolta

**2 stórmót í röð**

**Undankeppni EM 2016**
3 sigrar, 2 jafntefli og 0 töp
Markatala: **+45 (108-63)**
**Komst á EM í Póllandi**

**Undankeppni HM 2017** (umspil)
1 sigur, 0 jafntefli og 0 töp
Markatala: **+3 (26-23)**
**Komst á HM í Frakklandi**

**Undankeppni EM 2018**
3 sigrar, 0 jafntefli og 0 töp
Markatala: **+10 (89-79)**
**Komst á EM í Króatíu**

## Nýjast

**Domino's-deild kvenna**

**Breiðablik - Keflavík 72-69**
**Stigahæstar:** Ivory Crawford 34/15 fráköst, Sóllilja Bjarnadóttir 12, Ísabella Ósk Sigurðardóttir 11/13 fráköst - Brittanny Dinkins 19/8 fráköst.

**Valur - Skallagrímur 70-67**
**Stigahæstar:** Hallveig Jónsdóttir 21, Alexandra Petersen 15/9 fráköst, Elín Sóley Hrafnkelsdóttir 15/8 fráköst - Carmen Tyson-Thomas 35/18 fráköst, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 18/10 fráköst.

**Snæfell - Haukar 72-76**
**Stigahæstar:** Kristen Denise McCarthy 38/10 fráköst/10 stolnir - Helena Sverrisdóttir 25/13 fráköst/7 stoðsendingar, Cherise Michelle Daniel 15/8 fráköst.

**Olís-deild karla**

**Víkingur - FH 23-36**
**Markahæstir:** Magnús Karl Magnússon 5, Hlynur Óttarsson 4 - Einar Rafn Eiðsson 8/1, Ágúst Birgisson 5, Gísli Þorgeir Kristjánsson 4, Óðinn Þór Ríkharðsson 4.

**Olís-deild kvenna**

**Selfoss - Fram 23-34**
**Markahæstar:** Hulda Dís Þrastardóttir 6, Harpa Sólveig Brynjarsdóttir 4/1 - Ragnheiður Júlíusdóttir 15/4, Þórey Rósa Stefánsdóttir 7, Marthe Sördal 3, Elísabet Gunnarsdóttir 3.

ÓLAFUR PÁLL TIL FJÖLNIS
Ólafur Páll Snorrason er tekinn við karlaliði Fjölnis í fótbolta. Hann skrifaði undir þriggja ára samning við Grafarvogsfélagið. Ólafur Páll tekur við þjálfarastarfinu af Ágústi Gylfasyni sem er farinn til Breiðabliks. Ólafur Páll er uppalinn Fjölnismaður og lék með liðinu í nokkur ár. Árin 2015-16 var hann spilandi aðstoðarþjálfari hjá Fjölni en á síðasta tímabili var Ólafur Páll aðstoðarþjálfari hjá FH. Fjölnir endaði í 10. sæti Pepsi-deildarinnar á síðasta tímabili.

STJÖRNUSIGUR Í RÚSSLANDI
Stjarnan tryggði sér sæti í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu með 0-4 útisigri á rússneska liðinu Rossiyanka í gær. Liðin skildu jöfn, 1-1, í fyrri leiknum í Garðabænum og Stjarnan vann því einvígið 5-1. Þetta er í fyrsta sinn síðan 2008 sem íslenskt lið kemst í 16-liða úrslit Meistaradeildarinnar. Katrín Ásbjörnsdóttir skoraði tvívegis fyrir Stjörnuna í leiknum í gær og Kristrún Kristjánsdóttir eitt mark. Þá skoruðu Rússarnir eitt sjálfsmark.



## Í dag

**19.05 Þór Þ. - Njarðvík** Sport
**02.30 CIMB Classic** Golfstöðin

**Domino's-deild karla:**
**18.00 Valur - Tindastóll**
**19.15 Þór Þ. - Njarðvík**
**19.15 ÍR - Höttur**
**19.15 Grindavík - Haukar**

**Domino's-deild kvenna:**
**19.15 Njarðvík - Stjarnan**

**Olís-deild karla:**
**20.30 Valur - ÍR**

**Olís-deild kvenna:**
**18.30 ÍBV - Grótta**

markhönnun ehf

# netto

netto
www.netto.is
Á NETINU

# VERÐ SPRENGJUR!

-40%

-50%







## NAUTAHAKK
1 KG (FROSIÐ Í RÚLLU)

**999 KR/KG**

~~ÁÐUR: 1.665 KR/KG~~

## BAYONNESTEIK
FRÁ KJÖTSEL

**999 KR/KG**

~~ÁÐUR: 1.998 KR/KG~~



# Berjadagar

-30%

**BRÓMBER**
DRISCOLLS 250 GR



**RIFSBER**
125 GR

**HINDBER**
250 GR

**Tilboðin gilda 12. - 15. október 2017 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, afi og langafi,
**Hilmar Guðmundsson**
Kolbeinsá, Hrútafirði,

sem lést 29. september sl. verður jarðsunginn frá Prestbakkakirkju laugardaginn 14. október kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Orgelsjóð Prestbakkakirkju, 0161-15-630055, kt. 520269-5929.

**Sigurrós M. Jónsdóttir**
**Erna Hilmarsdóttir** **Már Gunnarsson**
**Sigurjón Hilmarsson** **Rut Einarsdóttir**
**Hannes G. Hilmarsson** **Kristín G. Jónsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn**
**og aðrir aðstandendur.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför
**Arnar Inga Gíslasonar**
fjöllistamanns.

**Dýrleif Bjarnadóttir**
**og fjölskylda.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,
**Herdís Matthildur Guðmundsdóttir**
Úthlíð 33, Hafnarfirði,

lést umkringd ástvinum á heimili sínu að morgni 9. október. Útför verður auglýst síðar. Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki heimahlynningar Landspítalans og á deild 21A fyrir einstaka umönnun og stuðning.

**Árni Brynjólfsson**
**Sigþór Árnason** **Hulda Helga Þráinsdóttir**
**Brynjólfur Árnason** **Inga Þóra Ásdísardóttir**
**Hrönn Árnadóttir** **Óskar Meldal Gíslason**
**og ömmubörn.**



Innilegar þakkir fyrir veittan stuðning og kærleika við fráfall minnar ástkæru eiginkonu, besta vinar, móður okkar, ömmu og langömmu,
**Helgu Óskar Kúld**
sjúkraliða,
Brávallagötu 16.

Sérstakar þakkir fá þeir sem hugsuðu um hana í veikindum hennar, starfsfólk 11E krabbameinsdeildar, starfsfólk 2A hjúkrunarheimilisins Grundar og Útfararstofa Reykjavíkur. Blessuð sé minning hennar.

**Stefán Brynjólfsson**
**Aðalbjörg Ólafsdóttir**
**Halldóra Ólafsdóttir**
**Heiðrún Ólafsdóttir**
**Guðlaug Helga Helgudóttir Kúld**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi okkar og langafi,
**Walter Gunnlaugsson**

lést þann 3. október sl. á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu DAS, Nesvöllum, Reykjanesbæ. Kveðjuathöfn hefur farið fram í kyrrþey samkvæmt ósk hins látna. Blóm eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast Walters er bent á Blindrafélagið, blind.is.

**Anna Lísa Ásgeirsdóttir**
**María Guðrún Waltersdóttir**
**Erla Waltersdóttir**
**Vilhjálmur H. Waltersson** **Helga Elísabet Jónsdóttir**
**Anna Birgitta Nicholson** **Björn Línberg**
**Hildur Waltersdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Blæs til veislu þegar frúin nær líka fjörutíu árunum

**Ólafur Egilsson, leikari og leikstjóri, er fertugur í dag. Hann verður við vinnu í dag en ætlar að bjóða sínum nánustu til veislu. Stóra veislan verður þegar frúin nær honum í aldri. Þá verður blásið í gleðilúðurinn enda eiga þau hjónaleysin marga sameiginlega vini.**

Kærastan mín elskuleg stendur líka á tímamótum enda '77 módel eins og ég. Ég er reyndar aðeins eldri – alveg mánuðinum en við erum að hugsa um að mætast á miðri leið, slá í gleðiklárinn og halda gott partí í byrjun nóvember. Við erum búin að vera það lengi saman að við eigum alla vini og kunningja sameiginlega, um að gera að vera samstíga í þessu, eins og öðru," segir Ólafur Egilsson leikari, handritshöfundur og leikstjóri sem fagnar fertugsafmæli sínu í dag.

Ólafur ætlar að halda upp á daginn með því að mæta til vinnu sem handritsráðgjafi hjá RÚV. „Þar standa þessa dagana yfir hugmyndadagar, þar sem öllum er frjálst að kynna hugmynd að nýju íslensku sjónvarpsefni. Það eru svo margir með hugmynd að ég verð þar sennilega fram á kvöld. Kannski ég fái svo mína nánustu með út að borða á Snaps um kvöldið, ég fer yfirleitt þangað til að gera mér dagamun. Við hjónaleysin blásum svo til meiri fagnaðar síðar meir, ætli við fáum ekki bara vini okkar á Snaps til að sjá um það líka."

Þessa dagana er Ólafur að fylgja eftir sýningum sem hann hefur leikstýrt. „Það er sýning í Hörpu fyrir ferðamenn um Íslendingasögurnar sem ég skrifaði og leikstýrði, hún er að detta í 250 sýningar um þessar mundir, og svo eru það Kartöfluæturnar í Borgarleikhúsinu sem voru frumsýndar í lok september en það verk er eftir Tyrfing Tyrfingsson. Ég er svona að koma með léttar ábendingar til leikaranna, en þau eiga þetta auðvitað eftir frumsýningu og ráða alveg hvort þau taka mark á mér, ég ræð engu, sem er reyndar ágætisviðhorf yfirhöfuð – maður ræður engu.

Þegar ég er uppi í Borgarleikhúsinu reyni ég svo líka aðeins að fylgjast með Elly blessuninni, en ég skrifaði handritið ásamt Gísla Erni. Brot úr hjónabandi er líka að fara aftur á fjalirnar svo að ég er að undirbúa æfingar á því. Annars er ég aðallega að hita upp raddböndin fyrir tvenna tónleika sem ég tek þátt í undir lok mánaðarins, það eru Hrekkjavökutónleikar í Háskólabíói og svo Tommykonsert í Eldborg, og sinna lestri og skriftum," segir afmælisbarnið.

**benediktboas@365.is**



**Ólafur Egilsson, reffilegur sem fyrr.** FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

## Ólafur Egill Egilsson

- 40 ára.
- Útskrifaðist úr Leiklistardeild LHÍ árið 2002.
- Hefur leikið í fjölmörgum leiksýningum og kvikmyndum og komið að skrifum vinsælla leikgerða, kvikmynda og leikrita.
- Höfundur eða meðhöfundur verkanna Fólkið í kjallaranum, Svar við bréfi Helgu, Karitas, Elly, Eiðurinn, Brim, Sumarlandið, Brúðguminn og Ófærð.
- Hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir sín störf, meðal annars Grímuna sem besti leikari í aðal- og aukahlutverki og leikskáld ársins.



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,
**Jóns Hannesar Helgasonar**
húsgagnasmiðs,
Sóleyjarima 7, Reykjavík.

**Sigurbjörg Haraldsdóttir**
**Arnar Jónsson** **Anna Sif Jónsdóttir**
**Snorri Jónsson** **Anna Ólafsdóttir**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginkona mín og móðir okkar,
**Svanhildur Sveinbjörnsdóttir**
hagfræðingur,
Fögruhæð 6, Garðabæ,

lést mánudaginn 9. október á líknardeild Landspítalans. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ fimmtudaginn 19. október klukkan 15. Blóm og kransar afþökkuð en þeim sem vilja minnast Svanhildar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Arnar Jónsson**
**Karen Arnarsdóttir**
**Emilía Arnarsdóttir**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Guðni Grímsson**
vélstjóri,
Sólhlíð 19, Vestmannaeyjum,

lést fimmtudaginn 28. september. Útförin fer fram frá Landakirkju laugardaginn 14. október kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbavörn, Vestmannaeyjum.

**Esther Valdimarsdóttir**
**Valdimar Guðnason** **Þórey Einarsdóttir**
**Grímur Guðnason** **Eygló Kristinsdóttir**
**Guðni Ingvar Guðnason** **Þórdís Úlfarsdóttir**
**Bergur Guðnason** **Jónína Björk Hjörleifsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.




VEGNA ÁRSHÁTÍÐARFERÐAR STARFSMANNA, VERÐUR FLESTUM SKOÐUNARSTÖÐVUM FRUMHERJA LOKAÐ Í DAG FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG. ÞÓ VERÐUR OPIÐ Í KLETTAGÖRÐUM, REYKJANESBÆ, SELFOSSI OG Á FIMMTUDEGINUM Á AKUREYRI.
SJÁ NÁNAR Á WWW.FRUMHERJI.IS

# OPNUM AFTUR STRAX EFTIR HELGINA

VENJULEGIR OPNUNARTÍMAR
STRAX EFTIR HELGI UM LAND ALLT




Frumherji
www.frumherji.is
Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

20 ÁRA
STOFNAÐ 1997

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Norðaustan 13-18 m/s norðvestan til, en annars mun hægari vindur. Dregur úr úrkomu og víða bjart sunnan til. Vaxandi norðaustanátt með rigningu sunnanlands um kvöldið. Hiti víða 3 til 8 stig.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 4° | 3° |
| ↙6 | ↙12 | ↘4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 7° | 8° | 1° |
| ↑6 | ←2 | ↓5 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 3° | 3° |
| ↘12 | ↘11 | →13 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 4° | 5° | -1° |
| →10 | ↘8 | ↘12 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 1 | | | 2 | 5 | | |
| | | 2 | | 5 | 9 | 8 | 1 | |
| | | | | | 3 | | 4 | 6 |
| | 6 | | 8 | | | | 2 | |
| | 5 | 8 | 1 | | 7 | | | 9 |
| | | | | 6 | | | | |
| 1 | 9 | 5 | | 4 | | | | |
| | | | | 7 | | | 3 | |
| 4 | | 7 | 9 | | | 1 | 8 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | | 1 | 9 | | | |
| 7 | 8 | | | | 6 | | | |
| | 2 | 4 | 7 | | 5 | | | |
| | 3 | | 5 | | | | 7 | |
| 2 | | 5 | | | 1 | | | |
| 1 | | 9 | | | 8 | 2 | | |
| | | | 6 | | 7 | 9 | 5 | |
| 4 | | 8 | | | | | 1 | |
| 5 | | | | | | | 8 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | 6 | | 2 | 4 | | |
| | 6 | 2 | 4 | | | 5 | 7 | |
| | | | | | | | 8 | |
| | | 6 | 8 | 4 | 7 | | | |
| | | | | | 1 | | 4 | 6 |
| | | 5 | 2 | | | | | 7 |
| | | | | 6 | 9 | | | |
| | 4 | | | 7 | | 1 | | |
| 6 | 1 | 7 | | | | | 3 | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. tala
6. vafi
8. sprei
9. upphaf
11. tveir eins
12. gafl
14. spýta
16. kúgun
17. tunnu
18. ástæður
20. rómversk tala
21. fyrstur

**LÓÐRÉTT**
1. erindi
3. nudd
4. lærlingur
5. málmur
7. skemill
10. missir
13. af
15. strekkingur
16. heyskapar-amboð
19. mun




**LÁRÉTT: 2.** hnit, **6.** ef, **8.** úði, **9.** rót, **11.** nn, **12.** stafn, **14.** sprek, **16.** ok, **17.** ámu, **18.** rök, **20.** il, **21.** frum.
**LÓÐRÉTT: 1.** vers, **3.** nú, **4.** iðnnemi, **5.** tin, **7.** fót-skör, **10.** tap, **13.** frá, **15.** kula, **16.** orf, **19.** ku.

## Skák Gunnar Björnsson

Aljekín átti leik gegn Nestor í Trinidad árið 1939.
**Hvítur á leik**
**1. Hc8! Hxc8 2. De7!! 1-0.**
Víkingaklúbburinn vann góðan sigur á enska klúbbnum Hvítu rósunni á EM á taflfélaga í gær.

**www.skak.is:** Fylgst með EM talfélaga.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 5 | 2 | 4 | 6 | 3 | 1 | 9 |
| 2 | 9 | 3 | 1 | 7 | 8 | 5 | 6 | 4 |
| 6 | 4 | 1 | 5 | 9 | 3 | 7 | 2 | 8 |
| 3 | 5 | 7 | 8 | 1 | 9 | 6 | 4 | 2 |
| 4 | 1 | 9 | 3 | 6 | 2 | 8 | 7 | 5 |
| 8 | 6 | 2 | 7 | 5 | 4 | 9 | 3 | 1 |
| 5 | 7 | 6 | 4 | 8 | 1 | 2 | 9 | 3 |
| 9 | 2 | 4 | 6 | 3 | 5 | 1 | 8 | 7 |
| 1 | 3 | 8 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 6 | 1 | 3 | 9 | 5 | 4 | 7 | 2 |
| 7 | 4 | 9 | 2 | 1 | 6 | 5 | 8 | 3 |
| 3 | 2 | 5 | 7 | 4 | 8 | 9 | 1 | 6 |
| 5 | 8 | 4 | 6 | 2 | 9 | 7 | 3 | 1 |
| 6 | 7 | 3 | 4 | 8 | 1 | 2 | 9 | 5 |
| 9 | 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 4 | 8 |
| 1 | 5 | 7 | 8 | 6 | 4 | 3 | 2 | 9 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 5 | 7 | 1 | 6 | 4 |
| 4 | 9 | 6 | 1 | 3 | 2 | 8 | 5 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 5 | 3 | 7 | 6 |
| 5 | 9 | 6 | 1 | 3 | 7 | 2 | 4 | 8 |
| 2 | 3 | 7 | 8 | 4 | 6 | 5 | 9 | 1 |
| 6 | 7 | 9 | 2 | 8 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 3 | 4 | 8 | 7 | 5 | 1 | 9 | 6 | 2 |
| 1 | 5 | 2 | 4 | 6 | 9 | 8 | 3 | 7 |
| 9 | 6 | 5 | 3 | 7 | 2 | 1 | 8 | 4 |
| 7 | 8 | 1 | 5 | 9 | 4 | 6 | 2 | 3 |
| 4 | 2 | 3 | 6 | 1 | 8 | 7 | 5 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.




## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# WHIRLPOOL **DAGAR**




**ÞVOTTAVÉLAR - ÞURRKARAR - UPPÞVOTTAVÉLAR - ÖRBYLGJUOFNAR - OFNAR**
**HELLUBORÐ - GUFUGLEYPAR - KÆLISKÁPAR - FRYSTISKÁPAR - FRYSTIKISTUR**

## ALLAR WHIRLPOOL VÖRUR
## Á 15-50% AFSLÆTTI

## 13.-23. OKTÓBER




Heimilistæki ht.is

*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

FRÉTTABLAÐIÐ
MENNING

# Þetta er engin melódramatísk sjúkrasaga

**Þjóðleikhúsið frumsýnir í kvöld í Kassanum franska verðlaunaverkið Föðurinn eftir Florian Zeller. Eggert Þorleifsson leikari er þar í burðarhlutverki og hann segir verkið krefjandi fyrir hann sem leikara.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Hann er svona að breytast í einhvers konar svarthol," segir Eggert Þorleifsson leikari um persónuna Andre sem hann tekst á við um þessar mundir. Andre er aðalpersóna leikritsins Faðirinn eftir franska leikskáldið Florian Zeller sem hlaut hin virtu Molière-verðlaun fyrir verkið árið 2014. Andre er kominn á efri ár og virðist vera að tapa áttum. Á hann sækja spurningar eins og hvort heilinn sé farinn að gefa sig eða er það kannski heimurinn sem er genginn af göflunum? Í verkinu dregur Zeller fram spurningar um lífið og elliglöp en hann gerir það á afar nýstárlegan og áleitinn máta. Leikstjórn er í höndum Kristínar Jóhannesdóttur en með önnur hlutverk fara Edda Arnljótsdóttir, Harpa Arnardóttir, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Sveinn Ólafur Gunnarsson og Þröstur Leó Gunnarsson.

## Svartholið

Verkið þykir vera krefjandi fyrir leikara og þá einkum hlutverk Andre og Eggert segir að það sé í það minnsta erfitt að tala um það. „Það er svo erfitt að tala um svona vegna þess að út úr svona ástandi eins og Andre er í þá koma engar fréttir. Það sogast allt inn í þetta ástand og þess vegna er þetta svona skrítið mál vegna þess að persónur í þessu ástandi geta ekki flutt neinar fréttir af sér.

Afleiðingin er að þetta er í raun í fyrsta sinn sem maður getur ekki notað þessi tæki leikarans að safna að sér einhvers konar undirtexta um fortíð, stöðu, skoðanir og annað slíkt sem maður setur á persónuna vegna þess að það eru engar upplýsingar. Þetta er þannig ástand að þú opnar augun og tekur bara í augnhæð það sem er fyrir framan þig. Það er enginn annar veruleiki. Þannig að það er ekki einfalt fyrir leikara að takast á við persónu sem er í þannig ástandi að frá henni berast engar fréttir heldur sogast heimurinn inn í hana og hverfur öllum. Þetta er það sem ég á við með að hann sé að breytast í svarthol."

Aðspurður segir Eggert að óneitanlega hafi þetta æfingatímabil falið í sér mikla áskorun fyrir hann sem leikara. „Maður yngist ekki. Hefur ekki jafn lítið fyrir því að læra texta og þetta er svona í stærri kantinum auk þess sem maður hefur ekki aðgang að þessum tækjum sem leikarar nota alla jafna við sína persónusköpun. Það er ekki hægt að undirbyggja karakter sem maður hefur engar upplýsingar um og hann er ófær um að veita einhverjar upplýsingar sjálfur." En hvað gerir leikari í þessari stöðu? „Þú verður bara að taka þessu eins og það kemur af kúnni. Maður er bara eins og dýrin í skóginum sem bregðast við því sem er fyrir framan þau á hverri stundu. Þetta er svona viðbragð og sjálfsbjargarhvöt sem keyra svona persónu áfram af því að það er ekkert annað. Andre getur meira að segja ekki tekið neinu sem dellu því fyrir honum er allt veruleiki sem er þar og þá á hverri stundu fyrir sig. Allt er hér og nú."

**ÞETTA ER EKKI FYNDIÐ Á HEFÐBUNDINN HÁTT, ÞAÐ ER EKKI VERIÐ AÐ SETJA UPP EINHVERJA BRANDARA.**

## Skemmtileg samræða

Á liðnum árum hefur Eggert unnið mikið með Kristínu Jóhannesdóttur, leikstjóra sýningarinnar, en það samstarf hefur verið ansi gjöfult. „Já, mér finnst það, alla vega hvað mig varðar þá hef ég haft afskaplega gaman af því. Það er svo gaman að vinna með leikstjóra eins og Kristínu sem maður getur átt samræður við, fremur en að vera bara verkfæri leikstjóra. Mér finnst það frjálslegra og ég hef alltaf verið soldið kargur að kyngja alveg orðalaust einhverju sem maður er svo kannski alls ekkert sammála. Kristín er alltaf til í að ræða allt og prófa allar hugmyndir og það er frjálslegt og skemmtilegt að vinna með slíkum leikstjóra og ég kann vel við þannig vinnubrögð."

Skynjarðu kannski fyrir vikið að þú sért á réttri leið? Á vegferð sem þú vildir líka fara með persónuna og verkið? „Alla vega fer ég það af fúsum og frjálsum vilja en læt ekki draga mig inn í einhverja dellu sem ég er ekki sáttur við. Það eru auðvitað fleiri svona leikstjórar til en þetta skiptist soldið í tvær áttir. Sumir setja upp sýningar og nota leikarana sem tæki án þess að maður hafi nokkuð um það að segja en hjá Kristínu tekur maður svo mikla ábyrgð á sjálfum sér í ferlinu og verkinu öllu. Það finnst mér gaman."



„Maður er bara eins og dýrin í skóginum," segir Eggert Þorleifsson um persónuna sem hann leikur í Föðurnum í Þjóðleikhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Eggert og Edda Arnljótsdóttir í hlutverkum sínum. MYND/HÖRÐUR SVEINSSON

## Engin melódramatík

Þrátt fyrir að það sé alvarlegur tónn í Föðurnum er einnig fyndinn strengur í verkinu og Eggert segir að verkið sé vissulega fyndið á einhvern hátt. „Þetta er ekki fyndið á hefðbundinn hátt, það er ekki verið að setja upp einhverja brandara, en eins átakanlegt og svona ástand er þá hrökkva stundum úr hugskoti einstaklinga gráthlægilegar dellur og furðuleg viðbrögð við hlutum sem eru algjörlega á skjön við það sem er okkur kunnuglegt. Það er ekki auðvelt að koma orðum að þessu vegna þess að ég vil ekki vera að tala um þennan sjúkdóm því við erum ekki að fjalla um hann. Alls ekki. Þetta er engin melódramatísk sjúkdómssaga, langt frá því. Málið er að fréttirnar sem berast okkur út í normið úr svartholinu eiga það til að vera dáldið skrítnar og fyrir vikið skemmtilegar. Svartholið er absúrd heimur sem lýtur einhverjum lögmálum sem við þekkjum ekki."

**KRISTÍN ER ALLTAF TIL Í AÐ RÆÐA ALLT OG PRÓFA ALLAR HUGMYNDIR OG ÞAÐ ER FRJÁLSLEGT OG SKEMMTILEGT AÐ VINNA MEÐ SLÍKUM LEIKSTJÓRA OG ÉG KANN VEL VIÐ ÞANNIG VINNUBRÖGÐ.**

En er styrkur þessa verks að það veltir sér ekki upp úr einhverju sjúkdómsástandi? „Já, alveg klárlega, eins og maður segir á íþróttamáli. Verkið forðast þetta á afskaplega sniðuglegan hátt, ég ætla ekki að upplýsa hvernig, en því tekst að forðast það að verða að einhverju hefðbundnu línulaga stofudrama. Það er mikil mannleg dýpt í þessu verki og höfundurinn kippir því út úr hefðbundnu línulegu ferli og beitir ákveðinni tækni til þess að áhorfendur sjái verkið með augum Andre. Áhorfendur eru því í þeim sporum að allt kemur þeim jafn mikið á óvart og persónunni og það er sérstök upplifun."

## GIACOMO PUCCINI

# TOSCA



HÖNNUN: HGM

## FRUMSÝND 21. OKTÓBER 2017
## Í ELDBORG – HÖRPU

HLJÓMSVEITARSTJÓRI **BJARNI FRÍMANN BJARNASON** · LEIKSTJÓRI **GREG ELDRIDGE**
TOSCA **CLAIRE RUTTER** · CAVARADOSSI **KRISTJÁN JÓHANNSSON** · SCARPIA **ÓLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON**

ANGELOTTI **ÁGÚST ÓLAFSSON** · SAGRESTANO **BERGÞÓR PÁLSSON**
SPOLETTA **ÞORSTEINN FREYR SIGURÐSSON** · SCIARRONE **FJÖLNIR ÓLAFSSON**
**KÓR OG HLJÓMSVEIT ÍSLENSKU ÓPERUNNAR**
LEIKMYND **ALYSON CUMMINS** · BÚNINGAR **NATALIA STEWART**
LJÓSAHÖNNUN **ÞÓRÐUR ORRI PÉTURSSON** · SVIÐSHREYFINGAR **JO MEREDITH**

**MIÐASALA Á OPERA.IS**

#islenskaoperan

ÍSLENSKA ÓPERAN
















Skáldið Jónas Reynir hlýðir á hvatningarorð af munni borgarstjórans Dags, að viðstöddu fjölmenni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Með þökk fyrir ljóðlistina

**Fellabæingurinn Jónas Reynir Gunnarsson hlaut í gær Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar árið 2017 fyrir ljóðahandritið Stór olíuskip sem kom út á bók sama dag.**

Mér finnst ljóð vera málefnaleg og þau gefa mér klárlega eitthvað sem ég fæ hvergi annars staðar. Ég finn fyrir ákveðinni tegund af gleði við að skrifa þau,“ segir Jónas Reynir Gunnarsson sem í gær tók við verðlaunum, kenndum við Tómas Guðmundsson, úr hendi Dags B. Eggertssonar borgarstjóra í Höfða. Verðlaunin nema 700 þúsund krónum og þau hlaut Jónas Reynir fyrir ljóðahandritið Stór olíuskip. Fyrstu eintök af bókinni komu líka úr prentun í gær í útgáfu bókaforlagsins Partusar.

Jónas Reynir er úr Fellabæ og varð stúdent frá Menntaskólanum á Egilsstöðum. Síðan hefur hann lokið grunn- og meistaranámi í ritlist frá Háskóla Íslands. „Það var ekki fyrr en ég byrjaði á námskeiði hjá Sigurði Pálssyni skáldi sem ég byrjaði að yrkja. Svo ég hef ekki verið lengi að,“ segir hann. Í þakkarræðu sinni í Höfða í gær las hann upp tölvupósta sem hann hafði sent Sigurði gegnum árin í fylgd með verkefnalausnum. Allir voru þeir stuttir og lítt skáldlegir, á borð við: „Verkefni 5, b.kv. JRG,“ þar til sá síðasti flaug í september: „Til þín elsku SP með þökk fyrir ljóðlistina.“

Jónas hefur birt ljóð í Tímariti Máls og menningar og Stúdentablaði Háskóla Íslands, þar sem hann hlaut fyrsta sæti í árlegri ljóðakeppni blaðsins 2014. Árið 2015 varð hann hlutskarpastur í leikritunarkeppni sviðslistadeildar Listaháskóla Íslands með verkinu Við deyjum á Mars og sama ár kom út smásagan Þau stara á mig hjá Partusi.

Fyrsta ljóðabók Jónasar, Leiðarvísir um þorp, kom einnig út hjá Partusi nú í september 2017, sem og fyrsta skáldsaga hans, Millilending. Svo skemmtilega vill til að Jónas mun leiða smiðju skálda í alþjóðlega verkefninu Waters and Harbours in the North sem Bókmenntaborgin Reykjavík stendur fyrir vikuna 16.-21. október. Skáldin vinna saman að textum sem tengjast hafnarborgum.

Fimmtíu og eitt handrit að ljóðabók barst til dómnefndar sem Úlfhildur Dagsdóttir, Þórarinn Eldjárn og Illugi Gunnarsson skipuðu. Í niðurstöðu þeirra segir: „Stór olíuskip er sterkt og fallegt verk. Ljóðin eru stílhrein og myndmálið ferskt og grípandi. Heildarmyndin er fimlega smíðuð og kallar á endurlestur; stóru olíuskipin sigla inn og út um vitund lesandans og skilja eftir sig fínlegt kjölfar tilfinninga sem spanna allt frá depurð og eftirsjá til hógværs fagnaðar.“

Aðspurð sagði formaður dómnefndar, Úlfhildur Dags, öll handrit hafa eitthvað til síns ágætis og valið sé því alltaf vandasamt. Kvaðst hafa séð nýútkomna ljóðabók Jónasar Reynis, Leiðarvísir um þorp, og kannast við efnið því það handrit hafi orðið í 2. sæti keppninnar í fyrra.

gun@frettabladid.is

***Ljóð úr nýju bókinni Stór olíuskip***

*Hulduefnið sem fyllir upp í rifurnar á alheiminum*
*er kvöldkvíði*
*hann er ósýnilegur en mælist*
*vegna þyngdaráhrifa á allt í kringum hann.*

# Syngja á latínu, katalónsku og oksítönsku

Það eru fjölbreytt lög sem við flytjum, munkasöngvar í rólegri kantinum og hringdansalög,“ segir Alexandra Kjeld, tónlistarkona í kvartettinum Umbru, sem endurvekur katalónska miðaldasöngva í kvöld í Landakotskirkju. Yfirskriftin er Þeir vilja stundum syngja og dansa og þar er átt við pílagrímana sem höfðu Montserrat-klaustrið í Katalóníu sem fastan viðkomustað á ferðum sínum. Þar fannst handrit með söngvunum á 12. öld.

Í Umbru eru auk Alexöndru sem leikur á kontrabassa þær Arngerður María Árnadóttir á orgeli og keltneskri hörpu, Guðbjörg Hlín Guðmundsdóttir sem strýkur fiðlustrengi og Lilja Dögg Gunnarsdóttir flautuleikari. Allar syngja þær svo, en á hvaða tungumáli? „Að megninu til latínu en í handritinu eru líka tvö lög á katalónsku og eitt á oksítönsku, sem er eldgamalt mál frá Suður-Frakklandi,“ upplýsir Alexandra. „Við höfum fengið góð ráð hjá sérfræðingum og Katalóníubúum í sambandi við framburðinn og styðjumst við gamlar upptökur. Leggjumst alltaf í mikla rannsóknarvinnu þegar við förum í svona verkefni. Það hafa margir spreytt sig á að flytja lögin og það er engin ein rétt leið til þess. Maður getur ímyndað sér að þau hafi verið sungin utan klaustursins með öðrum textum. En í þessu tilfelli eru þau sungin til heiðurs Maríu mey.“

Tónleikarnir hefjast klukkan 20. Með Umbru koma fram Þórdís Gerður Jónsdóttir sellóleikari, Kristófer Rodriguez Svönuson slagverksleikari og bassadeild Söngsveitarinnar Ægisifjar.

gun@frettabladid.is



Þær Alexandra, Guðbjörg Hlín, Lilja Dögg og Arngerður María.


Jólin þín
byrja í IKEA
Við erum sérstaklega stolt af því
að vetrarlína ársins er innblásin
af íslenskri hönnun og náttúru
NÝTT
1.690,-
VINTER 2017 inniskór
NÝTT
2.990,-
VINTER 2017 jólasveinn
NÝTT
5.990,-
VÄSSAD teppi
© Inter IKEA Systems B.V. 2017
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is
IKEA®













# BÍÓ



Harrison Ford og Ryan Gosling á harðaspretti í Blade Runner 2049.

# Sjónrænt meistaraverk og fyrirmyndar framhald

KVIKMYNDIR

**Blade Runner 2049**

★★★★★

**Leikstjóri:** Denis Villeneuve
**Framleiðendur:** Andrew A. Kosove, Broderick Johnson, Bud Yorkin
**Handrit:** Hampton Fancher, Michael Green
**Kvikmyndataka:** Roger Deakins
**Tónlist:** Hans Zimmer, Benjamin Wallfish
**Aðalhlutverk:** Ryan Gosling, Ana de Armas, Harrison Ford

Þegar Ridley Scott sendi fyrst frá sér Blade Runner árið 1982 hlaut hún frekar dræmar viðtökur og lélega aðsókn, og var það ekki fyrr en einhverjum árum og nokkrum endurbættum útgáfum síðar að fólk fór að keppast við að lofsyngja hana og um leið deila um stærstu ráðgátu hennar.

En hvort sem fólk dýrkar myndina eða þolir ekki er ótvírætt hvað hin dystópíska „noir“ framtíðarstemning í henni gerði heilmikið fyrir kvikmyndasöguna. Þessum stíl tókst hálfpartinn að geta af sér heilan undirgeira af bíómyndum, og óteljandi myndir urðu fyrir áhrifum, til dæmis Brazil, Strange Days, Ghost in the Shell, The Matrix og meira að segja Super Mario Bros.-myndin ömurlega. Í rauninni skrifast allt sem kallast „cyberpunk“ á Blade Runner, ef út í það er farið.

Eðlilega er það ekkert grín að leggja í framhald á költ-klassík sem er bæði sérstæð og býr yfir vissri dulúð. Ábyggilega voru fleiri tugir leiða til þess að klúðra framlengingunni og aðeins tvær leiðir til þess að gera hana rétt. Að því sögðu, þá hittir Blade Runner 2049 algjörlega í mark. Myndin er vönduð, snjöll, oft dáleiðandi og aðdáunarverð.

Þessu listræna kraftaverki er ætlað að vera virðingarvottur við forverann, stækka hann um leið, dýpka þemun, bæta við nýjum og koma með úthugsaða framlengingu sem einnig stendur sjálfstæð. Útkoman er tilfinningaríkari, mikilfenglegri og almennt sterkari mynd að mati undirritaðs.

Leikstjórinn Denis Villeneuve hefur á undraskömmum tíma skipað sér í hóp þeirra betri í dag. Á aðeins fjórum árum hefur hann gert fimm kvikmyndir, sem allar eru annaðhvort góðar eða framúrskarandi. Villeneuve hefur ítrekað sýnt að hann hefur gott auga, þétt tök á uppbyggingu, tilþrifamiklum leikurum, óhugnanlegu andrúmslofti og hefur umfram allt tröllatrú á krafti kvikmyndarammans og er ófeiminn við að leika sér með langar þagnir. Allt þetta kemur bersýnilega að góðum notum í Blade Runner 2049.

Það er ómögulegt að aðrar myndir ársins taki þessari fram hvað sjónræn tilþrif snertir, en það er kannski sjálfsögð krafa þegar um Blade Runner-framhald er að ræða. Það má hins vegar ekki líta fram hjá því hvað tökumaðurinn Roger Deakins fangar mikla töfra með vinnubrögðum sínum og gerir annan hvern ramma að hreinu listaverki.




Í myndinni er tryggð haldið við heildarútlit forverans, þar sem gamla tæknin nýtur sín, en ýmsum nýjum sniðum og víddum er bætt við.

Magnaður hljóðheimur og öflug tónlist límir þetta allt saman, að ógleymdri sviðsumgjörð, klippingu og búningum ekki síður. Til að gera gott enn betra nær svo fjölbreytt fólk (og „gervifólk“) að gæða innihaldið aukalífi sem gefur skrautinu allan sinn tilgang. Fremstur fer þar Ryan Gosling, sem er afbragðsgóður. Þetta er krefjandi burðarhlutverk og heldur leikarinn aftur af sér í margbrotinni frammistöðu sem lögreglan K, sem er aldrei almennilega sátt við sinn stað í lífinu. Rétt er að gefa upp sem minnst um þá athyglisverðu þróun sem K gengur í gegnum út myndina.

Öfugt við það sem ráða má af kynningarefninu fær Harrison Ford ákaflega takmarkaðan tíma á tjaldinu, en nærvera hans og andi svífur yfir allri framvindunni. Ford nýtir þó tíma sinn vel og kemur óaðfinnanlega út. Leikur hans er meira marglaga en síðast og hann hefur ekki verið svona vakandi í bíómynd í fjölmörg ár. Hann hefur átt sín augnablik hér og þar en hér sannast það að maðurinn getur verið leikari fyrst og gamall töffari síðan, en ekki öfugt.

Aðrir leikarar smellpassa í hlutverk sína og ná að bæta einhverju smávegis við sinn karakter, þar á meðal Jared Leto, Robin Wright, Carla Juri, Mackenzie Davis og Tómas Lemarquis. Upp úr standa samt Ana de Armas, sem leikur hina „sérsniðnu“ Joi, og Sylvia Hoeks, sem túlkar eftirlíkingu sem fylgir Gosling fast eftir út myndina og glímir sjálf við athyglisverða tilvistarkreppu. De Armas hleypir talsverðri hlýju inn í gráma andrúmsloftsins, þótt persóna hennar sé mest áberandi „gerviveran“ af þeim öllum.

Í Blade Runner 2049 er ýmissa spurninga spurt um einkenni sjálfsins, meðvitund, minningar og ábyrgðina sem fylgir sköpun. Með svona efnivið er alltaf stutt í predikunina en Villeneuve og handritshöfundarnir eru nógu skarpir til þess að útskýra hlutina aldrei of ítarlega. Réttu hlutirnir eru ósagðir, bitastæð svör eru gefin og margt er til umræðu eftir á, sem eitt og sér ætti að tryggja myndinni eitthvert líf á komandi árum, sama hvað aðsóknin í kvikmyndahúsunum gefur til kynna.

Það segir sig eflaust sjálft að myndin er ekki fyrir hvern sem er.

Einhverjir eru líklegir til þess að gefast upp á afslappaðri lengd hennar og enn pínlegri verður upplifunin hjá þeim sem búast við miklum hasar. Þetta er mynd sem fjallar meðal annars um leitina að sálinni og tilgangi, sem er viss kaldhæðni í ljósi þess að hér er í grunninn býsna tilgangslaust framhald með eftirlíkingar og umræður um þær í forgrunni.

Blade Runner 2049 er samt svo fjarri því að vera innantóm eftirlíking af fyrri myndinni. Hún býr yfir mikilli sál og er heilt yfir ómetanlegt innlegg í vísindaskáldskapargeirann og afbragðsdæmi um hvernig gera skal síðbúið framhald án þess að það verði einber uppsuða úr linnulausri nostalgíu.

**Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Ef þú veist hvað þú ert að fara út í má hér finna grípandi, marglaga og mannlegan vísindaskáldskap með meiru. Veisla fyrir augu, eyru og heilabúið. Toppmynd.

# NÝTT & SPENNANDI!




**Settu saman mannslíkamann**
**VILDARVERÐ: 3.100.-**
Verð áður: 3.999.-




**Skrímsli í vanda**
**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð áður: 3.699.-




**Lífið í lit**
**VILDARVERÐ: 3.999.-**
Verð áður: 4.999.-




**Mrs. Dalloway**
**VILDARVERÐ: 4.399.-**
Verð áður: 5.499.-




**Stúlkan sem gat ekki fyrirgefið**
**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð áður: 3.899.-




**Galdra-Dísa**
**VILDARVERÐ: 3.899.-**
Verð áður: 4.799.-




**Barnagæla**
**VILDARVERÐ: 2.999.-**
Verð áður: 3.899.-




**Kanínufangarinn**
**VILDARVERÐ: 2.999.-**
Verð áður: 3.899.-




**Orlandó**
**VILDARVERÐ: 3.499.-**
Verð áður: 4.399.-




**Áfram Sigurfljóð**
**VILDARVERÐ: 3.499.-**
Verð áður: 4.299.-




**Ég veit hvar þú átt heima**
**VILDARVERÐ: 2.999.-**
Verð áður: 3.899.-




**Fjallið sem yppti öxlum**
**VILDARVERÐ: 5.199.-**
Verð áður: 6.499.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 16. október eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.




SAMBÍÓIN SAMbio.is
KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HOME AGAIN | KL. 7 - 8 - 9:10 - 10:10 | 6 |
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |
| KINGSMAN 2 | KL. 6 - 9 | 16 |
| KINGSMAN 2 VIP | KL. 6 - 9 | VIP |
| IT | KL. 6 - 9 | 16 |
| MOTHER! | KL. 7:40 - 10:10 | 16 |
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| BLADE RUNNER 2049 | KL. 5 - 8:20 - 10:10 | 16 |
| HOME AGAIN | KL. 5:50 - 8 - 10:30 | 6 |
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:30 | L |
| IT | KL. 8 - 10:40 | 16 |
| MOTHER! | KL. 5:30 - 8 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HOME AGAIN | KL. 6:50 - 8 - 9 | 6 |
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |
| IT | KL. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| BLADE RUNNER 2049 | KL. 5:15 - 8:30 - 9:30 | 16 |
| HOME AGAIN | KL. 5:10 - 7:20 - 8 | 6 |
| IT | KL. 10:10 | 16 |
| DUNKIRK | KL. 5:40 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BLADE RUNNER 2049 | KL. 7 - 10:15 | 16 |
| HOME AGAIN | KL. 8 | 6 |
| KINGSMAN 2 | KL. 10:15 | 16 |

Góða skemmtun í bíó




Sofðu rótt í alla nótt
rekkjan
HEILSURÚM





# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 12. OKTÓBER 2017

### Tónlist

**Hvað?** Djasssveitin Mantra – hádegistónleikar
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Fríkirkjunni í Reykjavík
Það verða fluttir þekktir djassstandardar og frumsamið efni í bland við framandi móttó. Tónleikarnir eru hluti af hádegistónleikaröðinni „Á ljúfum nótum“ og fara fram í Fríkirkjunni í Reykjavík. Djasssveitin Mantra spilar reglulega við messur og á tónleikum í kirkjunni. Hún er skipuð Aroni Steini Ásbjarnarsyni, Erni Ými Arasyni, Gísla Páli Karlssyni og Gunnari Gunnarssyni.

**Hvað?** Oyama & Sigrún á Húrra
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Oyama og Sigrún spila á Húrra í kvöld. Húsið opnað 20.30 og það kostar 1.500 krónur inn.

**Hvað?** Futuregrapher's music for 2 iMac G3 computers
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Tónleikar með raftónlistarmanninum Futuregrapher (Árna Grétari) í Mengi. Tónlistin er samin fyrir tvær iMac G3 tölvur. Í upphafi kvölds mun Án flytja um það bil hálftíma langt sett en hann sendi frá sér plötuna Ljóstillífun fyrr á þessu ári. Jóhann frá Nesi (Jóhann Reynisson) sér um myndheim tónleikanna. Miðaverð er 2.500 krónur. Hægt er panta miða í gegnum booking@mengi.net eða borga við hurð.

**Hvað?** Jóhanna Guðrún á Hard Rock
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hard Rock Café, Lækjargötu
Jóhönnu Guðrúnu þarf varla að kynna fyrir landi og þjóð. Hún mun koma fram í Hard Rock kjallaranum á fimmtudögum í vetur. Frábært tækifæri til að sjá þessa mögnuðu söngkonu á tónleikum.

**Hvað?** InZeros, Skaði & Atomstation
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu
Rokk og ról á Gauknum.

**Hvað?** Kvikmyndatónleikar – Hollywood / Reykjavík
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Hörpu
Á þessum tónleikum verður gægst í gullkistu kvikmyndatónlistar frá Hollywood. Þar er af nógu að taka: Gone with the Wind, Breakfast at Tiffanys, Ben-Húr og Brúin yfir ána Kwai, auk þess sem leikin verða stef úr myndunum Súperman og Stjörnustríð eftir hinn sívinsæla John Williams. Hljómsveitarstjórinn Richard Kaufman hefur áratuga reynslu af störfum í Hollywood þar sem hann stjórnar tónlist fyrir kvikmyndir og sjónvarpsþætti auk þess að koma fram með leiðandi hljómsveitum Bandaríkjanna.

### Viðburðir

**Hvað?** Menningarhátíð Seltjarnarness
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Gallerí Gróttu og Bókasafni Seltjarnarness
Menningarhátíð Seltjarnarness verður sett í dag með pomp og prakt.

**Hvað?** Umræðuþræðir: Bylting hárlausa mexíkóska hundsins
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hafnarhúsinu
Gabriel Mestre Arrioja er rithöfundur, kvikmyndagerðarmaður og sjálfstætt starfandi sýningarstjóri. Heiti erindis hans er Mexican Hairless Dog's Revolution (Bylting hárlausa mexíkóska hundsins). Þar fjallar hann um kynþáttafordóma í Mexíkó sem eru arfleifð nýlenduhugsunar allt frá 17. öld. Þeir endurspeglast meðal annars í starfsemi opinberra stofnana sem miðar að því að draga úr menningarmun, hagræða og þurrka út ýmsa kima menningar frá því fyrir nýlendutímann.

**Hvað?** Útgáfuhóf Galdra-Dísu
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Bókin er sjálfstætt framhald Drauga-Dísu frá 2015 og gerist tveimur árum síðar. Dísa er nú rammgöldróttur menntskælingur með vaxandi réttlætiskennd sem langar að bjarga heiminum og hjálpa bágstöddum, en kemst að raun um að raunveruleikinn er ekkert ævintýri og að skrímslin eiga sér mörg andlit. Bókin verður brakandi fersk úr prentsmiðjunni og til sölu á staðnum, höfundur les upp, DJ Presmach þeytir skífum og léttar veitingar verða í boði.

**Hvað?** Kynbundið ofbeldi og ábyrgð stofnana
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Veröld – hús Vigdísar
Freyja Haraldsdóttir fjallar um hugtakið aðgengiskvíða sem fæddist í feminísku fötlunarhreyfingunni Tabú, og um sálrænar afleiðingar þess fyrir fatlaðar konur að upplifa skort á aðgengi.

**Hvað?** The Brothers Brewery taka yfir Skúla Craft bar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Skúli – Craft Bar, Aðalstræti
Í kvöld mun brugghúsið The Brothers Brewery frá Vestmannaeyjum taka yfir nokkrar dælur á Skúla Craft Bar.

# Tónlistarveisla til styrktar Parkinsonsamtökunum

Í kvöld verða haldnir tónleikar til styrktar Parkinsonsamtökunum í Gamla bíói. Þar kemur fram fjölbreyttur hópur tónlistarfólks en hópinn skipa m.a. Bogomil Font, Jóhanna Guðrún og Svavar Knútur. Sönghópur Parkinsonsamtakanna mun svo taka lagið í anddyrinu fyrir tónleikana þannig að þetta verður sannkölluð tónlistarveisla. Tónleikarnir hefjast klukkan átta og miða er hægt að kaupa á parkinson.is. „Fjárhagsleg staða samtakana er langstærsti takmarkandi þáttur í starfsemi samtakanna. Án aura er erfitt að koma okkar mikilvægustu málum áfram, svo sem eins og uppbyggingu á nýrri aðstöðu og þjónustu fyrir sjúklingana,“ segir læknirinn og einn skipuleggjandi tónleikanna Helgi Júlíus Óskarsson. Hann lofar fjölbreyttri tónlistarhátíð. – **gha**



**Kynnir kvöldsins verður Sigtryggur Baldursson.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Personal Shopper | 17:00, 22:00 |
| Good Time | 17:45 |
| Vetrarbræður ENG SUB. | 18:00 |
| Prump í Paradís: Cool As Ice | 20:00 |
| Undir Trénu ENG SUB. | 20:00 |
| The Square ENG SUB. | 22:00 |



# BARNADAGAR






# 25%

## AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM FYRIR MEÐLIMI Í A4 KLÚBBNUM

**Gildir til 15. október**




**Ravensburger púsluspil, 3d**
Verð með afslætti: 1.499 kr.
Verð áður: 1.999 kr.




**Burstakubbar i plastboxi**
Verð með afslætti: 4.416 kr.
Verð áður: 5.889 kr.




**Tattoo**
Verð með afslætti: 524 kr.
Verð áður: 699 kr.



**Stafir með segli**
Verð með afslætti: 1.874 kr.
Verð áður: 2.499 kr.




**Jungle Speed**
Verð með afslætti 2.999 kr.
Verð áður: 3.999 kr.




**Málningarsett**
Verð með afslætti 2.249 kr.
Verð áður: 2.999 kr.

Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.
**Frí heimsending ef verslað er fyrir 5.900 eða meira á www.a4.is**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi
**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4



X17 – NORÐVESTURKJÖRDÆMI
KL. 19:10
Strax að loknum kvöldfréttum verður rætt við oddvita stjórnmálaflokkanna í Norðvesturkjördæmi í beinni útsendingu og opinni dagskrá á Stöð 2.

Frábært
**Fimmtudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**



THE BLACKLIST
KL. 21:40
Glæný sería með sjarmatröllinu Raymond Reddington sem kallar ekki allt ömmu sína þegar leita þarf uppi hörðustu glæpamennina. Spennuþættir af bestu gerð með James Spader í aðalhlutverki.

MASTERCHEF USA
KL. 20:10
Skemmtileg sería með Gordon Ramsay í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.


THE GOOD DOCTOR
KL. 20:55
Ungur skurðlæknir með einhverfu er ráðinn til starfa á virtan spítala. Mun það verða honum til framdráttar eða fjötur um fót?


BÍÓ
YOU DON'T KNOW JACK
KL. 22:00
Áhugaverð og dramatísk mynd með Al Pacino í aðalhlutverki og fjallar um líf og starf hins umdeilda dr. Jack Kevorkian sem helgað hefur líf sitt baráttu fyrir líknadrápum.


GOTHAM
KL. 20:55
Hörkuspennandi þættir þar sem sögusviðið er Gotham-borg sem flestir kannast við úr sögunum um Batman.


Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is



# DAGSKRÁ
# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Tommi og Jenni**
**07.45 Kalli kanína og félagar**
**08.05 The Middle**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.15 The Mindy Project**
**10.45 Mom**
**11.05 Project Runway**
**11.50 Hell's Kitchen USA**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Truth**
**15.00 Step Brothers**
**16.35 Friends**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.25 Ellen**
**18.05 Nágrannar**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55 Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.05 Fréttayfirlit og veður**
**19.10 X17 - Norðvesturkjördæmi**
**20.10 Masterchef USA**
**20.55 The Good Doctor**
**21.40 The Blacklist**
**22.25 Animal Kingdom**
**23.15 Real Time with Bill Maher**
**00.20 Loch Ness**
**01.10 The Sinner**
**01.50 Humans**
**02.40 Humans**
**03.30 The Mentalist** Sjöunda þáttaröðin um Patrick Jane sem er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína. Á sama tíma og hann aðstoðar lögregluna við ýmis mál er hann sjálfur að eltast við raðmorðingjann Red John sem myrti eiginkonu hans og dóttur.
**04.10 Step Brothers**

## STÖÐ 2 SPORT

**08.30 Markaþáttur Undankeppni HM 2018**
**09.20 Olís deild kvk-Stjarnan - Valur**
**10.40 Olís-deild kk - Haukar - Fram**
**12.10 Seinni bylgjan**
**13.40 Pepsimörkin**
**15.40 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**16.05 Markaþáttur Undankeppni HM 2018**
**16.55 Domino's-deild kvk - Valur - Skallagrímur**
**18.35 Premier League World**
**19.05 Dominos deild kk - Þór Þ. - Njarðvík**
**21.15 NFL Gameday**
**21.45 NFL - Pittsburgh Steelers - Jacksonville Jaguars**
**00.10 Domino's-deild kk - Þór Þ. - Njarðvík**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00 Undankeppni HM - Tékkland - San Marínó**
**08.40 Undankeppni HM - Danmörk - Rúmenía**
**10.25 Sheffield Wednesday - Leeds**
**12.10 Football League Show**
**12.40 Newcastle - Liverpool**
**14.20 Chelsea - Manchester City**
**16.00 Messan**
**17.20 Ísland - Kósóvó**
**19.05 Undankeppni HM - Finnland - Tyrkland**
**20.45 Undankeppni HM - Wales - Írland**
**22.30 UFC Live Events**

## STÖÐ 3

**17.20 New Girl**
**17.45 The League**
**18.10 The New Adventures of Old Christine**
**18.35 Modern Family**
**19.00 Seinfeld**
**19.25 Friends**
**19.50 Höfðingjar heim að sækja**
**20.05 Clipped**
**20.30 Angie Tribeca**
**20.55 Gotham**
**21.40 Luck**
**22.50 Six Feet Under**
**23.50 Eastbound & Down**
**00.20 Modern Family**
**00.45 Friends**
**01.10 Tónlist**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00 Tindur**
**07.11 Nilli Hólmgeirsson**
**07.25 K3 (40 / 52)**
**07.38 Mæja býfluga**
**07.47 Stóri og Litli**
**08.00 Könnuðurinn Dóra**
**08.24 Mörgæsirnar**
**08.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 Áfram Diego, áfram!**
**09.24 Svampur Sveinsson**
**09.49 Lalli**
**09.55 Rasmus Klumpur**
**10.00 Strumparnir**
**10.25 Ævintýraferðin**
**10.37 Hvellur keppnisbíll**
**10.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**11.00 Tindur**
**11.13 Nilli Hólmgeirsson**
**11.27 K3 (40 / 52)**
**11.40 Mæja býfluga**
**11.49 Stóri og Litli**
**12.00 Könnuðurinn Dóra**
**12.24 Mörgæsirnar**
**12.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**13.00 Áfram Diego, áfram!**
**13.24 Svampur Sveinsson**
**13.49 Lalli**
**13.55 Rasmus Klumpur**
**14.00 Strumparnir**
**14.25 Ævintýraferðin**
**14.37 Hvellur keppnisbíll**
**14.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**15.00 Tindur**
**15.13 Nilli Hólmgeirsson**
**15.27 K3 (40 / 52)**
**15.40 Mæja býfluga**
**15.49 Stóri og Litli**
**16.00 Könnuðurinn Dóra**
**16.24 Mörgæsirnar**
**16.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.00 Áfram Diego, áfram!**
**17.24 Svampur Sveinsson**
**17.49 Lalli**
**17.55 Rasmus Klumpur**
**18.00 Strumparnir**
**18.25 Ævintýraferðin**
**18.37 Hvellur keppnisbíll**
**18.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**19.00 Artúr og Mínímóarnir**


Doddi litli og Eyrnastór kl. 08.47, 12.47 og 16.47

## GOLFSTÖÐIN

**07.40 Golfing World**
**08.30 CIMB Classic**
**12.30 Safeway Open**
**14.45 Golfing World**
**15.35 CIMB Classic**
**19.40 Inside the PGA Tour**
**20.05 CIMB Classic**
**00.05 Evian Championship**
**02.05 Inside the PGA Tour**
**02.30 CIMB Classic**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.35 The Cobbler**
**14.10 The Flintstones in Viva Rock**
**15.40 All Roads Lead to Rome**
**17.10 The Cobbler**
**18.50 The Flintstones in Viva Rock**
**20.25 All Roads Lead to Rome**
**22.00 You Don't Know Jack**
**00.15 Rudderless**
**02.00 The Transporter Refueled** Glæpamynd frá 2015 sem fjallar um fyrrverandi hermanninn Frank Martin sem er sérhæfður í flutningum fyrir glæpamenn, líklega sá besti í bransanum. Reglur hans eru skýrar og hann gætir þess að halda sig alltaf við áætlanir og spyrja aldrei neinna spurninga. Vinnan hefur gengið eins og í sögu þangað til hin dularfulla Anna ræður hann til starfa og svíkur hann. Með aðstoðarfólki sínu hefur Anna rænt föður Franks til þess að kúga hann til þess að útrýma rússneskri glæpaklíku sem stundar mansal. Frank, sem nú er í hefndarhug, neyðist til að brjóta allar reglur sínar og fara í hættulegasta verkefni sitt til þessa.
**03.35 You Don't Know Jack**

## RÚV

**16.45 Alþingiskosningar 2017: Forystusætið**
**17.10 Vesturfarar**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Stundin okkar**
**18.25 Hvergidrengir**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Kastljós og Menningin**
**20.05 Hásetar**
**20.35 Í helgan stein**
**21.05 Berlínarsaga**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Alþingiskosningar 2017: Forystusætið**
**22.50 Skammhlaup**
**23.50 Neyðarvaktin**
**00.30 Kastljós og Menningin**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 90210**
**09.50 Royal Pains**
**10.35 The Voice USA**
**12.05 The Bachelorette**
**13.40 Dr. Phil**
**14.20 Life in Pieces**
**14.45 Survivor**
**15.30 Family Guy**
**15.55 The Royal Family**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 King of Queens**
**17.10 How I Met Your Mother**
**17.35 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**18.55 The Late Late Show with James Corden**
**19.35 America's Funniest Home Videos**
**20.00 The Biggest Loser - Ísland**
**21.00 My Best Friend's Girl**
**22.45 What to Expect When You're Expecting**
**00.40 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**01.20 The Late Late Show with James Corden**
**02.00 24**
**02.45 Law & Order: Special Victims Unit**
**03.30 Elementary**
**04.15 Agents of S.H.I.E.L.D.**
**05.00 The Exorcist**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# AEG MÆTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM




**AEG** COMFORTLIFT® UPPÞVOTTAVÉLAR




**AEG** OFNAR




**AEG** HELLUBORÐ




**AEG** HÁFAR




**AEG** CUSTOMFLEX® KÆLISKÁPAR




**AEG** ÞVOTTAVÉLAR OG ÞURRKARAR

95 ÁRA ORMSSON 1922 - 2017

**Opnunartímar:**
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15.

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

## ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Netverslun ORMSSON.IS

ORMSSON **Greiðslukjör**
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |



# Tilboð!

GROHE

**ELHÚSTÆKI**
Concetto með útdraganlegum barka.

**22.995kr.**

15332663
Almennt verð: 27.995 kr.



GROHE

# Tilboð!

**HANDLAUGARTÆKI**
Eurostyle Cosmopolitan.

**12.995kr.**

15333552
Almennt verð: 16.995 kr.

**STURTUTÆKI**
Grohtherm 1000, hitastýrt með CoolTouch® brunavörn.

**22.995kr.**

15334146
Almennt verð: 27.995 kr.

# Tilboð!

GROHE





JKE DESIGN
ELDHÚS | BAÐ | FATASKÁPAR




**JKE Design** er danskt vörumerki sem býður upp á einstaklega breiða línu í innréttingum í hæsta gæðaflokki.

Innréttingarnar frá **JKE** hafa verið mjög vinsælar allt frá því þær komu fyrst á markaðinn árið 1970.

**JKE** er með dreifingaraðila í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og nú á Íslandi.

HÓLF & GÓLF
BYKO BREIDDINNI


25%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLU PARKETI
Gildir til 16. október
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.
Tilboð gilda til 16.október eða á meðan birgðir endast.
25%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM PERUM
OG LJÓSUM
Auðvelt að versla á byko.is
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN
www.byko.is

# Græni penninn er aldrei langt undan

Sjónvarpskonan Valgerður Matthíasdóttir, alltaf kölluð **Vala Matt**, er nánast alltaf með grænan penna í hendinni þegar hún sést á sjónvarpsskjánum. Penninn er fyrir löngu orðinn henni ómissandi en hún segir hann veita sér öryggistilfinningu.

**ÞETTA ER EINHVER ÖRYGGISTILFINNING SEM FYLGIR ÞVÍ AÐ HALDA Á PENNANUM.**

Þetta byrjar líklega með því, eitthvað sem ég fattaði ekki fyrr en mörgum árum seinna, að ég sá alltaf pabba minn með svona grænan penna. En hann var kennari og skólastjóri. Hann notaði aldrei neina aðra tegund,“ segir Vala sem reiknar með að þetta sé ein aðalástæða þess að græni penninn er í miklu uppáhaldi.

Síðan Vala Matt fór að sjást fyrst á sjónvarpsskjánum hefur græni penninn alltaf verið við höndina. Hún segir hann hafa verið sér ómissandi í beinum útsendingum til dæmis. „Þegar ég var að byrja á Stöð 2 var ég í beinni útsendingu fimm kvöld í röð, því fylgdi mikið álag. Og þá fannst mér mikilvægt að hafa pennann hjá mér til að hripa niður punkta í auglýsingahléi eða á milli atriða. Að halda í pennann er bara einhvern veginn róandi.“

Eftir að Vala fór að nota græna pennann hefur hún ekki getað hugsað sér að nota aðra penna. „Mér finnst alveg rosalega gott að skrifa með honum. Það er enginn annar sem kemur til greina, mér finnst skriftin mín passa vel við blekið.“



Vala Matt segir græna pennann, sem margir kannast við, vera henni ómissandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„En svo er þetta orðið dálítið mikill kækur. Ég fer til dæmis ekki í ljósmyndatökur, á fundi eða einhvers konar upptökur nema að hafa pennann við höndina,“ segir hún og hlær. „Þetta er einhver öryggistilfinning sem fylgir því að halda á pennanum. Og meira að segja þegar ég veit að ég á von á símtali þá rýk ég til og gríp pennann, til að hafa á meðan ég er að spjalla.“

**Penninn núllstillir**

Vala er mikill reynslubolti þegar kemur að því að vera fyrir framan sjónvarpsupptökuvél og kann öll trixin í bókinni. Hún hefur stundum gripið til þess ráðs að láta óörugga viðmælendur í sjónvarpi fá penna í hönd. „Þegar ég hef fengið viðmælanda sem er kannski stressaður og veit ekki alveg hvernig hann á að vera þá hef ég látið hann fá penna eða kannski blað, það núllstillir mann.“

Vala er svo ein þeirra sem notast við dagbók til að skrifa hjá sér minnispunkta og önnur atriði og þá kemur græni penninn sér vel. „Ég er nefnilega fræg fyrir að vera með þyngstu dagbók sem um getur í töskunni minni. Ég er með iPhone og get sett minnispunkta inn í hann og sömuleiðis létta tölvu en mér finnst bara ofsalega gaman að koma við pappír. Og ég er iðulega með úrklippur í dagbókinni og ríf gjarnan úr tímaritum myndir sem veita mér innblástur. Dagbókin þyngir vissulega töskuna en ég legg það á mig frekar en að sleppa henni.“

**gudnyhronn@365.is**




## Dynasty aftur á sjónvarpsskjáinn

Nú geta aðdáendur sápuóperunnar Dynasty tekið gleði sína á ný því að þeir þættir hafa verið endurgerðir. Þættirnir voru geysivinsælir á níunda áratugnum en þeir fjölluðu um Carrington- og Colby-fjölskyldurnar þar sem dramatíkin kom reglulega við sögu. Nýja útgáfan af þáttunum fór í sýningu vestanhafs í gær og þá er bara spurning hvort þeir nýju verða jafn lífseigir og upprunalegu þættirnir sem voru á dagskrá frá árinu 1981 til ársins 1989. Leikstjórinn Bradley Silberling leikstýrir nýju þáttunum en hann er þekktur fyrir að leikstýra kvikmyndunum City of Angels og Lemony Snicket's A Series of Unfortunate Events svo dæmi séu tekin. **– gha**



Dynasty var á dagskrá á árunum 1981-1989. NORDICPHOTOS/GETTY


BETRA ÚTSÝNI
Í BETRI GÖNGUSKÓM
20-50%
AFSLÁTTUR
AF GÖNGUSKÓM FRÁ
MEINDL
Shoes For Actives
LOWA
100% HANDCRAFTED IN EUROPE
THE NORTH FACE
SCARPA
FRÁ FIMMTUDEGI 12. OKT.
TIL MIÐVIKUDAGS 18. OKT.*
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI / SMÁRALIND
utilif.is
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI



www.bilaland.is



SUBARU Forester Premium
Nýskr. 07/16, ekinn 37 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
VERÐ 3.990 þús. kr.



RENAULT Kadjar Zen 4wd
Nýskr. 07/16, ekinn 37 þ.km, dísil, beinskiptur.
VERÐ 3.590 þús. kr.



NISSAN Qashqai Acenta
Nýskr. 01/16, ekinn 38 þ.km, dísil, beinskiptur.
VERÐ 3.590 þús. kr.



BENZ GLK 250CDi
Nýskr. 08/12, ekinn 76 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
VERÐ 3.990 þús. kr.



DACIA Logan
Nýskr. 04/15, ekinn 47 þ.km, dísil, beinskiptur.
VERÐ 1.790 þús. kr.



NISSAN Juke Acenta 2wd
Nýskr. 01/15, ekinn 28 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
VERÐ 2.490 þús. kr.

bílaland
Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.

Klettháls 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is

ENNEMM / SÍA / NM84465





Hugleikur Dagsson er sérlegur aðdáandi slæmra kvikmynda. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fullkominn stormur af rusli í Bíó Paradís

Prump í Paradís er mánaðarlegt kvöld haldið af **Hugleiki Dagssyni**. Þar sýnir hann slæmar myndir í Bíó Paradís og tekur síðan upp hlaðvarpsþátt eftir á þar sem góðir gestir mæta og ræða myndina.

Prump í Paradís er í raun-inni bara ég að auglýsa ást mína á slæmum kvikmyndum. Ég hef verið að halda Svarta sunnudaga ásamt Sigurjóni Kjartanssyni og Sjón þar sem við sýnum klassískar költmyndir. Mig hefur alltaf langað til að hafa þemamánuð einhvern tímann sem væri Ömurlegur október eða eitthvað svoleiðis, en Sigurjónarnir standa menningarlegan vörð um Svarta sunnudaga, skiljanlega, og vilja ekki sverta orð þeirra með einhverju rusli. Þannig varð Prump í Paradís eiginlega til – þetta er svona bastarður Svartra sunnudaga,“ segir Hugleikur Dagsson en ást hans á slæmum kvikmyndum fékk hann til að semja við Bíó Paradís um að fá eitt kvöld í mánuði til að sýna slíkar myndir – úr varð Prump í Paradís en fyrsta kvöldið er einmitt í kvöld.

*Hvað er svona skemmtilegt við slæmar myndir?* „Að mínu mati er það að horfa á slæma mynd jafnvel skemmtilegra en að horfa á góða mynd. Það er félagslegra sport og það er líka eitthvað geggjað við það að hlæja að einhverju í kvikmynd sem maður átti aldrei að hlæja að. Kvikmyndir eru í langflestum tilfellum samvinnuverkefni og það að fólki hafi mistekist á öllum vígstöðvum verður fullkominn stormur af rusli.“

*Hver er þín uppáhalds slæma mynd?* „Það er erfitt að velja. Batman & Robin er í miklu uppáhaldi hjá mér, The Postman eftir Kevin Costner er líka frábær, Troll 2 og The Room eru svona þekktastar – þær eru líka þannig að maður trúir eiginlega ekki að þetta sé ekki viljandi gert. Þegar ég horfði á Troll 2 þá hugsaði ég á tímabili: „Neee, þetta er einhver snillingur að gera grín að okkur.“

En ég held að mín uppáhalds sé Showgirls eftir Paul Verhoeven vegna þess að ég hugsa eiginlega alltaf þegar ég horfi á hana að hún sé kannski meistaraverk.“

*Það er þunn lína á milli slæmrar myndar sem er skemmtileg og slæmrar myndar sem er bara leiðinleg, ekki satt?* „Jú, það er sú krafa sem þarf að standast til að vera sýnd á þessum tilteknu kvöldum – ef slæm bíómynd




**AÐ MÍNU MATI ER ÞAÐ AÐ HORFA Á SLÆMA MYND JAFNVEL SKEMMTILEGRA EN AÐ HORFA Á GÓÐA MYND. ÞAÐ ER FÉLAGSLEGRA SPORT OG ÞAÐ ER LÍKA EITTHVAÐ GEGGJAÐ VIÐ ÞAÐ AÐ HLÆJA AÐ EINHVERJU Í KVIKMYND SEM MAÐUR ÁTTI ALDREI AÐ HLÆJA AÐ.**

er leiðinleg þá er hún miklu verri en slæm. Númer eitt, tvö og þrjú er að manni leiðist ekki. Þegar maður finnur svona týnda demanta eins og Miami Connection og Lost Ticket to Hawaii þá er það mikill fundur fyrir kvikmyndaáhugamann eins og mig því að þær eru svo skemmtilegar – en af öllu öðrum ástæðum en það átti að vera.“

## Sérstök skilaboð frá Vanilla Ice

„Ég ætla að taka podcast í kringum þetta. Hugmyndin kom frá slæmumynda-podcasti sem ég hlusta á og heitir How did this get made og ég stal bara hugmyndinni – þetta er íslenska útgáfan af því. Kvöldið verður þannig að ég sýni bíómynd og eftir það breytist salurinn í spjallþáttasett og ég ræði myndina við góða gesti í svona klukkutíma. Áhorfendur deila þá auðvitað reynslunni og verða á sömu síðunni.“

Fyrsti gesturinn í Prumpið verður Emmsjé Gauti og kvikmyndin verður Cool as Ice með rapparanum og leikaranum Vanilla Ice í aðalhlutverki.

„Ég valdi Gauta vegna þess að hann sagði mér einhvern tímann að Cool as Ice og Blossi hafi verið einu myndirnar sem hann átti þegar hann var lítill. Síðan verða aukagestir eins og ungur maður sem heitir Bjarni Tómas og er eini Vanilla Ice sérfræðingur Íslands – hann gerði einu sinni þriggja tíma heimildarmynd um Vanilla Ice og hitti hann á dögunum – þannig að þarna verða spiluð sérstök skilaboð frá Vanilla Ice til okkar Íslendinga.“

Páll Óskar Hjálmtýsson verður svo gestur Prumpsins í nóvember en Hugleikur segist hafa fyrst haft samband við hann, enda er Palli annálaður költmyndasafnari og sérfræðingur.

„Ég hef samband við hann og segi honum hvaða myndir ég ætla að sýna og hann segir: „Ætlarðu ekki að sýna Double Agent 73!?“ Þess vegna ætlum við að sýna hana svo hann mæti. Það er mynd um konu, leikna af Russ Meyer leikkonunni Chesty Morgan, sem er með tja, hugsanlega stærstu brjóst sem hafa verið kvikmynduð. Hún leikur sem sagt njósnara sem geymir myndavél í öðru brjóstinu og sprengju í hinu. Og ég sagði bara „say no more Palli“.“

Fyrsta Prumpið fer fram í kvöld klukkan átta í Bíó Paradís.

stefanthor@frettabladid.is

# Heilsan okkar

Jóhanna E. Torfadóttir
næringarfræðingur og doktor í lýðheilsuvísindum.



## Hver er munurinn á kaffi og orkudrykkjum?



Kaffi og orkudrykkir innihalda örvandi efnið koffín. Auk þess er oft bætt fleiri örvandi efnum í orkudrykki svo sem ginseng og jafnvel næringarefnum eins og amínósýrum og vítamínum.

Kaffidrykkja hefur verið tengd við lægri sjúkdómatíðni og á það við um hóflega og jafnvel mikla neyslu (allt að 6 bollar á dag). Þessi jákvæðu áhrif eru líklegast tilkomin vegna andoxunarefna (pólýfenóla) sem eru í kaffibaununum en eru ekki í orkudrykkjum.

**RANNSÓKNIR SÝNA AÐ MIKIL KOFFÍNNEYSLA VELDUR NEIKVÆÐUM ÁHRIFUM, EINS OG SVEFNERFIÐLEIKUM, ÞREYTU, HÖFUÐVERK, MAGAVERK, NIÐURGANGI OG PIRRINGI.**

Í venjulegum kaffibolla fáum við á bilinu 100-150 mg af koffíni og í einni dós af orkudrykk á bilinu 80-130 mg. Um flesta orkudrykki gildir að þeir skulu merktir með varnaðarorðunum: Ekki æskilegt fyrir börn eða barnshafandi konur eða konur með barn á brjósti.

Koffín getur dregið úr einkennum þreytu, aukið hjartslátt og mögulega bætt einbeitingu. Rannsóknir sýna að mikil koffínneysla veldur neikvæðum áhrifum, eins og svefnerfiðleikum, þreytu, höfuðverk, magaverk, niðurgangi og pirringi. Þá er vitað að mikil koffínneysla, hvort sem er frá kaffi eða orkudrykkjum getur valdið fósturláti og eitrunareinkennum svo sem uppköstum, óreglulegum hjartslætti og yfirliði.

Kaffi er orkusnauður drykkur en ef við bætum mjólk og sykri við þá eykst orkuinnihaldið. Sem dæmi inniheldur latte án síróps um 140 hitaeiningar. Í mörgum orkudrykkjum kemur öll orkan frá viðbættum sykri og algengt að ein dós (250 ml) innihaldi um 115 hitaeiningar sem samsvarar 14 sykurmolum. Sumir orkudrykkir innihalda lítið sem ekkert af hitaeiningum og gefa þá ekki orku en aðeins örvandi áhrif.

**NIÐURSTAÐA:** Orkudrykkir innihalda viðbætt örvandi efni og oft mikið magn af viðbættum sykri. Kaffi inniheldur koffín sem kemur frá kaffibaununum. Of mikið koffínmagn getur verið skaðlegt heilsu.

Lesendum er bent á að senda sérfræðingum okkar spurningar tengdar heilsu og lífsstíl á **heilsanokkar@frettabladid.is.**

# Spreðaði rúmum 100.000 krónum í hrekkjavökuskraut og búninga

Bandaríkjamenn eru þekktir fyrir að taka hrekkjavökuna eða Halloween alvarlega og leikkonan Angelina Jolie er víst engin undantekning. Í vikunni mun hún hafa pungað úr 1.000 Bandaríkjadölum, sem samsvarar rúmum 100 þúsund íslenskum krónum, í skreytingar og búninga fyrir Hrekkjavökuna. Meðal þess sem hún keypti eru hin ýmsu vopn þakin gerviblóði, spennitreyja, gervifugl í búri og ballerínupils að því er fram kemur á vef TMZ. Tólf ára dóttir hennar, Zahara, var í för með mömmu sinni í verslunarleiðangrinum. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Jolie ratar í fréttirnar fyrir að hafa eytt dágóðri summu í skraut og búninga fyrir hrekkjavökuna sem hún heldur greinilega hátíðlega. Þess má geta að Hrekkjavakan er haldin 31. október og hefð hefur myndast fyrir því að börn klæðist búningum og grímum og gangi á milli húsa til að sníkja sælgæti. – gha

**JOLIE KEYPTI MEÐAL ANNARS SPENNITREYJU OG GERVIFUGL Í BÚRI.**



Leikkonan Angelina Jolie virðist vera mikill aðdáandi hrekkjavökunnar. NORDICPHOTOS/GETTY



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | laugardaga 11–15 | www.forlagid.is

BETRIBILAKAUP.iS

Gerðu betri kaup hjá okkur! Hringdu núna í síma 511 2777


2018 Volvo XC90 T8
Verð frá 7.650.000 kr.


2018 Volvo XC60 T8
Verð frá 7.050.000 kr.


2018 Volvo S90 T8
Verð frá 7.550.000 kr.


2018 Volvo V90 T8
Verð frá 7.740.000 kr.


2017 Outlander Sport
Verð frá 4.040.000 kr.


2015 Outlander
Verð frá 3.650.000 kr.


2017 Reunault Twingo
Verð frá 1.650.000 kr.


2016 Volvo XC90 Inscription
Verð frá 7.650.000 kr.

Sparaðu og pantaðu allar tegundir beint frá verksmiðju!


2017 Toyota Yaris Hybrid
Verð frá 2.490.000 kr.


2017 Toyota Auris Hybrid
Verð frá 2.990.000 kr.


2017 Toyota C-HR Hybrid
Verð frá 4.150.000 kr.


2017 Toyota RAV4 Hybrid
Verð frá 4.590.000 kr.


2017 Kia Optima Hybrid
Verð frá 3.990.000 kr.


2017 Kia Niro Hybrid
Verð frá 3.650.000 kr.


2016 BMW X5 xdrive40e
Verð frá 7.200.000 kr.


2017 BMW 330e
Verð frá 4.595.000 kr.

www.betribilakaup.is

Ármúla 4-6, Reykjavík|Firðinum, Hafnarfirði|511 2777 - sala@betribilakaup.is

www.facebook.com/betribilakaup.is





Huginn bjó í Danmörku í sex ár og á það til að rappa á dönsku. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Jafnvígur á dönskuna og íslenskuna

**Huginn** hefur gert það gott með laginu Gefðu mér einn sem kom út fyrr á árinu. Nú í síðustu viku sendi hann frá sér lagið Eini strákur ásamt Helga Sæmundi og frumsýnir í kvöld myndband við lagið.

Við erum að fara að frumsýna tónlistarmyndband sem ég gerði ásamt fleirum og svo vonandi tek ég nokkur lög – Gefðu mér einn, Eini strákur sem ég var að gefa út núna og síðan myndi ég reyna að troða inn nokkrum nýjum lögum," segir Huginn Frár Guðlaugsson, rappari sem gaf út lagið Eini strákur fyrir ekki margt löngu ásamt Helga Sæmundi úr Úlfur Úlfur. Huginn frumsýnir myndband við lag sitt og Helga nú í kvöld á Prikinu á svokölluðu „showcase" kvöldi.

„Ég á alveg nóg af efni – það er bara að vera fljótari að koma því út. Þannig séð er ég ekkert endilega að vinna í plötu. Ég er að bíða eftir rétta tímapunktinum til að sökkva mér í það verkefni að gera plötu. Öll lög hugsa ég sem lög sem myndu fara á plötu sem ég gef út einhvern tímann, síðan er bara spurning hvenær það gerist," segir Huginn spurður að því hvort þetta sé vísir að plötu.

*Rapparinn Birnir er skráður sem leikstjóri að myndbandinu við Eini strákur – hvað er að frétta af því?* „Birnir leikstýrir þessu einmitt og Ágúst Elí tekur upp. Bryngeir vinur minn klippir. Það að Birnir leikstýrir gerðist bara einhvern veginn – þetta var eitthvað sem okkur datt í hug og allt í einu fórum við að redda staðsetningum og svona."

*Nú rappar þú alveg slatta á dönsku í Eini strákur – er einhver Dani í þér?* „Ég bjó í Danmörku í sex ár – frá þriðja til níunda bekkjar. Þannig að þetta var í raun bara tungumálið mitt í þau ár. Ég talaði íslensku heima en dönsku við alla vini mína, í skólanum og bara alls staðar. Þannig að ég er að reyna að halda í hana – mér fannst danskan bara passa inn og ég ákvað að halda henni í laginu, líka svolítið öðruvísi.

Það er þægilegt að ná góðu flæði á dönsku, það eru aðrar áherslur en í íslenskunni sem brýtur þetta aðeins upp. Rapp er ógeðslega vinsælt í Danmörku og rosalega margar fyrirmyndir þar og rapparar til að læra af."



*Má þá kannski búast við meiri dönsku frá þér í komandi lögum?* „Ja, ég veit það ekki – ég hef líka áhuga á að gera eitthvað á ensku. Ég spila þetta bara svolítið eftir hendinni: ef ég allt í einu kemst í einhvern gír og langar að gera eitthvað á dönsku, þá geri ég eitthvað á dönsku og ef ég vil gera eitthvað á ensku, þá geri ég það. En ég rappa náttúrulega aðallega á íslensku, svona á þessari stundu allavega."

> **ÉG SPILA ÞETTA BARA SVOLÍTIÐ EFTIR HENDINNI: EF ÉG ALLT Í EINU KEMST Í EINHVERN GÍR OG LANGAR AÐ GERA EITTHVAÐ Á DÖNSKU, ÞÁ GERI ÉG EITTHVAÐ Á DÖNSKU OG EF ÉG VIL GERA EITTHVAÐ Á ENSKU, ÞÁ GERI ÉG ÞAÐ.**

*Hvað er svo næst?* „Ég er að fara að spila hér og þar en svo er ég að vinna í nýju lagi sem heitir Ég sé þig. Það er amerískur pródúser, Jon Santana, sem gerði bítinn og Black Pox, Alexander Fannar, verður gestur. Ég er illa spenntur fyrir því – það er verið að mixa og mastera það og við stefnum á að henda í einhverja „visuals" með því. Svo er ég bara að meta stöðuna og ákveða hvaða lag verður næst. Ég er ekki alveg búinn að plana svona langt fram í tímann."

Huginn sýnir myndbandið nýja klukkan tíu í kvöld á Prikinu. Á laugardaginn hitar hann svo upp fyrir Emmsjé Gauta á Húrra og danska rapparann Emil Stabil viku síðar á sama stað.

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# 100 ÁRA AFMÆLIS TILBOÐ

得

## Invite

- Margmiðlunartæki með skjá
- Leðurklætt aðgerðastýri fyrir útvarp, hraðastilli og Bluetooth
- USB tengi
- 6 hátalarar
- DAB+ (Digital Audio) útvarpstæki
- LED dagljós
- Regn- og ljósaskynjarar
- Rafdrifnar rúður
- Þokuljós að framan
- Hæðarstillanlegt bílstjórasæti
- 7 SRS loftpúðar
- ASTC spólvörn
- Brekkuaðstoð (Hill Start Assist)
- Rafmagnshandbremsa með sjálfvirkri biðstöðu
- Aflendurheimt á hemlum fyrir rafmótor
- AVAS hljóðviðvörunarkerfi
- Bakkmyndavél
- Samlitir, aðfellanlegir, rafstillanlegir og upphitaðir hliðarspeglar
- Lyklalaus ræsing
- Skyggðar afturrúður
- Hiti í sætum
- Hraðastillir
- 18" álfelgur 225/55 R18
- App tenging til að forhita bíl og stýra hleðslu
- Tvískipt miðstöð með forhitara



Outlander Invite PHEV 4x4

**4.390.000**

Verðlistaverð: 4.890.000

## Invite+

**Umfram Invite:**

- Smartlink margmiðlunartæki með tengingu fyrir Android Auto og Apple Carplay
- Hiti í stýri
- LED þokuljós
- LED aðalljós
- 360° myndavél




Outlander Invite+ PHEV 4x4

**4.590.000**

Verðlistaverð: 4.990.000

## Intense

**Umfram Invite:**

- MME margmiðlunartæki með íslensku leiðsögukerfi
- Hiti í stýri
- 8 fjarlægðarskynjarar í fram- og afturstuðara
- LED þokuljós
- LED aðalljós
- Neyðarhemlun til varnar aftanákeyrslum
- Fjarlægðartengdur hraðastillir
- Akreinavari
- Vöktunarkerfi að aftan (Rear Cross Traffic Alert)
- Blindhornaviðvörun
- 360° myndavél
- Rafdrifinn afturhleri



GENGUR BÆÐI FYRIR RAFMAGNI OG BENSÍNI

Outlander Intense PHEV 4x4

**4.890.000**

Verðlistaverð: 5.690.000

## Instyle

**Umfram Invite:**

- MME margmiðlunartæki með íslensku leiðsögukerfi
- Hiti í stýri
- 8 fjarlægðarskynjarar í fram- og afturstuðara
- LED þokuljós
- LED aðalljós
- HID aðalljós með sjálfvirkri hæðarstillingu
- Neyðarhemlun til varnar aftanákeyrslum
- Fjarlægðartengdur hraðastillir
- Akreinavari
- Vöktunarkerfi að aftan (Rear Cross Traffic Alert)
- Blindhornaviðvörun
- 360° myndavél
- Rafdrifinn afturhleri
- Rafhituð framrúða
- Rockford Fossgate 710W hljómkerfi með 9 hátölurum
- Leðursæti með rafstýringu fyrir ökumann
- Sóllúga



Outlander Instyle PHEV 4x4

**5.290.000**

Verðlistaverð: 6.190.000

Nú fer 100 ára afmælishátíð Mitsubishi að ná hámarki og því höfum við ákveðið að bjóða enn fleiri gerðir af Outlander PHEV á ótrúlegu afmælistilboði. Notaðu tækifærið og skiptu yfir í nýjan Outlander PHEV. Hann gengur bæði fyrir rafmagni og bensíni og kemur með fimm ára ábyrgð. Komdu í reynsluakstur og finndu út hvaða týpa passar þér best. Við hlökkum til að sjá þig!

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

MITSUBISHI MOTORS

FYRIR HUGSANDI FÓLK

Verð og tilboðsverð eru háð gengi erlendra gjaldmiðla á hverjum tíma og geta breyst án fyrirvara.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**
Tómasar Þórs Þórðarsonar



# Þörf á pólitískri leikgreiningu

Það er ótrúlega gaman að horfa á íþróttakappleiki, eða það finnst mér allavega. Það sem er svo stundum næstum jafngaman, og stundum enn skemmtilegra, að því mér finnst, er þegar sérfræðingar sitja svo og mala um leikinn löngum stundum eftir að honum er lokið.

Mér finnst skemmtilegt þegar sérfræðingarnir lofa einn og lasta annan og reyna að útskýra fyrir mér af hverju annað liðið tapaði og hitt vann.

Þetta er samt bara skemmtun og er í raun engin þörf á því þar sem úrslitum leiksins verður ekki breytt. Svona leikgreiningu finnst mér þó vanta í íslenska pólitík og þar finnst mér vera þörf á henni, fyrir utan að þetta er bara gott sjónvarp eða útvarp.

Auðvitað er Kaninn búinn að vera með greiningu á til dæmis kappræðum forsetaefna til margra ára þar sem hver einasta setning er greind í öreindir og farið yfir hvort frambjóðendur séu að bulla eða standa við sín gildi.

Ef við tökum til dæmis kappræður RÚV á dögunum fyrir, þá vantaði svo sannarlega greiningu eftir þær. Þarna voru tólf frambjóðendur að reyna að segja sem minnst eða bara það sem hentaði þeim. Þeir þurftu að koma miklu að á skömmum tíma.

Eftir þetta hefði verið kjörið að vera með pólitíska leikgreiningu á RÚV 2 þar sem sérfræðingar í pólitík færu yfir frammistöðu frambjóðenda og útskýrðu fyrir kjósendum hvort það sem þeir væru að segja hreinlega stæðist.

Það er auðvelt að tala bara og tala þegar enginn gagnrýnir þig nema mótherjinn. Þannig gagnrýni skilar engu en leikgreiningin gæti hjálpað fólkinu í landinu.











Sóma Veislubakkar
★ FERSKAR HUGMYNDIR ★
— FYRIR VEISLUR OG FUNDI —

**GAMLI GÓÐI**
3.980 kr.

20 bitar fyrir 5 manns
Hangikjöt, eggjasalat.
Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur.
Rækjusalat.

**EÐALBAKKI**
3.980 kr.

20 bitar fyrir 5 manns
Hangikjöt, lauksósa, salatmix.
Beikon, egg, steiktir ferskir sveppir.
Kjúklingur, rautt pestó, sýrður rjómi, paprika, salatmix.

**LÚXUSBAKKI**
3.980 kr.

20 bitar fyrir 5 manns
Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepssósa.
Kjúklingur, egg, lauksósa.
Reyktur lax, íssalat.

**PÍTUBAKKI**
3.980 kr.

24 bitar fyrir 5 manns
Tikka masala kjúklingur og íssalat.
Reykt skinka.
Eggja- og íssalat.

**PARTÝBAKKI**
4.430 kr.

20 bitar fyrir 5 manns
BBQ kjúklingur, bakaðar sætar kartöflur, spínat.
Fetaostur, rauðlaukur, spínat.
Heitreyktur lax, ferskt dill, spínat, lauksósa.

**VEISLUBAKKI**
4.430 kr.

30 bitar fyrir 5 manns
Reykt skinka, egg, íssalat.
Tikka masala kjúklingur, íssalat.
Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar, salatmix.

**ÁVAXTABAKKI**
4.430 kr.

40 - 60 bitar fyrir 5 - 8 manns
NÝTT
Mangó, ananas, melónur, vínber og fleiri góðir ávextir allt eftir árstíðum og framboði.

**DESERTBAKKI**
2.450 kr.

50 bitar fyrir 10 manns
Vatnsdeigsbollur fylltar með vanillukremi.
Kókostoppar með súkkulaði.

**KÖKUBAKKI**
3.550 kr.

24 bitar fyrir 10 manns
Súkkulaðikaka með mjúku súkkulaðikremi.
Gulrótarkaka með rjómaostakremi.
Eplakaka með kanilkeim.

Við höfum ferska og ljúffenga veislubakka með fjölbreyttum brauðréttum, tortillum, kökum og ávöxtum á boðstólum. Það er auðvelt að velja og panta á netinu og við bjóðum fría heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu ef pantaðir eru 4 bakkar eða fleiri. Athugið að panta þarf bakkana eigi síðar en kl. 15:30 næsta virka dag fyrir afhendingu.

**Pantaðu í síma 565 6000 eða á somi.is**

FERSKT Á FERÐINNI ★ FRESH TO GO

